

RAGNAR ELDON HARALDSSON

Smíðaði flugvél í frístundum

bílar ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



SVERRIR ÞÓR SVERRISSON

Tekur við af Afa á Stöð 2

þykir einstaklega krefjandi að skemmta börnum

FÓLK 62



120 1886 2006

Við eigum 120 ára afmæli í dag!



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júlí 2006 – 174. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Ræður engu um vinnutímann

Fegurðardrottningin Unnur Birna ræður ekki dagskrá sinni en er svo heppin að fá frí nú um helgina og um verslunarmannahelgina. Báðar helgarnar notar hún til að sinna hestamennsku.



FÓLK 62

Rændur af öpum

Jón Þór Þorleifsson er nýkominn heim úr svaðilför til Svasílands í Suður-Afríku þar sem hann komst í kynni við apa, ljón og fíla.



VIÐTAL 30

Spörum landvarnir

„Íslendingar eiga að horfast í augu við veruleikann og viðurkenna að engin ógn frá erlendu ríki steðjar að Íslandi og engin slík ógn er fyrirsjáanleg. Við getum brugðist við því með því að spara okkur landvarnir uns þeirra verður þörf,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16


Tvíburarnir taka við ÍA

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafa tekið við þjálfun meistaraflokks ÍA en Ólafur Þórðarson lætur af störfum eftir slakt gengi með liðið í sumar. Knattspyrnudeild ÍA ákvað að ráða Arnar og Bjarka í stað þess að fá Guðjón Þórðarson til sín, en Guðjón var tilbúinn að koma heim og taka við sínu gamla félagi.



ÍPRÓTTIR 54

VEÐRIÐ Í DAG



SMÁ SKÚRIR - Í dag verður stíf suðlæg átt austast, annars hægur af norðvestri. Skúraveður en rofar þó víða nokkuð til síðdegis og í kvöld. Hiti 8-16 stig, hlýjast austan til.

VEÐUR 4



Í FAÐMI FJÓLSKYLDUNNAR Sigurbjörn hélt upp á afmælið sitt á heimili sonar síns, Karls Sigurbjörnssonar biskups, í gærdag. Afmælisbarnið er ungt í anda og það kunna yngri meðlimir fjölskyldunnar greinilega vel að meta.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sigurbjörn Einarsson biskup er 95 ára og hélt upp á daginn með fjölskyldunni:

Áhyggjur gera ekkert gagn

TÍMAMÓT Sigurbjörn biskup Einarsson fagnaði 95 ára afmæli sínu í gær í faðmi fjölskyldu og vina. Þessi aldri kirkjuhöfðingi heldur góðri heilsu og sinnir enn hugðarfennum sínum af sama áhuga og eljusemi og hann hefur ávallt gert. Nýútkomin bók með ræðu- og prédikunarsöfnum hans er þess til sönnunar og Sigurbjörn treystir sér ekki til að lofa því að hún sé sú síðasta í langri röð, en höfundarverk hans er orðið mikið að vöxtum.

Sigurbjörn hefur á langri ævi markað djúp spor í huga þjóðar sinnar með kærleika sínum og uppörvun, bæði í ræðu og riti. Á ævikvöldi sínu stendur hann uppi sem áhrifamesti boðberi kristinnar á seinni tímum á Íslandi.

Þjóðin stendur líka í þakkarskuld við Sigurbjörn fyrir að vera framvörður íslenskrar tungu og íslensks þjóðernis í áratugi.

En hvað mótaði manninn og hvað í lífi Sigurbjörns beindi honum inn á veg kristni, trúarlífs og fræða með svo áberandi hætti? Hvernig sér hann samfélagið nú á dögum? Í Fréttablaðinu í dag deilir Sigurbjörn reynslu sinni og minningum frá langri ævi með lesendum. Hann segir frá mótunarárum sínum í fæðingarsveit sinni í Vestur-Skaftafellssýslu og áhrifavöldum þar og í Reykjavík. Hann rifjar upp skólagöngu sína hér heima og erlendis og auk þess greinir hann frá því hvernig hann sér þróun trúarlífs og kirkju á Íslandi. Erlent herlið ber á góma og jafnaðarhug-

sjón hans í samhengi við fátækt og niðurlægingu atvinnuleysis á krepptárunum í Reykjavík.

Sigurbjörn hefur alltaf haft óslökkvandi þorsta til að læra og ekki síður til þess að upplýsa. Skoðanir hans á samtímanum eiga ríkt erindi til allra aldurshópa. „Við höfum heyrt lækna og heilbrigðisstéttir tala um lífsstílsvandamál, það er að segja geðræn heilsufarsleg vandamál sem beinlínis stafa af lífsstíl. Já, hvaða lífsstíl? Óeðlilegum lífskröfum, óeðlilega frekju gagnvart lífinu og dekur við sjálfan sig, sem aldrei fer vel. Maður á heimtingu á þessu og heimtingu á hinu, en hvaða skyldum maður hefur að gegna, það er minna spurt um það og minna um það rætt.“

- shá / sjá síður 34 og 36

Stuðningur við ríkisstjórn:


Tæpur meirihluti fylgjandi

SKOÐANAKÖNNUN Tæplega 51 prósent segist styðja núverandi ríkisstjórn, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Ríkisstjórnin hefur því aðeins minni stuðning en samanlagt fylgi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, en samkvæmt könnun blaðsins sem birt var í gær sögðust 53,1 prósent myndu kjósa annan hvorn flokkinn væri boðað til kosninga nú.

Mestur er stuðningur við ríkisstjórnina á landsbyggðinni, þar sem 56,4 prósent sögðust styðja stjórnina. Meirihluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu, eða 52,9 prósent, sagðist hins vegar ekki styðja ríkisstjórnina.

- ss / sjá síðu 4

STUÐNINGUR VIÐ RÍKISSTJÓRN



Könnun Fréttablaðsins 28. júní



BÖRN MEÐ BANGSA Bandarískir leikfangaframleiðendur ætla að berjast gegn offitu barna með því að gera bangsana þyngri.

Barist gegn offitu barna:

Bangsarnir gerðir þyngri

BANDARÍKIN, AP Árum saman hafa bandarísk börn bætt á sig sífellt fleiri aukakílóum og verður þessi þróun heilbrigðiskerfinu þar í landi æ þyngri byrði.

En nú geta leikfangaframleiðendur farið að hjálpa til, því lausnin gæti falist í þyngri böngsum.

Þyngri leikföng fá börnin nefnilega til að brenna fleiri hitaeyningum við leik og gefur þeim styrkari vöðva, samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar Indínanaháskólans.

Þó bentu vísindamennirnir á að of þung leikföng gætu verið notuð sem vopn ef krílnum sinnaðist.

- smk



120 1886 2006

Þér er boðið í afmælið!

Sjá dagskrá á bls. 14-15





SPURNING DAGSINS

Össur, er Samfylkingin að brotlenda?

„Engin áhöfn kippir sér upp við smávegis hliðarvind í flugtakinu og Samfylkingarvélín á eftir að fljúga öllum fjöllum ofar - beint upp í stjórnmarráðið.“

DV hélt því fram á sínum tíma að Samfylkingin væri að brotlenda. Össur er fyrrverandi ritstjóri DV og fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar.



UMFERÐARSLYS Notkun GSM-síma við akstur eykur slyshættu til muna.

Notkun síma við akstur:

Vitað um tvö banaslys

UMFERÐ Samkvæmt könnun í kjörkassa Fréttablaðsins á Vísi.is í vikunni hafa 47 prósent þeirra sem tóku þátt sent SMS-skeyti úr síma undir stýri.

„Þetta eru sláandi tölur og gefa vissa vísbendingu um stöðuna. Það er vitað tvö banaslys á undanförunum árum sem rekja má beint til notkunar á GSM-símunum við akstur og mörg umferðaróhöpp. Okkur grunar að það sé mun meira um þetta en fram kemur, því fólk viðurkennir sjáldnast í yfirheyrslum að það hafi verið að tala í símann eða senda textaboð,“ segir Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnar- og öryggismálfulltrúi Vátryggingafélags Íslands.

VÍS hefur nú í sumar lagt sérstaka áherslu á að vara ökumenn við hættunni sem fylgir því að nota síma meðan ekið er. - öhó

Eitrunarslysið á Eskifirði:

Allir utan einn komnir heim

EITRUN Annar mannanna tveggja sem fluttir voru á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Akureyri vegna eitrunarslyssins á Eskifirði var útskrifaður í gær. Sá sem liggur enn inni var fluttur af gjörgæsludeild yfir á almenna deild í gær.

Í fyrradag var seinasti sjúklingurinn af Landspítalanum útskrifaður og liggur nú aðeins einn sjúklingur inni á sjúkrahúsi af þeim sex sem voru fluttir frá Eskifirði til Reykjavíkur og Akureyrar. Enginn þeirra sem lenti í eitrunarslysinu varð fyrir varanlegum áhrifum vegna þess og er líðan útskrifaðra sjúklinga almennt góð. - sfs

Íslandspóstur semur um laun:

Póstmenn fá launahækkun

KJARAMÁL Íslandspóstur hefur lýst því yfir að félagsmenn Póstmannafélagsins, sem fá laun samkvæmt launatöxtum í kjarasamningi Póstmannafélagsins og Íslandspósts, hækki um fimmtán þúsund krónur frá og með 1. ágúst. Starfsmennirnir fá þar með sömu hækkun og samið var um milli SA og ASÍ.

Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu segir að ákvörðunin sé tekin í anda þeirrar stefnu fyrirtækisins að hækka laun þeirra starfsmanna sem lægstu launin hafa. Yfirlýsingin var gefin á fundi með fulltrúum fyrirtækisins og stjórnarmönnum Póstmannafélagsins. - ghs

Ný lög um atvinnuleysistryggingar taka gildi í dag og fela í sér miklar breytingar:

Bæturnar verða tekjutengdar

BÆTUR Ný lög um atvinnuleysisbætur taka gildi í dag. Samkvæmt þeim eiga einstaklingar nú rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis, sem nema 70 prósent af heildarlaunum viðkomandi, en þó aldrei hærrí fjárhæð en 185.400 krónum á mánuði.

„Það er stór breyting að taka upp tekjutengdar atvinnuleysisbætur, en þær hafa ekki verið áður,“ segir Gissur Pétursson forstjóri Vinnuálastofnunar.

Í umræðum á Alþingi í apríl síðastliðnum sagði Ingvi Hrafn Óskarsson, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, að hærri bætur

myndu draga úr hvata fólks til að leita að vinnu.

„Þetta er auðvitað alltaf línudans, hvernær bótafjárhæðin fer að hafa áhrif á áhuga manna á því að fara af bótum og í hefðbundna vinnu. Flestir þeirra sem verða atvinnulausir verða að hins vegar í mjög skamman tíma og kannski bara einu sinni á starfsævinni. Þetta er gert til að fólk verði ekki fyrir hrap í tekjum meðan á atvinnu-



GISSUR PÉTURSSON forstjóri Vinnuálastofnunar.

leit stendur. Það er hins vegar okkar að tryggja að fólk sé í virkri vinnuleit og hafa eftirlit með því að svo sé,“ segir Gissur.

Þá taka í dag gildi lög um vinnuálastofnunaráæðgerðir. Markmið þeirra er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnuálastofnunum og að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuáflí í landinu. - öhó

Viðamesta liðnum var vísað frá dómi

Einum ákærulið af níttján í Baugsmálinu var vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur. Liðurinn var sá viðamesti og sneri að meintum fjársvikum Jóns Ásgeirs við sölu á Vöruveltunni. Saksóknari segir líklegt að úrskurðurinn verði kærður.

BAUGSMÁLID Fyrsta ákærulið af níttján í Baugsmálinu var vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Liðurinn er sá viðamesti í ákærinni og snýr að meintum fjársvikum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, við sölu á Vöruveltunni til Baugs árið 1999. Dómarinn synjaði kröfu verjenda um að hinum átján ákæruliðnum yrði vísað frá.

Sigurður Tómasson, saksóknari í málinu, segir úrskurðinn vissulega ekki skref í rétta átt þó ekki sé hægt að tala um vonbrigði sem slík. „Markmiðið með útgáfu ákæru er að fá dómstóla til að úrskurða um sakfellingu eða sýknu og þetta er ekki skref í rétta átt. Það er frekar líklegt að við kærum þennan úrskurð, við höfum þrjá sólarhringa til þess.“

„Þetta kemur mér ekki á óvart, ég bjóst við þessu,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs. „Eins og mál standa nú er fjarri því sönn lýsing að kalla þetta risavaxið efnahagsbrotamál. Fyrsta ákæruliðnum, kjarna málsins, hefur verið vísað frá og hinir liðirnir eru ekki á nokkurn hátt sambærilegir hinum fyrsta, þótt alvarlegir séu. Vandamálið er ekki það að ákærvaldið kunni ekki til verka, þeir eru bara að glíma við að setja saman í ákæru verknað sem er ekki refsiverður.“



GESTUR JÓNSSON

Í liðunum átján sem eftir standa eru Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, ákærðir fyrir ólögmatar lánveitingar, rangfærslur í bókhaldi og fjárdrátt vegna reksturs skemmtibátsins Thee Viking. Í einum lið er Jón Gerald Sullenberger, athafnamaður í Bandaríkjunum, ákærður fyrir útgáfu tilhæfulaus reiknings upp á sextíu milljónir króna sem reiknaðist Baugi til tekna.

Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri Baugs:

Sýnir ógöngur málsins

„Þessi niðurstaða sýnir í hvers konar ógöngum saksóknari er með málið og niðurstaðan er auðvitað jákvæðar fréttir,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, um niðurstöðu héraðsdóms í Baugsmálinu í gær.

Hann bendir á að þetta sé í annað sinn sem þessum fyrsta lið sé vísað frá. Jón Ásgeir segir að þarna hafi verið um viðskipti að ræða þar sem lá fyrir hvað Baugur væri að kaupa. „Við keyptum verslunarkeðju og borguðum það sem við áttum að borga og fengum það sem við áttum að fá. Síðan fer saksóknari að blanda einhverjum fasteignum inn í þetta sem komu þessum viðskiptum ekkert við og reynir að skjóta á eitthvert verð á þeim, án þess að teikna upp hvernig þetta er saman sett.“

Jón Ásgeir segist alltaf hafa búið við því að þessi ákæruliður félli sér í hag, þó að honum yrði ekki vísað frá



SIGURÐUR TÓMÁS MAGNÚSSON, SETTUR RÍKISSAKSÓKNARI, ÁSAMT JÓNÍ ÞÓR ÓLASYNI AÐSTOÐARMANNI SÍNUM. Segir úrskurðurinn ekki skref í rétta átt en að öllum líkindum verði hann kærður innan nokkurra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMAN

er Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, ákærðir fyrir ólögmatar lánveitingar, rangfærslur í bókhaldi og fjárdrátt vegna reksturs skemmtibátsins Thee Viking. Í einum lið er Jón Gerald Sullenberger, athafnamaður í Bandaríkjunum, ákærður fyrir útgáfu tilhæfulaus reiknings upp á sextíu milljónir króna sem reiknaðist Baugi til tekna.

Baugsmálinu er hvergi nærri lokið þó fyrsta liðnum í þessari ákæru hafi verið vísað frá dómi. Búast má við að úrskurðurinn frá því í gær verði kærður auk þess sem Jón Ásgeir var á dögnum boðaður til yfirheyrslu hjá ríkissaksóknara.

salvar@frettabladid.is

Starfsmenn IGS í Leifstöð:

Tillögur stjórnenda felldar

KJARAMÁL Starfsmenn IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifstöð, virðast ekki ætla að samþykkja þær tillögur sem fram komu á fundi stjórnenda IGS og fulltrúa starfsmanna í fyrradag.

„Ég var vongóður um að starfsmenn samþykktu þessar tillögur og ég mælti sjálfur með þeim, en þeir sem ég hef borið þær undir hafa sagt nei,“ sagði Einar Atlason talsmaður starfsmanna IGS. „Ég er ekki búinn að tala við alla starfsmenn en þessi deila virðist ætla að halda eitthvað áfram. Það eru þó engin mótmæli áformuð um helgina.“ - sfs

Jón H. Snorrason:

Úrskurðurinn breytir engu

„Hitt málið gegn Jóni Ásgeiri er óskýlt þessu að því leyti að það er



kæra skatttrannsóknarstjóra vegna ætlaðra skattsvika. Þessi úrskurður hefur ekki nokkur áhrif á það mál,“ sagði Jón H. B.

Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkissaksóknara, um það hvort úrskurðurinn í gær breytti einhverju hvað varðar nýja sakamálið gegn Jóni Ásgeiri. „Annars er Sigurður Tómas Magnússon settur ríkissaksóknari í þessu máli og því get ég lítið tjáð mig um úrskurðinn. Það er eðlilegast að hann tji sig um ákvarðanir sínar og fyrirætlanir.“ - sfs

Brynjar Níelsson:

Ósammála rökstuðningnum

„Það er engin hoppandi gleði hjá okkur yfir úrskurðinum. Mér finnst þetta þunnur rökstuðningur og rangur, ég er ósammála honum og tel að hann standist ekki,“ segir Brynjar Níelsson, lögmaður Jóns Gerald Sullenberger.

„Það er bara eins og það er, við erum ekki alltaf sammála í þessari stétt. Um frekari aðgerðir er erfitt að segja, samkvæmt lögum er synjun á frávisun ekki kæránleg til Hæstaréttar. Ég ætla samt að reyna að koma þessu í Hæstarétt með einum eða öðrum hætti og sjá hvort að slíkt ákvæði standist samkvæmt lögum.“ - sfs



INN OG ÚT ÚR DÓMSSAL Málaferli á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, hafa tekið langan tíma. Hann segir þungt í sér hljóðið en hefur ekki áhyggjur af framhaldinu.

embættismannakerfinu. Síðan hafa ákveðnir embættismenn lagt sjálfa sig að veði í málinu og með ólíkindum að þeir skyldu ekki fara þegar

málinu var vísað frá dómi á sínum tíma.“ Hann segir þá niðurstöðu hafa verið skömm fyrir embætti ríkislögreglustjóra. - hh



Garð- og
garðskálarósir
999

Trjáplöntu markaður

allt að
60%
afsláttur

Blátoppur, **799** verð áður 1190
Birkikvistur, **699** verð áður 999
Reyniviður, **899** verð áður 1149-1590
Gullregn, **1199** verð áður 1790
Blágreni, **699** verð áður 999
Garð- og garðskálarósir, **999**
verð áður 1790
Sitkagreni, **699** verð áður 999
Hansarós, **499** verð áður 899
Aspir, allt að 70 sm. **499** verð áður 749
Gljámispill, **299** verð áður 570
Birki (í 40 hólfabökkum) **1990** verð áður 2250
Loðvíðir, **299** verð áður 699



Flauelsblóm 10 stk **499**



Margaríta
599

Soldis
Silkitré & silkiplóm
ný sending
skemmtileg sumarvara
frá Ameríku


blómaval
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

GENGIÐ

GENGI GJALDMIBLA 00.0.2006

KAUP SALA

| | | |
|-----------------|---------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 76,42 | 76,78 |
| Sterlingspund | 140,24 | 140,92 |
| Evra | 97,11 | 97,65 |
| Dönsk króna | 13,016 | 13,092 |
| Norsk króna | 12,231 | 12,303 |
| Sænsk króna | 10,503 | 10,565 |
| Japanskt jen | 0,6663 | 0,6701 |
| SDR | 112,99 | 113,67 |

Gengisvísitala krónunnar
134,2338

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Elsti keppandinn á Landsmóti hestamanna er 76 ára og skemmtir sér vel:

Adrenalín flæddi á vellinum

ÍPRÓTTIR Hestamennska er sport fyrir alla fjölskylduna. Það lýsir sér kannski best í þeirri breidd sem er á aldri keppenda á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum. Þar er yngsti keppandinn rétt um níu ára en sá elsti 76 ára.

Victor Ágústsson reið í undankeppni B-flokks gæðinga á hesti sínum Geisla frá Akurgerði. Geisli var varahestur fyrir hestamannafélagið Gust og þegar sá sem kom fyrstur inn hætti við að fara ákvað Victor að ríða Geisla sínum sjálfur.

„Ég vildi ekki missa af því að komast á Landsmót því ég hef

voðalega gaman af því að keppa,“ segir Victor sem nýtir hvert tækifæri til keppni.

„Maður kveið heilmikið fyrir en þegar maður kom inn á völlinn var gamla adrenalínið í gangi og maður reyndi að láta ljós sitt skína,“ segir Victor sem komst þó ekki áfram í milliriðil. Hann er þó mjög sáttur við sína frammi-stöðu. Inntur eftir því hvort hann ætli að keppa á landsmóti aftur segist hann efast um það. „Annars finnst mér ég alls ekki of gamall til að keppa og á líka A-flokkinn eftir,“ segir hann og hlær dátt.



SÁTTUR Victor Ágústsson hefur farið á öll landsmót frá árinu 1980 en fékk nú í fyrsta sinn að spreyta sig á keppnisvellinum. Þrátt fyrir að hafa ekki komist í milliriðill er hann hestánægður með árangurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frestun vegafarmkvæmda:

Leggst illa í Vopnfirðinga

SAMGÖNGUMÁL Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að slá ýmsum framkvæmdum á frest til að slá á þenslu er gagnrýnd harðlega af hreppsnefnd Vopnafjarðar. Sömu viðbrögð komu frá Vestfjörðum.

Tenging Vopnafjarðar við þjóðveginn hefur lengi verið á döfnni og er talin forgangsverkefni í vegagerð á Austurlandi en meðal þess sem rætt hefur verið um er frestun þeirra framkvæmda enn frekar.

Skorar hreppsnefndin á stjórnvöld að endurskoða ákvörðun um niðurskurðinn og vinna áfram að verkefninu eins og áætlanir gera ráð fyrir.

- aóe



SORG Belgar eru miður sín yfir morðunum á tveimur ungum stjupsystur, en lík þeirra fundust á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barnsmorðin í Belgíu:

Telpurnar voru kyrktar

BELGÍA, AP Belgísku telpurnar tvær sem fundust látnar á miðvikudag í Belgíu eftir tæplega þriggja vikna leit, voru báðar myrtar, að sögn belgískra saksóknara. Þær voru báðar kyrktar og hafði eldri telpurni verið nauðgað fyrir dauða hennar. Líkin voru krufin á fimmtudag.

Telpurnar, sem voru sjö og tíu ára gamlar stjupsystur, hurfu úr götuveislu í Liege í Belgíu, en lík þeirra fundust í holræsi við lestareina skammt frá bænum. Einn maður situr í haldi, grunaður um aðild að málinu, en hann neitar sök.

Belgar eru harmi slegnir yfir atburðinum. - smk

Tilraunadýr á Íslandi:

Rúmlega 8.000 á síðasta ári

DÝRATILRAUNIR Hér á landi voru notuð 8.065 dýr við leyfisskyldar dýratilraunir í fyrra, samkvæmt ársskýrslu Yfirdýralæknis.

Mýs voru þar algengastar eða 3.428 og þar á eftir voru fiskar, 2.473 talsins. Athygli vekur að rúmlega tólf hundruð hross voru notuð í dýratilraunir hér á landi á síðasta ári.

Svokölluð endurnýting dýra, eða þegar dýr er notað í fleiri en eina tilraun, var í lágmarki á síðasta ári samkvæmt skýrslunni. - æpe

Helmingur styður sitjandi ríkisstjórn


Tæplega 51 prósent segist styðja núverandi ríkisstjórn undir forsæti Geirs H. Haarde sem er heldur minna en samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna. Meirihluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu styður ekki ríkisstjórnina. Mun meiri stuðningur utan höfuðborgarsvæðisins.

SKOÐANAKÖNNUN 50,8 prósent segist stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 49,2 prósent af þeim sem tóku afstöðu segjast því ekki styðja ríkisstjórnina nú í þessari fyrstu könnun Fréttablaðsins sem birt er um stuðning við ríkisstjórn eftir að Geir H. Haarde tók við sem forsætisráðherra.

Samanlagður stuðningur við ríkisstjórnarflokkana í könnun Fréttablaðsins sem birt var í gær var 53,1 prósent og því eru heldur fleiri sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokk eða Framsóknarflokk nú, en styðja samstarf þeirra í ríkisstjórn.

Mun fleiri íbúar utan höfuðborgarsvæðisins eru fylgjandi ríkisstjórninni, en á höfuðborgarsvæðinu hefur ríkisstjórnin ekki stuðning meirihluta íbúa. Á landsbyggðinni segjast 56,4 prósent íbúa styðja stjórnina, en 47,1 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins er sama sinnis. Því eru það tæplega 53 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins sem styðja ekki núverandi ríkisstjórn.

Ef skoðað er samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna tveggja segjast 54,4 prósent íbúa á landsbyggðinni myndu kjósa annaðhvort Sjálfstæðisflokk eða Framsóknarflokk. Á landsbyggðinni er því meiri stuðningur við ríkisstjórnina en við flokkana tvo sem standa að henni. Á höfuðborgarsvæðinu segjast hins vegar 52,3 prósent myndu kjósa annan hvorn ríkisstjórnarflokkinn væri boðað til kosninga nú, sem er rúmlega



fimm prósentustigum meira en stuðningur höfuðborgarbúa við núverandi ríkisstjórn.

Lítill sem enginn munur er á afstöðu karla og kvenna, en 50 prósent karlanna segjast styðja núverandi ríkisstjórn, en 50,7 prósent kvenna eru ríkisstjórninni fylgjandi. Hvort sem litíð er til karlanna eða kvenna eru þó fleiri sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokk eða Framsóknarflokk en segjast styðja ríkisstjórnina. 54,3 prósent karlanna segjast

styðja ríkisstjórnarflokkana, sem er rúmlega þremur prósentustigum meira en stuðningur karla við ríkisstjórnina. 51,8 prósent kvenna segjast styðja Sjálfstæðisflokk eða Framsóknarflokk, sem er rúmu prósentustigi meira en stuðningur kvenna við ríkisstjórnina.

Gallup spyr í hverjum mánuði um stuðning við ríkisstjórnina og í apríl og maí sögðust 48 prósent styðja ríkisstjórnina. Þrátt fyrir að um mismunandi framkvæmd á könnun sé að ræða, þá er spurningin sem spurð er í þessu tilviki mjög áþekkt og því tölurnar samberilegar. Stuðningur við ríkisstjórnina virðist því hafa aukist örlítið við það að Geir H. Haarde tók við sem forsætisráðherra.

Halldór Ásgrímsson virðist þó hafa haft örlítið meiri meðbyr þegar hann tók við sem forsætisráðherra 15. september 2004, en Geir H. Haarde hefur nú. Í septemberkönnun Gallup 2004 þar sem spurt var: „Styður þú ríkisstjórnina?“, sögðust 52 prósent aðspurðra styðja ríkisstjórnina, en í sömu könnun var samanlagt fylgi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 49 prósent. Það var því heldur meiri stuðningur við ríkisstjórnina en ríkisstjórnarflokkana þegar Halldór tók við forsætisráðuneytinu.

Hringt var í 800 kjósendur miðvikudaginn 28. júní og skiptust varendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: „Styður þú núverandi ríkisstjórn?“ 90,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Þjóðarpúls Gallup:

Samfylkingin tapar fylgi

KÖNNUN Samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup mælist Samfylkingin nú með 25 prósent fylgi og tapar fjórum prósentum frá síðasta mánuði. Þetta kom fram í fréttum Sjórnvarpsins í gær.

Er þetta svipað fylgi og Samfylkingin fékk í könnun Fréttablaðsins sem birtist í gær, en þar mædist hún með 24,2 prósent fylgi, sem er það minnsta sem flokkurinn hefur mælist með frá síðustu alþingiskosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 43 prósent fylgi samkvæmt Gallup og Vinstri græn með 19 prósent og bæta báðir töluvert við sig. Framsókn mælist með 9 prósent og Frjálslyndir með 7 prósent fylgi. - óhó



GOTT LOFT Er mikilvægt fyrir góðan námsárangur.

Rannsóknir á innilofti:

Hefur áhrif á námsárangur

NÁM Á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var á dögunum um heilsu-samlegar byggingar kom fram að loftgóðar skólaflokkar bæta námsárangur. Flestir eyða um 90 til 95 prósentum ævi sinnar innandyrna og margir eyða innan við klukkutíma utanhúss á dag.

Rósa Magnúsdóttir hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar sótti ráðstefnuna en hún segir að of hátt hitastig og hár koltvísýringur í loftinu geti valdið lakari námsárangri vegna þess að við slíkar aðstæður minnkar einbeiting nemenda. - gþp



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is



VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 24°C léttskýjað | London | 26°C léttskýjað | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Billund | 22°C hálfskýjað | Paris | 28°C léttskýjað | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Oslo | 23°C léttskýjað | Frankfurt | 29°C skýjað | Algarve | 27°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 22°C léttskýjað | Friedrichshafen | 23°C skýjað | Krít | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg | 21°C léttskýjað | Berlin | 26°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C heiðskirt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Útsala

er hafin í 115 verslunum



Nú eru verslanir Kringlunnar fullar af spennandi útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins.

Opið til 18 í dag

| | | | | |
|----------------------|--------------------|-------------------|--------------------|-------------------|
| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan



KJÖRKASSINN

Nýtir þú þér innanlandsflug?

| | |
|-----|-----|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hugsar þú um heilsuna þegar þú verslar matvöru?

Segðu skoðun þína á Vísí.is

Forseti og forsætisráðherra:

Heiðruðu konung rokksins

BANDARÍKIN, AP Opinberri kveðjuheimsókn Junichiros Koizumi, forsætisráðherra Japans, til Bandaríkjana lauk á léttari nótnum, þegar George W. Bush Bandaríkjaforseti bauð þessum japanska samherja sínum í heimsókn til Gracelands, seturs Elvis Presley.

Koizumi er mikill Elvisaðdandi og þakkaði bandarísku þjóðinni opinberlega fyrir dægurlagið Love Me Tender í lok blaðamannafundar á dögunum.

„Opinberlega er hann hér til að heimsækja forsetann, en ég veit að hápunktur heimsóknarinnar verður þegar hann vottar konunginum virðingu sína,“ lét Bush hafa eftir sér.

- kóp

Skýrsla í gögnum Baugsmáls:

Möguleg fölsun skoðuð

DÓMSMÁL Í skýrslu Price Waterhouse Coopers, sem unnin var að beiðni Gestis Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannssonar, kemur fram að hugsanlega hafi Jón Gerald Sullenberger getað breytt tölvubréfum, sem er að finna í málgögnum, og jafnvel eytt.

Þessu hefur Jón Gerald vísað á bug en í viðtali við Morgunblaðið fyrir skömmu greindi hann frá því að Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson hefðu látið eyða kerfisbundið út tölvupósti, en því hefur verið harðlega mótmælt.

Í skýrslunni kemur fram að tæplega 90 prósent tölvugagna sem lögð hafa verið fyrir í málinu, finnast einungis í einni tölvu. - mh

Sundlaugin á Eskifirði var opnuð aftur í gær eftir vandlega hreinsun:

Mætti strax aftur til vinnu

EITRUN Sundlaugin á Eskifirði var opnuð aftur í gær eftir að hafa verið tæmd og hreinsuð vandlega vegna klörgasmengunarinnar frá því á þriðjudaginn. Margir lögðu leið sína í lauginna yfir daginn og enginn beygur var í fólki vegna slyssins að sögn Andra Bergmanns Þórhallsssonar sundlaugarvarðar.

„Það er gott hljóðið í fólki og ég efast um að slysið muni draga úr sundlaugarferðum. Það eru kannski einhverjir krakkar sem eru smeykir en það líður örugglega hjá.“

Andri var einn þriggja sundlaugarvarða sem voru á vakt þegar slysið varð og fékk mestu eitrunina af þeim. Andri var seinasti maður



ANDRI BERGMANN ÞÓRHALLSSON SUNDLAUGARVÖRÐUR Fólk var byrjað að tínast í lauginna um morguninn og svo fjölgaði sundlaugargestum þegar leið á daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARDARSSON

út úr sundlaugarbyggingunni þegar hún var rýmd vegna eitrunarinnar

og andaði því að sér töluverðu af klörgasinu. „Við hlupum um allt hús og gengum úr skugga um að allir væru farnir út.“

Andri fór ekki á heilsugæsluna fyrr en einum og hálfum tíma síðar og var þá strax sendur með sjúkrahúsi til Neskaupstaðar. „Þetta var að ágerast smám saman og verstur var ég um nóttina.“

Andri segist hafa náð að halda ró sinni allan tímann og hefur enn ekki orðið var við spennufall. „Mér líður ljómandi vel núna fyrir utan smá eymsli í lungum,“ segir Andri sem mætti galvaskur til vinnu um leið og sundlaugin var opnuð á ný.

- sdg

Fannst hann vera snuðaður og reiddist

Kópavogsbúi keypti Voltaren Rapid hjá Lyfjum og heilsu áður en verðkönnun ASÍ var gerð. Honum var ekki bent á samheitalyf. Hefði hann farið í Garðs Apótek, þar sem vísað er á samheitalyf, hefði hann sparað sér 1.500 krónur.

LYFJAVERÐ „Þegar umræðan um verðkönnun ASÍ byrjaði varð ég reiður og fannst ég hafa verið snuðaður. Ég hefði getað sparað mér tæpar 1.500 krónur ef ég hefði farið í Garðs Apótek í stað Lyfja og heilsu, eða um 40 prósent,“ segir Erlendur S. Þorsteinson, reiknifráeðingur og íbúi í Kópavogi.



ERLENDUR S. ÞORSTEINSSON

Erlendur hafði ekki orðið slæmur í bakinu frá 1998 þegar hann fékk slæmt kast miðviku-daginn 7. júní. Daginn eftir fór hann til læknis á Salastöð og fékk lyfseðil. „Ég fór í Lyf og heilsu í sama húsi og fékk lyfseðilinn afgreiddan. Ekki var minnst aukateknu orði á að til væri ódýrara samheitalyf, Vostar S, ekkert fremur en að starfsmenn

FJÖGUR BENTU Á VOSTAR S

Í verðkönnun ASÍ á lyfseðilsskyldum lyfjum var farið í ellefu apótek. Af þessum ellefu apótekum bentu lyfjafræðingar í fjórum apótekum á ódýrara samheitalyf, Vostar S, þegar framvísað var lyfseðli á Voltaren Rapid. Þetta eru Árbæjarapótek, Garðs Apótek, Laugarnesapótek og Lyfjaver. Garðsapótek var ódýrast, seldi það á 900 krónur en dýrast var það í Árbæjarapóteki, kostaði þar 1.200 krónur.

Lyfja og heilsu í Hamraborg buðu starfsmönnum ASÍ samheitalyf fyrir Voltaren Rapid í verðkönnun 13. júní,“ segir Erlendur.

Könnun ASÍ sýndi að verðmunur á frumlyfi og samheitalyf með sömu verkun var allt að 69 prósent og að lyfjafræðingar sinntu ekki nógu vel þeirri skyldu sinni að benda á ódýrari samheitalyf. Erlendur reiknaði út að hann hefði getað sparað sér 1.500 krónur og fyrir þann pening er til dæmis

hægt að kaupa fimm kaffibolla á kaffihúsi eða fara tvisvar í bíó.

Erlendur hefur geymt kvittunina en ekki haft samband við Lyf og heilsu. „Það eru bara orð gegn orði,“ segir hann og mótmælir harðlega ummælum Hjaltá Sölvasonar, framkvæmdastjóra Lyfja og heilsu, í Fréttablaðinu í vikunni. Erlendur telur að lyfja-

fræðingar standi sig alls ekki nógu vel við að benda á samheitalyf og nefnir annað dæmi máli sínu til stuðnings. Nákominn ættingi hans hefur þurft að kaupa kólesteról-lækkandi lyf reglulega. Eftir könnun ASÍ var henni boðið ódýrara samheitalyf í fyrsta skipti.

„Það er miður ef svona hefur gerst,“ segir Hjalti Sölvason, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu. „Við höfum átt viðræður alla okkar leyfishafa sem stjórna okkar apótekum og brýnt fyrir þeim að bjóða samheitalyf. Við munum brýna það enn frekar fyrir þeim. Þessi umræða gerir það að verkum að viðskiptavinirnir verða enn meðvitaðri um þá valkosti sem þeir hafa í samheitalyfjum.“

ghs@frettabladid.is

KASSAKVITTUNIN

Erlendur keypti Voltaren Rapid, samkvæmt lyfseðli, í Lyfjum og heilsu í Salahverfi í Kópavogi. Lyfið kostaði þar 3.845 krónur 50 milligrömm, 100 stykki.



Lyfjafræðingar Lyfja og heilsu:

Harma viðbrögð ráðherra

LYFJAVERÐ Lyfjafræðingar Lyfja og heilsu hafa sent bréf til heilbrigðisráðherra þar sem þeir segjast telja ráðherrann hafa vegið alvarlega að starfsheildri þeirra með yfirlýsingum um lyfjaverð og þjónustu lyfjafræðinga síðustu daga og harma viðbrögð ráðherra.

Lyfjafræðingar Lyfja og heilsu „eru hluti af heilbrigðisstarfsfólki landsins og það er einsdæmi að heilbrigðisráðherra kjósi að draga í efa fagleg vinnubrögð ákveðinnar heilbrigðisstéttar,“ segir meðal annars í bréfinu.

Gagnrýni ráðherra kom í kjölfar könnunar ASÍ á verði lyfja og hverjir buðu samheitalyf.

- ghs



UPPSAGNARBRÉFUM SKILAÐ INN Félagsmenn BHM streymdu á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík í gær til að skila inn uppsagnarbréfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ríkisstarfsmenn á sambýlum:

Sögðu upp störfum í gær

KJARAMÁL Samtals rúmlega þrjátíu háskólamenntaðir starfsmenn hjá Svæðisskrifstofum málefna fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi afhentu framkvæmdastjórn svæðisskrifstofanna uppsagnarbréf sitt í gær. Á Reykjanesi skiluoðu fjórtán BHM-félagar inn uppsagnarbréfum og í Reykjavík bárust 17 uppsagnir.

Jón Heiðar Ríkarðsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, segir að magnið sé svipað og hann hafi átt von á. Rúmlega helmingur af uppsögnunum hafi komið frá stjórnendum á sambýlum. Markmiðið sé að leysa launadeiluna á næstu vikum.

- ghs

TRYGGINGASTOFNUN

Rannsókn heldur áfram Rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á fjár- og bótasvikum þjónustufulltrúa hjá Tryggingastofnun ríkisins heldur áfram. Fjórir voru handteknir fyrir í vikunni en einum þeirra hefur verið sleppt. Hinir þrjú eru enn í gæsluvarðhaldi.

Nú stendur yfir ein mesta ferðahelgi ársins og margir landsmenn á faraldsfæti:

Færeyskir dagar vel sóttir

FERDALÖG Að sögn Þóris Rúnar Geirssonar, varðstjóra lögregluunnar á Snæfellsnesi, búast menn við rúmlega sex þúsund gestum á færeyska daga í Ólafsvík. Í fyrra heimsóttu á bilinu fimm til sex þúsund manns hátíðina.

Umferðin til Ólafsvíkur fór að þyngjast um áttaleitið í gærkvöldi og var lögregla búin að auka eftirlit sitt. „Við erum búnir að setja um vegatálma þar sem flestir eru stoppaðir og beðnir um að framvísa ökuréttindum. Við tökum hart á því ef við verðum varir við að krakkar eru að nota áfengi og tökum áfengið af þeim,“ segir Þórir Rúnar.

Hvað varðar sérstakar ráðstafanir lögreglu í Ólafsvík meðan á hátíðinni stendur vegna unglingsdrykkju, segir Þórir Rúnar að almennt eftirlit verði á svæðinu og björgunarsveitin verði lögreglunni innan handar á svæðinu. „Við erum í góðu samstarfi við björgunarsveitina og þeir liðsinna okkur vel ef það eru krakkar undir áhrifum áfengis. Þeir skjóta yfir þau skjólshúsi og hafa



ÚTILEGA Búast má við að landsmenn verði á faraldsfæti um helgina. Reiknað er með um sex þúsund gestum á færeyska daga í Ólafsvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

samband við foreldra,“ segir Þórir Rúnar.

Yngvi Þórir Eysteinnsson, dag-skrágerðarmaður á Flass FM, segir unga fólkið hafa tekið stefnuna á færeyska daga í Ólafsvík. „Já það er grenilegt að færeysku dagarnir um helgina trekkja unga fólkið að, ég hef nánast bara heyrt

að fólk ætli þangað,“ segir Yngvi Þórir.

Auk færeysku daganna má búast við að fólk fjölmenni á hestamótið á Vindheimamelum, en Þórs-mörk er einnig vinsæll áfangastaður um þessa helgi. Þá er haldin útivistarhátíð háskólanema í Hallgersey um helgina.

- æpe



www.lyfja.is



Vectavir

VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSVUNNAR - ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frumum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsvunnar frá stingi eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsa hraðar, verkir minnka og smíttimi stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagastönd - Selfossi - Laugarási



TÍVOLÍ
Tívolíð hefur opnað
við Smáralind.

Útsalan
er hafin í Smáralind
15-80 % AFSLÁTTUR



ENINEM / SIA / NM22521



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hver er nýr bankastjóri Seðlabanka Íslands?
- 2 Hvaða landi landi kusu konur í fyrsta sinn í vikunni?
- 3 Hvar fer Shellmótið í fótbolta fram?

SVÖR Á Síðu 62

8

Sala Orkla Media til bresks fyrirtækis vekur umræður í Noregi:

Deilt um erlent eignarhald

NOREGUR Sala norsku fjölmiðlasamsteypunnar Orkla Media til breska fjölmiðlafyrirtækisins Mecom hefur hrundið af stað umræðu í Noregi um kosti og galla erlends eignarhalds á fjölmiðlum þar í landi.

Kåre Willoch, fyrrverandi leiðtogi Hægri flokksins, skrifaði í Aftenposten að það væri „siðferðislega forkastanlegt“ að selja Orkla Media útlendingum. Rök hans fyrir þessari afstöðu eru helst þau, að erlenda eigendur skorti þá samfélagslegu ábyrgðartilfinningu sem eigendur fjölmiðla í Noregi eigi að hafa. Þeirra hagsmunir falli ekki saman við hagsmuni norsks samfé-



ORKLA MEDIA SELT Stein Erik Hagen, stjórnarformaður Orkla ASA, á blaðamannafundi í Osló á miðvikudag, þar sem tilkynnt var um söluina til Mecom í Bretlandi.

NORDICPHOTOS/APP

lags; hagnaðarsjónarmið ráði ein för.

Uffe Gardel, blaðamaður á Berlingske Tidende - sem Orkla Media

keypti meirihlutann í fyrir nokkrum árum - svarar Willoch og sakar hann um tvöfalt siðgæði. Svipaðar áhyggjur og Willoch lýsi hafi orðið vart í Danmörku er hið erlenda, gróðamiðaða fyrirtæki Orkla Media eignaðist fjölmiðla í Danmörku. En reynslan hafi sýnt að slíkar áhyggjur hafi verið ástæðulausar. Hann segir það rétt hjá Willoch að hagnaðarmiðuð fyrirtæki beri einnig samfélagslega ábyrgð. En fyrirtæki, sem gera sér grein fyrir þessu, hvort sem eigandinn er innlendir eða erlendir, séu líklegri en til að skila hagnaði þegar til lengri tíma sé lítið en fyrirtæki sem einblína á skammtímagróða.

- aa

Samfylkingin:

Ánægð með Landsvirkjun

UMHVERFISMÁL Samfylkingin hefur sent frá sér ályktun þar sem flokkurinn fagnar því að Landsvirkjun ætli að una niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í Þjórsárveramálinu.

Héraðsdómur dæmdi á þriðjudaginn að framkvæmdirnar norðan og vestan Þjórsárvera og veituskurður í Þjórsárlón þyrftu að fara í umhverfismat og felldi þar með úr gildi úrskurð Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, um að þess þyrfti ekki.

Einnig fagnar flokkurinn nýleg- um yfirlýsingu frá umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra um stækkun friðlands Þjórsárvera.

- gþg

Talsmaður neytenda:

Kvittunum sé haldið til haga

NEYTENDUR Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, bendir neytendum á að halda til haga kvittunum ef þeir telji sig hlunnfarna í viðskiptum við lyfjaverslanir. Með þeim geti þeir sótt rétt sinn og jafnvel farið í mál.



GÍSLI TRYGGVASON

„Ég tel mikilvægt að lyfjaverslanir bregðist vel við og bæti neytendum það sem þeir kunna að hafa verið hlunnfarnir um og eigi jafnvel frumkvæði að því ef það er mögulegt,“ segir hann.

- ghs

Sprengjubeltið í Svíþjóð:

Beltið reyndist rangt tengt

SVÍÞJÓÐ, AP Sprengjubeltið sem fjarlæggt var af manni í Stokkhólmi í Svíþjóð um síðustu helgi var rangt tengt og hefði því ekki getað sprungið í loft upp, að sögn sænsks saksóknara.

Beltið var tekið af Norðmanni sem sagðist hafa verið rænt og haldið í gíslingu í þrjá daga með beltinu um sig miðjan. Hann segir mannræningjana hafa hótad að sprengja sprengjuna með aðstoð farsíma, og að hann hafi flúið frá þeim. Saksóknarinn sagðist telja mannræningjana hafa vitað hvað þeir voru að gera og hafa eingöngu ætlað að hræða manninn, en ekki sprengja hann í loft upp.

Tveir menn hafa verið handteknir í tengslum við málið, en hins þriðja er enn leitað.

- smk

Gagnrýnandi íslamstrúar varð ríkisstjórn að falli

Hollenska ríkisstjórnin hefur sagt af sér eftir þriggja ára setu vegna ágreinings um mál þingkonunnar Ayaan Hirsi Ali, sem svipt var ríkisborgararétti sínum nýverið. Sviptingin hefur verið dregin til baka, en Hirsi Ali er farin úr landi. Nú mun hollenska drottningin funda með ráðgjafa sínum og ákveða framhaldið.

HOLLAND, AP Hollenski forsætisráðherrann Jan Peter Balkenende gekk á fund Beatrix drottningar í gær og afhenti henni uppsagnarbréf samsteypustjórnar sinnar, sem setið hefur í þrjú ár. Því má búast við þingkosningum í Hollandi fyrir lok þessa árs.

Stjórnin féll á fimmtudag eftir ósætti innbyrðis um misheppnaða tilraun til að svipta fyrrum þingkonuna Ayaan Hirsi Ali ríkisborgararétti sínum, en hún er heimsfræg vegna gagnrýni sinnar á ofstækisfulla íslamstrú.

Nú mun drottningin funda með ráðgjafa sínum auk leiðtoga flokka stjórnarinnar og ákveða hvort rétt sé að heimila Balkenende að leiða minnihlutastjórn um stund, eða hvort ákveða beri dagsetningu fyrir nýjar þingkosningar eins skjótt og unnt er.

Stjórnmalameinn úr öllum flokkum hófu kosningabaráttu sína strax eftir tilkynningu Balkenende á fimmtudag og sögðu leiðtogar annarra flokka Balkenende ófær- an um að leiða stjórn, þar sem honum tókst ekki að halda þessari saman eftir ágreininginn sem upp



AF FUNDI DROTTNINGAR Hollenski forsætisráðherrann, Jan Peter Balkenende, kemur af fundi Beatrix drottningar í gær, þar sem hann færði henni uppsagnarbréf ríkisstjórnar sinnar. Stjórnin féll á fimmtudag, eftir ágreining um misheppnaða tilraun til að svipta þingkonuna Ayaan Hirsi Ali ríkisborgararétti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kom um ákvörðun Ritu Verdonk um að svipta Hirsi Ali ríkisborgararétti sínum.

Balkenende tók ákvörðun sína eftir að ráðherra minnsta flokks þriggja-flokka samsteypustjórnarinnar, D-66, sagði af sér á fimmtudag í mótmælaskyni við Verdonk, sem hefur neitað að segja af sér.

Verdonk er bæði vinsælasti og mest umdeildi ráðherra í stjórn Balkenende. Lagabreytingar hennar varðandi innflytjendamálf hafa verið gagnrýndar mjög af mannréttindasamtökum, en þjóðernissinnaðir Hollendingar, sem kenna innflytjendum um mörg vandamál Hollands, hafa klappað



RITA VERDONK



JAN PETER BALKENENDE

henni lof í löfa. Hirsi Ali, sem er af sömölskum uppruna, skrifaði handrit að kvikmynd sem fjallaði um meðferð á konum undir íslamstrú, sem varð til þess að ungur ofstækisfullur múslimi myrta Theo Van Gogh, árið 2004. Hirsi Ali hefur sjálf verið undir lögregluvernd árum saman vegna morðhótana.

Í maí ákvað Verdonk að svipta Hirsi Ali ríkisborgararétti sínum því við komuna til Hollands árið 1992 gaf hún upp rangt nafn og fæðingarár, að sögn vegna ótta við fjölskyldu sína.

Eftir mikil mótmæli á alþjóðavettvangi, dró Verdonk sviptinguna til baka á þriðjudag, en neitaði jafnframt að segja af sér.

Hirsi Ali hefur sagt af sér þingmennsku og flust til Bandaríkjanna.

smk@frettabladid.is



Hagstæðustu kaupin

Hinn eini sanni íslenski **DALA FETA** nú fáanlegur á **TVENNUTILBOÐI** í næstu verslun.

Einnig með tómötum og olífum!



Engir hámarkstaxtar leigubifreiða lengur í gildi:

Engar breytingar gerðar á gjaldskrá

SAMGÖNGUMÁL „Viðskiptavinir Hreyfils geta gengið út frá því sem vísu að engar breytingar verða á gjaldskrá okkar frá því sem verið hefur,“ sagði Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils.

Á miðnætti í nótt féll úr gildi sá tveggja mánaða frestur er Samkeppniseftirlitið veitti leigubílastöðvum eftir að sú ákvörðun var tekin að afnema hámarkstaxta leigubifreiða en fáir virðast vita hvað við tekur. Hjá Hreyfli var sótt um undanþágu fyrir allnokkru til að setja áfram hámarkstaxta eins og verið hefur á þeirri stöð og veitti Samkeppniseftirlitið stöðinni undanþágu seinnipartinn í gær.

Sæmundur segir að viðskiptavinir geti andað rólega. „Taxtarinn verða áfram í gildi og sama verði gildir og verið hefur undanfarið. Bílstjórar okkar verða áfram með mæla sína og þeir hafa engar heimildir til að víkja frá þeirri gjaldskrá.“



TAXTINN GILDIR ÁFRAM Bílstjórar sem krefjast hærri greiðslu en mælir segir til um eru að brjóta stöðvarreglur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður það sama uppi á teningnum hjá öðrum leigubílastöðvum fyrst um sinn.

- aðe

Útsalán

í fullum gangi

30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.



Vorum að bæta við vörum á markaðinn. Aðeins 4 verð!

UPPHAFLEGT VERÐ

VERÐ NÚ

~~999-1.299~~ KR.

250 KR.

~~1.499-1.999~~ KR.

500 KR.

~~2.499-2.999~~ KR.

750 KR.

~~3.499-4.999~~ KR.

1.000 KR.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



MEÐ HUNDINN ÚTI AÐ SYNDA Hundarnir þurfa víst sína æfingu, hvort sem næsta nágrenni er allt á floti eður ei. Þessi bandaríska kona skellti sér því bara í stuttboxur og fór með hundinn sinn út að synða í Filadelfíu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný reglugerð landbúnaðarráðuneytisins um lækku og afnám fódurtolla:

Lækka um 50 milljónir á ári

LANDBÚNAÐUR Fódurtollar verða afnumdir á hráefni til fódurgerðar og tollur á fullbúnar fódurblöndur lækkar um helming samkvæmt nýrri reglugerð landbúnaðarráðuneytisins. Breytingin tekur gildi 1. júlí.

Tollar á fódri munu lækka um 50 milljónir króna á ári við þessa breytingu og mun það hafa áhrif til samsvarandi lækkunar á rekstrarbætur þeirra búa sem háð eru erlendu kjarnfóðri að því er kemur fram í tilkynningu frá landbúnaðarráðuneytinu.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir þetta í samræmi við ályktun



HARALDUR BENEDIKTSSON, FORMAÐUR BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS Segist sáttur við þessa nýju reglugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

síðasta Búnaðarþings. „Þetta er búið að vera baráttumál kúabænda

um nokkurt skeið.“ Að sögn Haralds er ályktunin málamíðun tveggja sjónarmiða. „Þessum tollum hefur verið ráðstafað aftur til bændanna í gegnum þróunar- og rannsóknarfé. „Svinabændur vilja taka það af sínum tekjum í kjölfarið á þessari breytingu og það á væntanlega einnig við um kúabændur.“ Halldór ítrekar einnig að um samningsverðmæti í milli-rikkjaviðskiptum sé að ræða. „Þannig að einhliða niðurfelling eða lækku er kannski ekki alltaf góð. En þetta var niðurstaða Búnaðarþings og meiri samkeppni á fódurmarkaði er vissulega æskileg.“ - sðg

HB Grandi á Akranesi:

Tveimur sagt upp störfum

ATVINNUMÁL Aðeins einn starfsmaður er eftir hjá sildarbræðslu HB Grandi á Akranesi eftir að tveir starfsmenn fengu uppsagnarbréf á fimmtudaginn.

Nýlega var tilkynnt um lengstu sumarlokun verksmiðjunnar frá upphafi og nú þykir syrta enn í állinn fyrir fyrirtækið sem hefur verið einn helsti máttarstólpi atvinnulífs á Akranesi frá árinu 1906. Gagnrýnda margir sameiningu HB og Grandi á sínum tíma en þá störfuðu 25 manns hjá fyrirtækinu og telur formaður Verkalýðsfélags Akranesi að um 60 störf hafi tapast í heild hjá fyrirtækinu eftir sameininguna. - aðe



JUNICHIRO KOIZUMI OG GEORGE W. BUSH Stílltu sér upp fyrir fundinn í Hvíta húsinu á fimmtudag og lofuðu góða samvinnu sína gegnum árin. NORDICPHOTOS/AFP

Bush og Koizumi opinskáir:

Tilraunaskot „óásættanlegt“

BANDARÍKIN, AP Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, og George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, hittust á fimmtudag og voruðu Norður-Kóreumenn við því að skjóta langdrægri eldflaug á loft í tilraunaskyni. Hótaði Koizumi Norður-Kóreumönnum „ýmsum þrýstingi“ ef af skotinu yrði, án þess að útskýra orð sín nánar. Bush sagði að mögulegar tilraunir með eldflaugar í Norður-Kóreu væru „óásættanlegar“.

Enn er ekkert vitað um hvort Norður-Kóreumenn hafa í hyggju að gera tilraun með að skjóta eldflauginni á loft eða ekki, en orðrómur er uppi um að þeir hafi fyllt hana með eldsneyti. - kóp

Skemmtiferðaskipin full af Þjóðverjum

Pau verða tæp áttatíu, skemmtiferðaskipin sem koma til Reykjavíkur í sumar. Þjóðverjar eru fjölmennastir í hópi farþega sem koma sjóleiðis til Íslands.

SKEMMTIFERÐASKIP Í sumar koma tæplega áttatíu skemmtiferðaskip að höfn í Reykjavík, en langflesta þeirra skipa sem koma til landsins eiga viðkomu þar. Í fyrra komu um 55.000 manns með skemmtiferðaskipum til landsins og er búist við að talan verði enn hærri í ár.

Ágúst Ágústsson, markaðs- stjórnari hjá Faxaflóahöfn, segir flesta koma frá Þýskalandi, en í fyrra kom tæplega helmingur allra farþega þaðan. „Ég held að það sé vegna þess að þeir komast hvernig almennilega í sjó í heimalandinu, svo heillar norðrið þá líka mikið. Skipin heimsækja oft Bergen auk Íslands og sigla svo suður norsku strandlengjuna,“ segir Ágúst um mögulegar ástæður fyrir þessum mikla áhuga Þjóðverja á Íslandi.

Algengt er að skemmtiferðaskipin heimsæki Akureyri, Ísafjörð, Grundarfjörð eða Vestmannaeyjar auk Reykjavíkur. Ekki geta þó allar hafnir tekið við öllum skipum vegna dýptar- og stærðartakmarkana. „Flestir sem koma að bryggju hérna í Reykja-



SKEMMTIFERÐASKIPIÐ GRAND PRINCESS Algengir viðkomustaðir skemmtiferðaskipa á Íslandi eru Reykjavík, Akureyri, Grundarfjörður, Ísafjörður og Vestmannaeyjar.

vík vilja vera á Hafnarbakkanum, sem næst miðbænum, en þar getum við bara tekið á móti ákveðið löngum skipum. Á fimmtudaginn vorum við að opna nýjan hafnarbakka í Sundahöfn sem nefnist Skarfabakki, þar getum við tekið á móti öllum þeim skipum sem koma í sumar.“

Star Princess er fjölmennasta skipið sem kemur til landsins í sumar, en það rúmar um 2.600 manns auk 1.200 manna áhafnar. Það kemur við hér á landi í sept-

ember á leið sinni frá Evrópu til Ameríku, en farþegarnir eru flestir frá Bandaríkjunum. „Það er ekki óalgengt að það sé einn í áhöfn um hverja tvo farþega á svona lúxusskipum, enda eru þessar ferðir ekki ódýrar,“ segir Ágúst um áhafnarfjöldann. Dæmi eru um að vikuféð í svítu kosti upp undir milljón.

Öryggi vegna skipakoma var stóraukið í júlí í fyrra þegar hertar reglur um eftirlit og gæslu við hafnir tóku gildi. salvar@frettabladid.is



ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR Fleiri hundar voru fluttir inn hingað til lands í fyrra heldur en árið áður.

Ársskýrsla Yfirdýralæknis: Fleiri hundar fluttir inn

DÝRAINNFLUTNINGUR Innflutningur hunda og katta hingað til lands árið 2005 jókst töluvert frá árinu áður. Alls voru fluttir inn 166 hundar og 31 köttur frá 25 löndum.

Hundarnir sem voru fluttir inn á síðasta ári voru af 65 mismunandi hundategundum. Algengustu hundategundirnar voru labrador, golden retriever og þýskur fjárhundur.

Húskettir voru algengastir meðal innfluttra katta. - æþe



TONY BLAIR OG BERTIE AHERN Forsætisráðherrarnir hittust í Stormont-þinghúsinu í Belfast, Norður-Írlandi, á fimmtudag. NORDICPHOTOS/AFP

Blair og Ahern langþeyttir:

Setja Norður-Írum afarkosti

NORÐUR-ÍRLAND, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, þrýsti mjög á stríðandi fylkingar á norður-írsku löggjafarsamkundunni á fimmtudag og hótaði að loka henni með öllu, náist ekki að koma á langþráðu samstarfi milli kaþólskra lýðveldissinna og sambandsinnaðra mótmælenda fyrir 24. nóvember næstkomandi.

Blair tilkynnti um þetta á sameiginlegum blaðamannafundi með Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands.

Niðurstaða fundarins var sú að sambandssinnar og lýðveldissinnar ættu að hefja samvinnu í fullri alvöru og mynda samstjórn Norður-Írlands. - kóp

UTANRÍKISMÁL

Sendiherra í Túnis Svavar Gestsson afhenti í vikunni forseta lýðveldis Túnis trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands þar í landi. Ræddi hann í framhaldinu við þarlenda ráðamenn um frambod Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna auk annarra mála.

KÍNA

37 farast í flóðum Minnst 37 manns hafa farist í gifurlegum flóðum í suður- og suðvesturhluta Kína og yfir 2.500 heimili eru ónýt, að sögn kínverskra yfirvalda. Miklar samarringar þann 12. og 13. júní ullu flóðunum. Óttast er um aðdrif 21 manns.

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Banki allra landsmanna í 120 ár

Landsbanki Íslands var stofnaður 1. júlí 1886 og fagnar því 120 ára afmæli sínu í dag. Landsbankinn er elsti banki landsins með 120 ára samfellda sögu. Bankinn hefur þróast verulega frá því að hann var opinn tvisvar í viku í Bakarabrekku (síðar Bankastræti) og allir starfsmenn hans unnu í hjáverkum. Hann varð þjóðbanki með einkarétt á seðlaútgáfu en síðan öflugur viðskiptabanki í eigu ríkisins, sá stærsti á landinu. Frá 1997 hefur Landsbankinn verið hlutafélag og er nú alfarið í einkaeign.

Saga Landsbankans er rækilega samtvinnuð lífi og starfi Íslendinga því bankinn hefur markað dýpri spor í sögu þjóðarinnar en flest önnur fyrirtæki landsins. Upphaflegt hlutverk Landsbankans var að auka peningaviðskipti landsmanna og efla atvinnuvegina. Í 120 ár hefur bankinn staðið vörð um þetta markmið.

Landsbankinn hefur frá upphafi verið burðarás í atvinnu- og menningarlífi landsmanna. Bankinn hefur metnaðarfull markmið um að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu í samfélaginu því hann vill – nú sem endra nær – skipta máli.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.475 +0,83% Fjöldi viðskipta: 394
Velta: 6.309 milljónir

MESTA HÆKKUN

Alfesca 2,56%
Vinnslustöðin 2,35%
KB banki 2,28%

MESTA LÆKKUN

Straumur-Burðarás 2,78%
Mosaic 1,24%
Avion 0,92%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Activis 63,20 +1,45% ... Alfesca 4,00 +2,56% ... Atorka 6,20 +0,00% ... Avion Group 32,40 -0,92% ... Bakkavör 44,90 +2,28% ... Dagsbrún 5,78 +1,23% ... FL Group 17,10 +0,00% ... Glitnir 17,80 +0,57% ... KB banki 740,00 +2,35% ... Landsbankinn 20,20 +0,00% ... Marel 70,60 +0,43% ... Mosaic Fashions 15,90 -1,24% ... Straumur-Burðarás 17,50 -2,78% ... Össur 17,50 -2,78%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Með fimmtung í Royal Unibrew

FL Group hefur aukði hlut sinn í danska drykkjaframleiðandanum Royal Unibrew um fimm prósent og fer nú með fimmtung hlutfjár í félaginu.



Royal Unibrew er annar stærsti framleiðandi sinnar tegundar á Norðurlöndunum með verksmiðjur í fjórum löndum. Um 2.300 manns starfa fyrir samstæðuna. Hlutur FL Group er metinn á rúma 10,5 milljarða króna.

TDC ofrukka viðskiptavinum sína

TDC, sem áður var Danski landssíminn, hefur í um fimm ár tvírúkað notendur um ákveðin gjöld að því er danska Þóst- og fjarskiptastofnunin segir. Í frétt Jyllandsposten kemur fram að stofnunin hafi átalíði fyrirtækið fyrir að rukka notendur bæði fyrir leigu á fasttengingu síma og fyrir breiðbandstengingu, jafnvel þótt báðar tengingar séu á sömu símalínu. Kemst stofnunin að þeirri niðurstöðu að TDC hafi á ári hverju ofrukkað notendur um sem nemur 250 milljónir danskra króna, eða sem nemur 3,25 milljörðum íslenskra króna.



MARKAÐSPUNKTAR

Vörur voru fluttar út fyrir tæpa 24 milljarða króna í síðasta mánuði en til landsins fyrir tæpa 35 milljarða. Vöruskiptajöfnuður í mánuðinum er því óhagstæður um 11 milljarða króna og hefur aldrei verið meiri.

Íbúðalánasjóður hefur í kjölfar útboðs á íbúðabréfum ákveðið að útlánsvextir íbúðalána sjóðsins hækki um 0,10 prósent og verði 4,95 prósent. Lán með sérstöku uppgreiðsluálagi verða með 0,25 prósent lægri vöxtum eða 4,70 prósent.

Tap af rekstri Avion nam rúmum 4,7 milljörðum króna eftir skatta á öðrum rekstrarfjórðungi og rúmum 5,5 milljörðum króna á fyrri helmingi rekstrarársins. Þetta er í takt við væntingar stjórnenda fyrirtækisins, að sögn greiningardeildar Glitnis.

Þrýst á hærri vexti

Mervyn King, seðlabankastjóri Englands, sagði á fundi með breskum þingmönnum í Bretlandi á fimmtudag að hættan sem stafar af verðbólguhækkunum á heimsvísu hafi skapað óvissu í efnahagslífi margra landa.

King sagði seðlabanka víða um heim undir þrýstingi að hækka stýrivexti en bætti við að Ben Bernanke, kollegi hans í Bandaríkjunum, væri í sérstaklega erfíðri stöðu þar sem verðbólga hefði aukist þar í landi þrátt fyrir minni eftirspurn á innanlandsmarkaði.

Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti um 25 punkta í fyrradag og standa þeir nú í 5,25

prósentum. Þetta er 17. stýrivaxtahækkunin í Bandaríkjunum en Bernanke gaf í skyn að hækkananferlið yrði senn á enda.

Fjármálasérfræðingar spá sömuleiðis hækkun stýrivaxta í Japan um miðjan næsta mánuð en stýrivextir þar í landi hafa staðið í 0 prósentum síðastliðin fimm ár. Toshihiko Fukui, seðlabankastjóri Japans, segir hins vegar að bankinn muni ekki hækka stýrivexti fyrr en í fyrsta lagi í ágúst eða september.

Fátt bendir til að Englandsbanki hækki stýrivexti sína á næstunni, sem hafa staðið í 4,5 prósentum í 10 mánuði.

PLIVA biður hluthafa að halda að sér höndum

Actavis og ameríski lyfjarisinn Barr slást um króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA. Barr hefur hækkað boð sitt og Actavis reynir fjandsamlega yfirtöku. PLIVA segir að leggja þurfi yfir tilboðin á ný því á báðum geti verið fletir sem varði við samkeppnislög í Bandaríkjunum.

Actavis og ameríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals bístast enn um samheitalyfjafyrirtækið PLIVA. Á fimmtudag lagði Actavis fram nýtt boð í fyrirtækið og upplýsti að það réði þegar með beinum og óbeinum hætti yfir 20,4 prósentum hlutfjár í fyrirtækinu. Barr svaraði svo með herra gagnaþilboði í gær, alls 755 króatískum kúnum á móti 735 kúna tilboði Actavis fyrir hvern hlut. Áður hafði stjórn PLIVA sagst styðja fyrra tilboð Barr.

Mat sérfræðinga er að með því að tryggja sér fimmtungshlut í PLIVA sé Actavis í mjög sterkri stöðu í baráttunni um fyrirtækið. „Þar sem ólíklegt er að Króatíska ríkið (sem á um 20 prósent í félaginu) taki afstöðu með öðrum hvorum aðilanum sést að um 40 prósent af atkvæðum munu ekki falla Barr í skaut,“ bendir greiningardeild Kaupþings banka á og segir ljóst



HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA Í ZAGREB Í KRÓATÍU Ameríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals hækkaði enn boð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið PLIVA í gær til að bregðast við hækkuðu boði frá Actavis. MYND/PLIVA

RÓBERT WESSMAN

að til að af yfirtöku Barr geti orðið þurfi fyrirtækið stuðning nánast allra eigna núverandi útstandandi hluta. Samkvæmt upplýsingum Actavis samsvarar 735 kúna tilboð fyrirtækisins fyrir hvern hlut í PLIVA því að boðnir séu rúmlega 170 milljarðar króna fyrir fyrirtækið. Þá segir Actavis af fjármögnun á kaupnum sé frágengin og í umsón bankanna JP Morgan, HSBC og UBS. Tilboðið var sett fram án fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirlvalda. „Við höfum enn mikinn áhuga á að eiga PLIVA að fullu og mynda þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. Við vonumst til að fá formleg viðbrögð frá stjórn PLIVA við tilboði okkar og í kjölfarið að fá tækifæri til að leggja fram formlegt yfirtökutilboð til hluthafa PLIVA,“ segir Róbert

Wessman, forstjóri Actavis, en þar á bæ voru menn enn að meta upp komna stöðu í gærkvöldi.

Stjórn PLIVA biður hins vegar hluthafa að bíða rólega því bæði tilboð Actavis og Barr feli í sér mál sem kalli á aðkomu og álit samkeppnisyfirlvalda í Bandaríkjunum og að tilraun til að ljúka kaupum á fyrirtækinu áður en leyst hefði verið úr málum bryti í bága við samkeppnislög þar.

Þá áréttar PLIVA að samkvæmt króatískum yfirtökulögum beri hverjum þeim sem nær beinum eða óbeinum yfirtökum yfir 25 prósentum hlutfjár eða meiru í skræðu fyrirtæki að tilkynna það þegar til þar til bærra yfirlvalda og leggja strax fram lögbundið yfirtökutilboð til annarra hluthafa. olkr@frettabladid.is

Forstjóri FL Group furðar sig á stjórn LV

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, furðar sig á vinnubrögðum stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) sem hefur opinberlega auglýst fimm prósent hlut sinn til sölu. „Ég fæ ekki með nokkru móti séð hvernig þetta þjónar hagsmunum hluthafa og hagsmunum sjóðsfélaga að senda tölvupóst út um allan bæ og bjóða hlutinn með þeim hætti.“ Að hans mati er aðferðin, sem beitt er við sölu, til þess fallin að setja þrýsting á aðra hluthafa og vekja upp deilur meðal þeirra.

Hannes leggur á það áherslu að FL Group, sem heldur utan um 26 prósent hlut í Straumi, skipti sér ekkert af þeim atökum sem áttu sér stað innan stjórnar Straums og vill hann einhenda sér í það efla

fjárfestingarbankann í góðri samvinnu við aðra hluthafa. „Þessi aðferðafræði sem sjóðurinn beitir lýsir móðursýki. Hún þjónar engum tilgangi.“

Hlutabréf í Straumi-Burðarási lækkuðu í gær um 2,78 prósent og enduðu í 17,5 krónum á hlut. Meðal seljenda var Samherji, sem seldi fyrir 1,8 milljarða króna, en ekki hefur fengið upp gefið hver keypti hlutinn.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um sölu á hlut sjóðsins í Straumi og mun stórn taka ákvörðun um framhaldið á grundvelli hagsmuna sjóðsfélaga eins og ávallt. Sjóðurinn fer með 4,3 prósent hlut.



HANNES SMÁRASON

Stjórn HB Granda verst yfirtökuhættu

Stjórn HB Granda hefur óskað eftir því að bréf félagsins verði afskráð af Aðallista Kauphallarinnar og skráð á nýja iSEC-markaðinn. Þetta gerir stjórnin til að varna því að félagið verði tekið af markaði og leyst upp. Vísar stjórnin til greiningar sem Landsbankinn gaf út á dögnum um að „... hluthafar HB Granda yrðu betur staddir í dag ef fyrirtækið yrði leyst upp og eignir þess seldar heldur en að halda áfram óbreyttum rekstri“.

Vogun, Fiskveiðahlutfélagið Venus og Hampiðjan fara saman með 44,48 prósent hlutfjár og eru talin hafa með sér samstarf um stjórnun félagsins en stjórnarmenn koma allir úr röðum þessara félaga. Félagin eru hins vegar ekki yfirtökuskýld.

Næststærsti hluthafinn í HB Granda er KB banki með tæp 24 prósent hlutfjár en bankinn hefur bætt stöðu sína verulega á undanförunum misserum og nánast verið einn á kauphlíðinni. Þykir það benda til þess að KB banki vilji hugsanlega taka yfir



ENGEY, FLAGGSKIP HB GRANDA Stjórnin vill vera áfram á Aðallista en aðstæður gera henni það ekki kleift.

félagið. Ekki náðist í Hreiðar Mú Sigurðsson, forstjóra KB banka.

„Við höfum áhuga á að vera á markaði,“ sagði Kristján Loftsson, stjórnarmaður í Granda, en vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Minni kröfur eru gerðar til útgefenda þar sem ákvæði yfirtökulaga eiga ekki við á iSEC-markaðnum auk þess sem engar kröfur eru gerðar um fjölda hluthafa. Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöll Íslands uppfyllir HB Grandi öll skilyrði um skráningu á Aðallista.

Tuttugufaldast í virði á einu ári

Meirihluti í Avion Aircraft, dótturfélagi Avion, verður seldur á næstunni.

Avion Group selur að öllum líkindum yfir meirihluta hlutfjár í dótturfélaginu Avion Aircraft Trading á næstu dögum. Eftir af söluverð er ljóst að gríðarlegur söluhagnaður fellur til, enda er allt félagið metið á 7,5 milljarða króna (100 milljarða dala) en bókfært verðmæti bara brot af matsvirði, eða 375 milljónir króna. Avion Aircraft Trading er félag sem var stofnað fyrir tæpu einu ári utan um kaup og sölu flugvéla af öllum gerðum en heildareignir félagsins í flugvélu eru yfir tveir milljarðar dala.

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, segir að hlutirnir gerist hratt í heimi flugvélaflárfestinga og með sölu hlutarins hagnist félagið um 3,6 milljarða við sölu og eigi enn eftir verðmætan hlut. Jafnframt er ljóst að miklar eignir fara út úr efnahagsreikningi sem eru bundnar í þessu félagi.

Heilt yfir er Magnús ánægður með afkomu félagsins á fyrstu sex mánuðum reikningsársins. Gangi salan á Avion Aircraft eftir



MAGNÚS ÞORSTEINSSON, AVION GROUP Félagið stefnir að því að selja helming eignarhlutar síns flugflárfestingafélags með vænum söluhagnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

er ljóst að áætlanir félagsins á árinu breytast til hins betra. „Við erum í finum vexti með þær ein-

ingar sem við erum með. Avion er sérhæft félag á sviði flutninga og við höldum okkur við það.“ Dótturfélagið Excel Airways er að fara í gegnum sitt stærsta sumar frá upphafi og Eimskip hefur á dagskránni að fjór- til fimmfalda veltu á næstu árum.

Á fyrstu sex mánuðum ársins tapaði Avion Group 5,4 milljörðum króna á tímabilinu en hafa ber í huga að stórar árstíðarsveiflur eru í rekstri félagsins; allur hagnaður félagsins myndast til að mynda á seinni hluta ársins. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarvelta félagsins nemi tæpum 160 milljörðum króna á árinu og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði 12,3 milljarðar króna.

Félagið ákvað að bakfæra samninga Excel Airways við Alpha Airports Group um 750 milljónir króna vegna ágreinings sem stendur um bókhaldslega meðferð samningsins. Þessi varððarfærsla mun ekki hafa áhrif á sjóðsstöðu eða áætlanir félagsins.

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Hann á
afmæli í dag!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍÐIS LÍF 33242 06/2006



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Afmælishátíð um allt

Þér og þjóðinni allri er boðið í 120 ára afmælisveislu Landsbankans í dag 1. júlí. Hvort sem þú verður í höfuðstaðnum eða á ferðalagi um landið þarftu ekki að missa af afmælinu því við höldum upp á það með samræmdu sniði í miðborg Reykjavíkur og við 13 útibú víðs vegar um landið. Um er að ræða fjölskylduhátíð með fjölbreyttum skemmtiatriðum, veitingum, risafótboltum og gjöfum.

Hátíðardagskrá í miðborginni

12.00 Afmælishátíðin hefst

- Framtíðarskipulag miðborgarinnar ásamt líkani Ólafs Elíassonar sýnt á Lækjartorgi
- Leiktækjaland og hoppkastalar fyrir börnin
- Fótboltaleikir með risafótboltum á Austurvelli
- Götuleikhús víðs vegar um hátíðarsvæðið
- Andlitsmálun

12.30 Afmælisveitingar fyrir alla

- 120 m² afmælisbaka í Austurstræti
- Pylsur á Austurvelli
- Drykkjarföng við allra hæfi

13.00 Dagskrá hefst á Ingólfstorgi

- Ávarp Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs.
- Ávarp Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarstjóra Reykjavíkur.
- Kvinnakór Reykjavíkur og barnakór syngja afmælissönginn – samtímis syngja kórar við útibú Landsbankans á landsbyggðinni.

13.30 Tónlistarveisla

- Sproti tekur lagið með Felix Bergssyni, veislustjóra.
- Brot úr 120 ára dægurlagasögu Íslands. Stórsveit Kjartans Valdemarssonar ásamt mörgum af okkar ástsælustu söngvurum: Jónsi, Raggi Bjarna, Sigga Beinteins, Bergþór Pálsson, Hera Hjartardóttir, Sverrir Bergmann og Halla Vilhjálms.

- **NYLON** flokkurinn kemur heim frá Bretlandi og flytur sín þekktustu lög.

15.00 Listamenn og leikmenn í Landsbankadeildinni sparka fótboltum til áhorfenda.


15.15 Lúðrasveitin Svanur ásamt þýskri lúðrahljómsveit.

Afmælið heldur áfram í miðbænum!

- Götuleikhús og leiktæki
- Fótbolti á Austurvelli með risaboltum
- Afmælisbaka og pylsur fyrir alla

17.00 Dagskrárlök

- 1 RISA afmælisbaka í Austurstræti. 120 fermetrar!
 - 2 Tónlistarveisla á Ingólfstorgi
 - 3 Fótboltavöllur á Austurvelli, afmælisgestir fá að spreyta sig með RISA fótbolta
 - 4 Pylsur fyrir alla
 - 5 Hoppkastalar og leiktæki
 - 6 Sýning á fyrirhuguðu tónlistar- og ráðstefnuhúsi/hóтели
- 😊 Andlitsmálun og götuleikhús á ferð um svæðið
- ! Leiksvæði fyrir börn sem verða viðskila við foreldra



Kort af hátíðarsvæði Landsbankans í Reykjavík

land í dag!



Helstu dagskráratriði á landsbyggðinni

- 1 Keflavík**
Bríet Sunna úr Idolinu
Hljómsveitin *hjálmar*
- 2 Akranes**
Stebbi Hilmars tekur lagið
Kári Steinn og Bjarki, leikmenn ÍA, stjórna
RISA fótboltaleik
- 3 Ólafsvík**
Söngduettinn Tveir á milli flytur lög
og börn úr Tónlistarskóla Snæfellsbæjar syngja
Hattur og Fattur mæta á svæðið
- 4 Ísafjörður**
Baldur Geirmundsson harmónikuleikari
Atriði úr Dimmalimm
Fjöllistahópurinn Morrinn
- 5 Skagaströnd**
Eygló Amalía Valdimarsdóttir flytur lög
og Jón Ólafur og Hugrún spila á gítar og fiðlu
Púttkeppni
- 6 Sauðárkrókur**
Geirmundur Valtýsson
Harmónikuleikur
- 7 Akureyri**
Snorri Idolstjarna og Vignir Snær
Birgitta Haukdal
- 8 Húsavík**
Tónlistaratriði frá Tónlistarsmiðjunni. Unglingar
á aldrinum 13–18 ára syngja lög undir stjórn
Önnu Soffiu Halldórsdóttur og Elvars Bragasonar.
- 9 Egilsstaðir**
Hljómsveitin Ísafold
Tinna Björk úr Idolinu og Hafþór troða upp
Hljómsveit Einars Braga, Bjartar og Helga leika og syngja
- 10 Reyðarfjörður**
Sigfús Ólafur úr Idolinu og Benedikt syngja og spila
Svanhvít, Bergey og Díana taka lagið
- 11 Hornafjörður**
Tónlistarflutningur undir stjórn Jóhanns Moroveks
Kassabílarallý undir stjórn Gunnars Helgasonar
og Bárðar úr Stundinni okkar
- 12 Hvolsvöllur**
Trillurnar sjá um tónlistar- og skemmtiatriði
Fjöldasöngur
Barna Idol-keppni
- 13 Selfoss**
Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar taka lagið
Halla Dröfn Jónsdóttir syngur lög
Fimleikasýning frá Fimleikadeild
Ungmennafélags Selfoss
Götuleikhúsið

Á öllum hátíðum verða eftirtalin atriði:

- Ávarp Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs, sýnt beint í útibúum um allt land
- Kórar syngja afmælissönginn samtímis á öllum hátíðum
- Knattspyrnuleikir með risafótboltum
- Andlitsmálun og gjafir fyrir börnin
- Afmæliskaka fyrir alla
- Pylsur og drykkjarföng
- Leiktæki fyrir börnin



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi flokkanna:

Samfylkingin á niðurleið

Mörgum Samfylkingarmönnum og fleirum hlýtur að hafa brugðið í brún þegar þeim birtust niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins um fylgi flokkanna í blaðinu í gær. Þar kemur fram að fylgi flokksins hefur fallið um um það bil þriðjung frá því í síðustu könnun blaðsins. Þetta gerist í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna, þar sem hlutur Samfylkingarinnar í meirihlutasamstarfi í sveitarstjórn er fremur rýr með nokkrum undantekningum þó.

Samfylkingin samanstendur af þremur flokkum að meginuppistöðu; Alþýðubandalaginu, Alþýðuflokknum og Kvennalistanum. Það gekk ekki þrautalaust að koma þessum fylkingum saman og aukaafsprengi þeirrar sameiningar varð svo Vinstri grænir, sem með einörðum og ákveðnum málflutningi sínum hafa varanlega fest sig í sessi í íslenskri pólitík.

Það tekur alltaf tíma fyrir þingmenn þriggja flokka að sameinast í einni samhentri sterki breiðfylkingu í einum flokki, ekki síst í Samfylkingunni þar sem þessir þrjú flokkar höfðu um margt mismunandi áherslur í pólitík. Nægir þar að nefna utanríkismál sem dæmi. Formannskjörið í Samfylkingunni hefur áreiðanlega haft sitt að segja varðandi samstöðuna í flokknum, og þótt allt sé kannski slétt og fellt á yfirborðinu, þá hafa margir þeirra sem ekki studdu núverandi formann áreiðanlega ekki haft sig eins mikið í frammi í flokksstarfinu og áður. Allt þetta er nú að koma í ljós í skoðanakönnunum.

Úrslit borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík urðu mörgum Samfylkingarmönnum mikil vonbrigði. Það er ekki aðeins að fyrrverandi Reykjavíkurlistaflokkar hafi tapað borginni, þar sem Samfylkingin var öflugust, heldur var útkoma flokksins langt frá því að vera viðunandi, ef litid er á hlutina raunsejum augum, hvað svo sem menn sögðu á kosninganótt. Þá var árangur flokksins í heild á landsvísi langt frá því að vera góður í kosningunum sjálfum og ekki tók betra við þegar tekið var til við að raða í valdastólana í hinum fjölmörgu sveitarfélögum landsins. Forystumenn Samfylkingarinnar geta engan veginn verið ánægðir með þróun mála í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna.

Í kosningunum 2003 var talað um Samfylkinguna sem þrjátíu prósent flokk, en ef litid er á límuritið um skoðanakönnunir síðan, þá reis lína hæst vorið 2004, þegar þjóðin stóð á öndinni vegna fjölmíðlafrumvarpsins fyrsta. Þá komst flokkurinn yfir 40 prósent strikið, en síðan hefur fylgið rokkað nokkuð á milli 30 og 35 prósentanna, en svo kom hrúðið nú í vikunni. Skoðanakönnunir eru alltaf skoðanakönnunir, en ef þetta verður þróunin, má búast við að einhverjir fari að ókyrrast innan raða flokksins, ekki þá síst vegna þess að nú eru ekki nema um tíu mánuðir í kosningar.

Brótið á stjórnarheimilinu hefði undir venjulegum kringumstæðum átt að færa Samfylkingunni styrk, en svo virðist ekki hafa orðið. Vinstri grænir hafa hins vegar sótt í sig veðrið eftir sveitarstjórnarkosningarnar, og það sama er að segja um frjálslynda. Sjálfstæðisflokkurinn hefur aðeins dalað frá síðustu könnun blaðsins, en þá er á það að líta að hann var í hæstum hæðum í febrúar. Þá er svo að sjá að Framsóknarflokkurinn sé eitthvað að rétta úr kútnum, þótt enn sé varla farið að gæta áhrifa eina formannskandíðatsins, sem með undraverðum hraða skaut upp á hinn pólitíska himin, og á eftir að sýna hvað í honum býr í pólitíkinni.

Eitt er víst að honum verður ekki svarafátt.

GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MED
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÓF
Í KAUPBÆTI



VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki þessa þenslu!

Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að fresta vegaframkvæmdum sem enn hafa ekki verið boðnar út til að slá á þensluna hafa mætt harðri andstöðu á Vestfirðum. Tólf sjávarútvegsfyrirtæki í fjórðungnum hafa brugðist harkalega við hugmyndunum og segjast „mótmæla harðlega að enn og aftur séu Vestfirðingar látnir gjalda fyrir þenslu sem ekki hefur orðið vart við á Vestfirðum“. Segja þeir gott vegasamband lífsnauðsynlegt fyrir sjávarútveg á Vestfirðum. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, hefur tekið í sama streng. Einnig var fánám Vegagerðarinnar á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði

flaggað í hálfá stöng. Það er svo spurning hvort stjórnin biðji Vestfirðinga um að vera ekki að þenja sig; þetta eru jú aðgerðir til að slá á þensluna.

Varnarliðið á varplendi

Og meira af Vestfirðum, en tvær þotur varnarliðsins hafa verið áberandi þar um slóðir að undanfönu. Það sem fer fyrir brjóstið á mönnum er að þær hafa flogið lágt yfir Látrabjargi og Reykhólahreppi en mikið fuglalíf er á báðum stöðum eins og menn vita. Ferðapjónustubændur í Breiðvík og

Hvallátrum hafa spurst fyrir um athæfið en engin skýr svör fengið. Kannski eru menn að rasa út svona rétt áður en þeir fara.

Draumur vinstrianna að engu orðinn

Slæm útkoma Samfylkingar í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins er mörgum umhugsunarefni. Samfylking fékk 24,2 prósent. Magnús Þór Hafsteinsson sagði í viðtali við Fréttablaðið að vinstri grænir, sem fengu í könnuninni 14,8 prósent, væru orðnir ógn við Samfylkingu og því væri ljóst að draumur vinstrianna um að sameinast væri endanlega úr sögunni.

jse@frettabladid.is

Þjóðin vill frumlega hugsun í utanríkismálum

Niðurstöður skoðanakönnunar af afstöðu Íslendinga til „varnar-samningsins“ svokallaða sýna svo ekki verður um villst að þjóðin er orðið þreytt á stöðugum knébeðjaföllum íslenskra ráðamanna gagnvart ráðamönnum í Washington. Rúm 68 prósent þeirra sem taka afstöðu vilja segja upp varnar-samningnum og hefur það sjónarmið meirihlutastuðning meðal stuðningsmanna allra flokka.

Enginn sæmilega óháður aðili gæti haldið því fram að frammi-staða íslenskra ráðamanna í við-ræðum sínum við Bandaríkja-stjórn hafi verið glæsileg. Þeir virðast einna líkastir manni sem lemur hausnum í steinsteypant vegg og trúir því að hann muni gefa sig á endanum. En auðvitað mun Bandaríkja-stjórn ekki láta undan. Til þess hefur hún enga ástæðu ef litid er til þess hvernig þessi samningur er til orðinn. Hann er sprottinn af sömu rót og Keflavíkursamningurinn 1946 og aðild Íslands að NATO 1949, vegna þrýstings frá Bandaríkja-stjórn um liðveislu í kalda stríðinu. Fyrst vildu þeir leigja herstöðvar til 99 ára en að lokum var sæst á þennan samning, sem Íslendingar geta sagt upp með sex mánaða fyrir-vara. Í raun og veru merkir það að hægt er að segja honum hvenær sem er. Það er ekki eftir neinu að bíða í því efni öðru en því að íslenskir ráðamenn átti sig á veruleikanum.

Herstöðvasamningurinn varð til að beiðni Bandaríkja-stjórnar sem töldu sig þurfa á herstöðvum í Evrópu að halda vegna kalda stríðsins. Nú eru liðin sextán ár frá lokum þess og allan þann tíma hefur blasað við að aðstæður eru breyttar. Hinir einu sem ekki hafa áttað sig á því eru íslenskir ráða-

Í DAG ÖRYGGISMÁLIN



SVERRIR
JAKOBSSON

Íslendingar eiga að horfast í augu við veruleikann og við-urkenna að engin ógn frá erlendu ríki steðjar að Íslandi og engin slík ógn er fyrirsjáanleg. Við getum brugðist við því með því að spara okkur landvarnir uns þeirra verður þörf.

menn og þeir fjölmiðlar sem flutt hafa mál þeirra af meira kappi en visku. Þeir hafa stritast við að kalla herinn „varnarlið“ og reynt að sannfæra sjálfa sig og þjóðina um að hann hafi komið hingað að kröfu Íslendinga en ekki hið gagnstæða. Þvílík afneitun á veruleikanum gengur aldrei til langframa og því lengur sem menn lifa í henni því meiri saudir virðast þeir þegar ekki er hægt að viðhalda blekkingunni.

Hvaða kosti eiga Íslendingar í þessari stöðu? Við eigum tvær leiðir til að tryggja eigið öryggi. Önnur er að horfast í augu við veruleikann og viðurkenna að engin ógn frá erlendu ríki steðjar að Íslandi og engin slík ógn er fyrirsjáanleg. Við getum brugðist við því með því að spara okkur landvarnir uns þeirra verður þörf. Við getum gert eins og Kosta Ríka sem lagði niður her sinn fyrir

mörgum áratugum og hefur síðan búið við meiri öryggi innan lands og utan en allar grannþjóðir þess. Jafnframt getum við stuðlað að öryggi í heiminum með því að styðja við alla þá sáttmála sem takmarka kjarnorkuvopn, vopna-sölu og annan þann ófögnuð sem orsakar svo mörg vandamál í fjarlægum löndum. Við getum friðlýst efnahagslögsögu okkar fyrir kjarnorkuvopnum svo að ekki verði hér uppi fótur og fit í hvert sinn sem kjarnorkuknúinn ryðkláfur villist inn í landhelgina.

Hin leiðin er sú sem greinilega höfðar til þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr: Að lifa í stöðugum ótta við ímyndaðar ógnir. Auðvitað er engin vörn möguleg gegn sérhverri slíkri ógn, en vissulega er hægt að stíga einhver skref í þá átt. Besta leiðin er þá sú sem núverandi ráðamenn hafa valið, að tryggja sér stuðning öflugustu vígvélar í heimi. Gallinn við þessa leið er hins vegar sá að „samningsstaða“ Íslendinga í slíku sambandi er harla veik. Í raun eigum við ekki annan kost en að þiggja það sem að okkur er rétt og vera þakklát fyrir. Jafnframt er ekki útséð með það hvaða kvaðir fylgisspekt við Bandaríkin hefur í för með sér. Stuðningur við hernám Afganistans og Íraks er hluti af pakkanum. Ísland verður að gera sér að góðu að halda áfram að vera millilendingarstöð fyrir fangaflugið illræmda og sinna þeim verkefnum sem þægum bandamönnum er úthlutað. Fæstum Íslendingum þykir sú tilhugsun geðsleg. Hljótum við ekki að spyrja okkur hvort þetta sé ekki of hátt verð fyrir ímyndað öryggi? Er ekki kominn tími til að hleypa að frumlegri hugsun í utanríkismálum?

Atvinna oskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Amdís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFNAN/SIA.IS ICE 3313 06/2006

FYRIR HANDHAFA VILDARKORTS VISA OG ICELANDAIR:

10.000 VILDARPUNKTAR LÆKKA FARGJALDIÐ UM 5.500 KRÓNUR*



PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ

Ertu að gera upp við þig hvort þú eigir að fara? Það kitlar svolítið að hitta gamla vini í Frakklandi eða bara taka því rólega á kyrrlátri strönd með makanum.

Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair geta nú nýtt **10.000 Vildarpunkta sem 5.500 kr. greiðslu** upp í hvaða flugfargjald sem er með áætlunarflugi Icelandair, fyrir hvern sem er og ferðast hvenær sem er. Það ætti að vera næg ástæða til að koma þér af stað, ef rigningin hefur ekki gert það nú þegar.

+ Nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is



Vildarklúbbur

* Gildir til 11. ágúst 2006.



ENNEEM / SIA / NM22496

Langbestur

GSM **280**

280 mín / 180 sms

4.990 kr. á mán.

Bestur

GSM **160**

160 mín / 90 sms

2.990 kr. á mán.

Betri

GSM **100**

100 mín / 60 sms

1.990 kr. á mán.

Góður

GSM **35**

35 mín / 20 sms

990 kr. á mán.

NÝTT

Síminn býður

Betri leið!

Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Nú borgar þú eitt fast gjald á mánuði fyrir GSM. Þú velur þá leið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun.

Settu þig í samband við þjónustufulltrúa á sölustöðum Símans um allt land og veldu Betri leið Símans.

Grillum saman




Beikonvafðar þýskar grillpýlsur úr kjötborði

GOTT Á GRILLIÐ



Zucchini

GOTT Á GRILLIÐ



Grillpinnar úr kjötborði svín, lamb, hreindýr eða naut

GOTT Á GRILLIÐ

Nú tekur aðeins 10. mínútur að marenera.

Mrs. Dash
mareneringar



40%
afsláttur við kassa

Magnum ís

Gildir til 2. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Blautur draumur og forvirkar bókmenntir

Kæra
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað um ofvirkan dómara og ávarp Fjallkonunnar í boði Alcoa. Einnig er minnst á fuglaflensu og eiturlyf, blautan draum, dómsmálaráðherra, bókmenntir og ný störf við „forvirkar rannsóknir“.

FÖSTUDAGUR, 23. JÚNÍ

FULLKOMIN EINBEITING

Grasekkjumaður Sólveig er farin á sínar ættarslóðir norður í Eyjafirði. Hún heldur að ég þurfi vinnufrið. En ég þarf aðeins þá djúpu kyrrð sem er nauðsynleg til að geta einbeitt sér fullkomlega að heimsmeistarakeppni í knattspyrnu.

Pósturinn kom með boðskort handa mér. Eg sé að það er ekki að ástæðulausu sem Bandaríkjamenn vilja ekki lengur leyfa Íslendingum að totta spenann. Nú hefur dæmið snúist við. Til að fjármagna samkvæmi á þjóðhátíddaginn 4. júlí nk. hafa Bandaríkin neyðst til að mjólka íslenska styrktaraðila.

Þessa ráðdeildarsemi mættu Íslendingar taka til fyrirmyndar. Fjallkonan 17. júní gæti til dæmis komið fram í boði Alcoa. Og íslensk sendiráð erlendis fengu ekki að halda veislur nema sendiherrarnir gætu sníkt veisluföngin.

Fór austur á Rangárvelli að heimsækja hrossin mín.

SUNNUDAGUR, 25. JÚNÍ

OFVIRKUR DÓMARI

Portúgal - Holland Þetta var ljóti skrípaleikurinn; aumingja knattspyrnumennirnir höfðu ekki frið fyrir ofvirkum dómara. Það verður kannski laust starf fyrir þennan Valentín Ívanoff í íslenska réttarkerfinu, nógu var hann þvermóðskufullur.

MÁNUDAGUR, 26. JÚNÍ

HÆTTULEGRI EN FUGLAFLENSAN...

Rigning Sá Njörð P. Njarðvík á NFS í viðtali um eiturlyfjavandann. Maður fann að þar var talað af sárri reynslu - í einlægri von um að koma öðrum að gagni. Stjórnvöld eru greinilega ekki mikið að hugsa um þessi ungmenni sem drepast eða eru látin dýsa í tugthúsi og börn og fjölskyldur sem þjást. Það er kominn tími til að fá báknið til að rumska. Eiturlyf eru mun mannskæðari en fuglaflensan sem allt varð vitlaust út af. Ef einhvers staðar í veröldinni er hægt að ná árangri í baráttu við eiturlyf þá ætti það að vera hægt hérna í fámenninu.

ÞRIÐJUDAGUR, 27. JÚNÍ

VANDUR AÐ VINUM

Í dag hljóp á snærið hjá mér. Þegar ég kom út í morgun hitti ég mann sem var með tíu metra langan kúst að þvo Vinaminni að utan. Þetta var góður og greiðvirkinn maður og ég gat talið hann á að þvo gluggana í Norska bakaríinu svo að ég geti séð út um rúðurnar þegar Sólveig kemur heim úr norðurferðinni seinnipartinn í dag. Þá heldur hún kannski að ég hafi gert þetta sjálfur.

Fór á bókasafnið. Það er svakalegt að sjá hvað mikið er til af forvitnilegum bókum og hversu lítinn tíma maður hefur til að lesa þær.

Eg sé í fréttum að forseti Íslands er búinn að bjóða George Bush eldri að koma í heimsókn 4. júlí. Sá er ekki vandur að vinum.

Horfði á Brasilíu vinna vesalings Gana-mennina léttilega, 3:0. Brassarnir eru svo góðir að maður verður hálf-ergilegur út í þá fyrir að skora ekki í hverri einustu sókn.

Nú er stjórnin búin að birta lista yfir efnahagsaðgerðir til að bjarga fjárhag þjóðarinnar, enda voru margir orðnir leiðir á að bóta eftir bjargráðunum. Fyrir utan þá snilldarhugmynd að banna Íbúðalánasjóði að lána því fólki sem mest þarf á peningum að halda er ákveðið að stöðva opinberar framkvæmdir á Vestfjörðum. Það er ekki ónýtt að hafa svona ríkisstjórn.

MÍÐVIKUDAGUR, 29. JÚNÍ

FÓLK Í FYRIRRÚMI

Jón Sigurðsson hinn skyldurækni tilkynnti loks það sem allir vissu fyrir. Hann langar í formanns-embætti Framsóknar. Og Jónína ætlar að tylla sér á kápulafið hjá honum og verða varaforkona. Jón og Jónína. Eg er samt ekki alveg sannfærður um að Framsóknarflokkurinn þurfi mest á fjármálaspekúlant að halda í augnablikinu. Stjórnsmál eiga nefnilega að snúast fyrst um fólk - svo um fjármál. „Fólk í fyrirrúmi“ var það einu sinni kallað.

FIMMTUDAGUR, 29. JÚNÍ

FORVIRKAR BÓKMENNTIR

Nú er dómsmálaráðherra loks búinn að skýra þjóðinni frá einlægri löngun sinni til að koma á fót „þjóðaröryggisdeild“. Þetta er hið besta mál eins og vænta mátti frá öðrum eins snillingi.

Á vefsíðu Rúv segir: „Lagt er til að á milli 25 og 30 manns einbeiti sér að því að rannsaka hættur á hugsanlegum hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi og fái til þess viðtækar rannsóknarheimildir. Eins og það er orðað í skýrslunni verða þeim falin svokölluð forvirk rannsóknarúræði. Það þýðir að starfs- svið deildarinnar er að rann-

saka glæpi sem hugsanlega stendur til að fremja og koma í veg fyrir þá. Gert er ráð fyrir að úrræðin

séu meðal annarra, hleranir og eftirlit með einstaklingum en aðallega munu rannsakendur beita sér í því að skoða gagnasöfn lögreglustofnana og annarra stjórnarstofnana. Deildin á að starfa með leynd en mun lúta aðhaldi dómstóla og Alþingis.“

Auðvitað er hampaminnst að handtaka og fangelsa fólk sem hefur illt í huga áður en það gerir einhverja bölvun af sér. Góðar njósnastofnanir eru þjóðargræmarnir. Löngu eftir að heimurinn verður búinn að gleyma

Austur-þýska alþýðulýðveldinu mun goðsögnin um leyniþjónustuna Stasi lifa. (Stadtssicherheitsdienst = þjóðaröryggisþjónusta).

Þegar best lét voru tvö prósent þjóðarinnar í fullu starfi við að njósna um hina og höfðu að auki 300 þúsund manns í hlutastarfi við forvirka rannsóknarvinnu eins og símahleranir og fleira nauðsynlegt. Áður en Berlínarmúrinn var jafnaður við jörðu 1989 var reynt að eyða skjallasöfnum sem varðveittu þær forvirku rannsóknir sem þjóðaröryggisdeildin hafði stundað. En magnið var svo gifurlegt að engin leið hefði verið að eyða safninu nema með kjarnorkusprengru. Árið 1990 voru herskarar bókasafnsfræðinga fengnir til að flokka gögnin. Það tók þá 10 ár að flokka skjöl úr 300 sekkjum. Þá voru 16 þúsund sekkir eftir, og sá ekki högg á vatni.

Ef þjóðaröryggisdeildin sem tveir „erlendir sérfræðingar“ og dómsmálaráðherra vilja koma á fót á Íslandi á ekki að verða eftirbátur Stasi þarf að ráða til starfa og þjálfa sex þúsund manns - til að fylgjast með okkur hinum.

Það hlægir mig að veruleikinn eltir skáldskapinn; í fyrra þótti það fréttaeftir að ég skrifaði að forsætisráðherra mundi forða sér í Seðlabankann - áður en sami hlutur gerðist í alvörinni.

Bókin heitir VALKYRJUR og mér fannst ég verða að skrifa hana af því að hún fjallar um mál sem er mikilvægara en tíu álver. Hún fjallar um hvers konar þjóðfélag við ætlum að þróa hér á landi. Eg var svartsýnn og gekk út frá því að laumufastistum mundi takast að koma hér upp leyniþjónustu, símahlerunum og njósnum og kalla finiríð „þjóðaröryggisdeild“ að hætti þeirra Stasi-manna. Nú er veruleikinn aftur farinn að elta skáldskapinn. Dómsmálaráðherra segir að „erlendir sérfræðingar“ vilji að hann stofni leyniþjónustu sem heyrir undir hið virta embætti Ríkislögreglustjóra. Og það er einmitt um afreksverk leynilegrar þjóðaröryggisdeildar sem bókin VALKYRJUR fjallar. Eg var að reyna að semja „forvirkar bókmenntir“.

Mér fannst broslagt að ég skyldi reynast sannspár um búferlaflutning forsætisráðherra í Seðlabankann. Að vera sannspár um íslenska leyniþjónustu er hins vegar beinlínis óhugnanlegt. Á blautur draumur eins manns að verða martröð heillar þjóðar?



Nýtt Heilsuhús!

Höfum opnað nýja verslun að Lágmúla 5

**25%
afsláttur**



25% Afsláttur af öllum vítamínum frá Puritan's Pride

Spennandi opnunartilboð:

**25%
afsláttur**



25% afsláttur af öllum vítamínum Gula miðans

**Frítt með
í kaupbæti**



Pegar keypt er Yogi te fylgir vegleg tekrús frítt með í kaupbæti

**Frítt með
í kaupbæti**



Pegar keyptar eru 4 tegundir af lífrænt ræktuðum safu frá Biotta fylgir sjónauki frítt með í kaupbæti

**Heilsu
barinn**

**Frítt með
í kaupbæti**



Heilsubar í Heilsuhúsinu Lágmúla

Pegar keyptur er nýpressaður safi á Heilsubarnum færðu GRÆNA ORKUSKOTIÐ frítt með í kaupbæti!

GRÆNA ORKUSKOTIÐ

– úr lífrænt ræktuðu hveitigrasi.

Hreinsandi orkusprengja, hlaðið vítamínum, steinefnum, blaðgrænu og ensímum.

Athugið að opnunartilboðin gilda aðeins í Heilsuhúsinu Lágmúla, í dag 1. júlí.

**Frítt með
í kaupbæti**



Pegar keyptar eru 2 tegundir af Tartex kæfum, fylgir sú þriðja frítt með í kaupbæti.



náttúrulega

heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla og Selfossi



**40%
afsláttur**

299 kr. kg
~~498~~
4 grillborgar með brauði



1319 kr. kg
~~1649~~
Krónu kryddaðar grísahnakkasneiðar



**20%
afsláttur**

**20%
afsláttur**

1358 kr. kg
~~1698~~
Krónu kryddaðar svínakótleittur

Allt í ferðalagid

Emmess toppar 2 teg
369 kr/þk



Krónu samlokur
129 kr/stk



3 fyrir 2

af 2 lítra Pepsi eða Pepsi light

Kingsford grillkol
259 kr/stk



Einnota grill
199 kr/stk



Pik-nik kartöfluþrá
299 kr/stk



Úrvals grillsósúr verð frá:
199 kr/stk



HM leðurfótbolti
898 kr/stk



Virk Samkeppni

| | | | | | | | | | |
|--|---|---|--|---|---|--|---|---|--|
| SKEIFAN / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-19 11-19 11-19 | BÍLDSHÖFÐI / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-19 11-19 11-19 | HRINGBRAUT / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-19 11-19 11-19 | BREIÐHOLT / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-21 11-21 11-21 | NORÐURBRÚN / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-21 11-21 11-21 | HVALEYRARBRAUT / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-21 11-21 11-21 | MOSFELLSBÆR / Allir dagar 12-23 | SELFOSS / virkir dagar föstudagar laugardagar sunnudagar 11-19 11-20 11-19 | VESTMANNAEYJAR / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-19 11-19 11-19 | ÞORLÁKSHÖFN / virkir dagar laugardagar sunnudagar 11-19 11-19 11-19 |
|--|---|---|--|---|---|--|---|---|--|

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

885 kr. kg
~~1165~~

Goða lambalæri
frosið

40%
afsláttur

419 kr. kg
~~699~~

Kjúklingavængir
Piri piri

20%
afsláttur

af Gourmet lærisneiðum
eða frampartasneiðum

25%
afsláttur

30%
afsláttur

Goða svið
soðin
469
kr/kg

Krónu pylsur
199
kr/stk

50%
afsláttur

Krónu brauð
gróft og stórt
99
kr/stk

Lif ávaxtasafi
3 tegundir
89
kr/stk

Maarud flögur
319
kr/pk

Bratz
bakpoki
898
kr/stk

40%
afsláttur

Af Krónu salötum

Appelsínur í
neti 2 kg
189
kr/pk

2 fyrir 1
Siesta kaffi
400 gr

Jöklasalat
169
kr/kg

Alltaf frábær tilboð alla daga

**DÍANA PRINSESSA FÆDDIST PENN-
AN DAG ÁRIÐ 1961**

„Hvar sem ég veit um þjáningu vil ég vera og gera það sem ég get.“

Diana prinsessa af Wales vann mikið að mannúðarmálum á stuttri ævi sinni. Hún lést í bílslysi árið 1997.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 1. JÚLÍ 1963

Bítlarnir gefa út *She Loves You*

Pennan dag árið 1963 gáfu Bítlarnir út metsölusmáskífuna *She Loves You*, sem samin var af John Lennon og Paul McCartney. Smáskífan setti mörg met á bresku smáskífulistunum og er enn þeirra best selda smáskífa og á ennþá metið á smáskífulista Bandaríkjanna, sem eitt af fimm Bítlalögum sem komst á topp fimm á listanum.

Smáskífan var einnig sú fyrsta þar sem nafn Johns Lennon kom á undan nafni Pauls McCartney í skrá yfir höfunda. Þetta var fyrsta útgáfan af mörgum sem var skráð af Lennon/McCartney.

Lagið var umdeilt vegna hinnar óhefðbundna endingar „yeah, yeah, yeah“ á versunum og var



gagnrýnt harkalega af gagnrýndum. Lagið er einnig merkilegt fyrir það að vera annað af tveimur Bítlalögum sem var einnig tekið upp á þýsku, en á þýskri tungu hét það *Sie Liebt Dich*.

Lagið var samið af John og Paul í hótélherbergi í Newcastle. George Martin, upptökustjóri hljómsveitarinnar, var sérstaklega óánægður með lokahlóm lagsins, sem honum fannst minna af mikið á djasstónlist. Hljómsveitarmeðlimirnir létu ekki segjast og héldu honum inni.

Lagið lenti í þriðja sæti á lista *Uncut Magazine* yfir helstu lög sem breyttu heiminum og kom á eftir *Heartbreak Hotel* með Elvis Presley og *Like a Rolling Stone* með Bob Dylan.

MERKISATBURÐIR

- 1863** Bardaginn í Gettysburg, borgarastyrjöld Bandaríkjanna, brýst út.
- 1881** Fyrsta millilandasímtal sögunnar á sér stað, milli Kanada og Bandaríkjanna.
- 1921** Kommúnistaflokkur Kína stofnaður.
- 1960** Sómalía fær sjálfstæði.
- 1962** Rúanda og Búrúndí fá sjálfstæði.
- 1968** Samningur um að hefta útbreiðslu kjarnorkuvopna er undirritaður af fulltrúum um sextíu landa í Genf.
- 1979** Sony kynnir Walkman vasadiskíði.
- 1991** Varsjárbandalagið, bandalag kommúnistaríkja Austur-Evrópu er opinberlega leyst upp á fundi í Prag.
- 2004** Horst Köhler verður sambandsforseti Þýskalands.



Þökkum blýbug og samúð við andlát mannsins míns,

Jóhannes R. Snorrasonar
fyrrverandi yfirflugstjóra, Espigerði 4, Reykjavík.

F.h. aðstandenda.

Arna Hjörleifsdóttir.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Baldur Þorsteinsson
Viðivöllum 20, Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 3. júlí kl. 13.30.

Sigrún Hauksdóttir

Hulda Jóhanna Baldursdóttir

Stefán Þór Baldursson

Bryndís Baldursdóttir

afa og langafabörn.



Eiríkur Örn Kristjánsson
Ragnheiður Njálisdóttir
Baldur Þorsteinsson



Elskulegur sonur minn, faðir minn, bróðir okkar og afi,

Jón Ástráður Thorarensen
(Addi), Þjónn og matsveinn, Hátúni 10A, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 31. maí. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Ástríður Eyjólfsdóttir

Hrafnhildur Thorarensen

Guðrún Elin Thorarensen

Karólína Thorarensen

Ragnar G. D. Hermannsson

Reynir Örn Einarsson



Elskuleg dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Sigurðardóttir
Bjarkarheiði 5, Hveragerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi þann 29. júní sl. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á MS félag Íslands.

Helga Baldursdóttir

Ögmundur Jónsson

Þorbjörn Jónsson

Daníel Örn Þorbjörnsson

Elinborg Katla Þorbjörnsdóttir.

Ida Lön

Vigdís Anna Kolbeinsdóttir



KYNNA AFMÆLISHÁTIÐINA Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs, og Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs, kynntu afmælishátiðina fyrir landsmönnum. Auk Kjartans eru í afmælisnefndinni Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón P. Árnason, bankastjórar. Framkvæmdastjóri nefndarinnar er María Björk Óskarsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LANDSBANKI ÍSLANDS HELDUR STÓRA AFMÆLISHÁTIÐ Í DAG:

Fyrsti banki landsins 120 ára

Landsbanki Íslands heldur afmælisveislu í dag í tilefni þess að 120 ár eru frá stofnun hans. Hátíðin verður á 14 stöðum um land allt, en mesta viðhöfnin verður í Reykjavík, þar sem boðið verður upp á 120 fermetra afmælisöku, pylsur og margvísleg skemmtiatriði. Kórar í fjórtán byggðarlögum munu samtímis syngja afmælisönginn og ávarp Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs Landsbankans, verður sýnt beint á skjákerfi um land allt.

Í dag kemur út afmælisrit um sögu bankans, ritstýrt af Eggerti Þór Bernharðssyni sagnfræðingi og söguvefur Landsbankans verður opnaður á www.landsbanki.is. Hátíðarhöldin eru þó ekki bundin við þennan eina dag, því á morgun mun Gerðarsafn opna yfirlitssýningu yfir þau verk Jóhannesar Kjarval sem eru í eigu bankans. Þá verður listaverkavefur bankans opnaður og í haust verður Landsbankahlaupið endurvakið um land allt.

Pennan dag fyrir 120 árum tók Landsbanki Íslands til starfa, en hann

opnaði útibú í Bakara-brekku, sem nú kallast Bankastræti. Stofnun bankans var fyrst og fremst til að auka peningaviðskipti landsmanna og styðja við atvinnuvegina, meðal annars þilskipaútgærd. Fyrstu þrjú árin var bara opið tvisvar í viku, en með árunum breyttist það og bankamanna-stétt tók að myndast á Íslandi. Rétt fyrir aldamótin 1900 var hús Landsbankans á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis reist, en þar er enn aðalútibú bankans. Starfsemin varð með árunum öflugri og tvö landsbyggðarútibú voru opnuð upp úr aldamótum, á Akureyri og Ísafirði.

Árið 1915 brann miðbær Reykjavíkur og Landsbankahúsnæðið var



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
Athafnamaðurinn litríki mun ávarpa gesti afmælishátiðarinnar á fjórtán stöðum um landið í beinni útsendingu gegnum skjákerfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eitt þeirra húsa sem brunnu. Flest gögn bankans björguðust þó engu að síður. 1924 var svo nýtt hús byggt, hannað af Guðjóni Samúelssyni, prýtt veggmyndum Jóns Stefánssonar og Jóhannesar Kjarvals.

Kreppur, aflabrestir og þorskastríð hafa sett mark sitt á sögu bankans, en einkavæðing hans sem hófst haustið 1997 var eitt stærsta skref í þróun hans hingað til. Einkavæðingunni lauk 2003 þegar síðasti hlutur ríkisins í bankanum var seldur, en í kjölfarið hófst hin svokallaða útrás, sem einkenndist af kaupum bankans á erlendum fjármálafyrirtækjum. Í árslok 2005 unnu 1904 manns hjá Landsbanka Íslands, innanlands sem og utan.

steindor@frettabladid.is



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Fjóla Eiríksdóttir

Kirkjuvegi 1, áður Framnesvegi 16, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 26. júní sl.

Hreinn Línal Haraldsson

Eiríka Haraldsdóttir

Aldís Haraldsdóttir

Sólveig Haraldsdóttir

Sveinbjörg Haraldsdóttir

Haraldur L. Haraldsson

Ágúst Línal Haraldsson

og barna- og barnabarnabörn.

Arnbjörn Óskarsson

Ólöf Thorlacius

Valgerður Sigurjónsdóttir

AFMÆLI

Eiríkur Örn Norðdahl
skáld er 28 ára.



Hreimur Örn Heimisson
söngvari er 28 ára.

ÚTFARIR

11.00 **Óskar Gíslason**, Ólafsfirði, verður jarðsönginn frá Ólafsfjarðarkirkju.

14.00 **Guðlaug Sigurlaug Guðlaugsdóttir**, Hátúni 8, Vík í Mýrdal, verður jarðsönginn frá Víkurkirkju.

14.00 **Guðrún Sigríður Wormsdóttir** frá Eiríksbúð, Arnarstapa, verður jarðsönginn frá Hellnakirkju á Snæfellsnesi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Steypumót



Byggingakranar



Vinnuvélar & tæki



Skrautsteypa & steinar



Gáma- & stálgrindarhús



Múrvörur



Byggingavörur



Marmarasalli



Bílskúrshurðir



- allt til bygginga



Járn & lykkjur



Skæra- & spjótalyftur



Festingar



Forsteyptar einingar



Hellur



Útiljós



Veggheðslukerfi



Véla- og tækjaleiga



Kantsteinar



Pakrennur

Allt til bygginga

VERÐMÆTAR HEILDARLAUSNIR

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir.



- allt til bygginga

Grillveisla fyrir sælkera!

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Sparaðu
400 kr.

LAMBAGRILLSTEIK
M/ TÓMAT OG BASIL

2.598 kr.
kg

HM
2006

2 stk.
beint á grillið!

HM HAMBORGARAR

MEÐ BRAUÐI, BEIKONI, OSTI, BBQ SÓSU OG 1 L COKE

598 kr.
pk.

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Þú sparar 600 kr. kg.

NÓATÚNS ÞURRKR. LAMB
LÆRISSEIÐAR OG FRAMPARTASN.

998 kr.
kg.

Úr
Fiskborði
Nóatúns

Þú sparar 300 kr. kg.

SKÖTUSELSFIÐRILDI
MEÐ HVÍTLAUKSMARINERINU

1.698 kr.
kg.



COKE KASSI
10 X 33 cl

849 kr.
pk.

STJÖRNUSNAKK
KRYDD. TOPPAR

219 kr.
pk.



PowerBar
orka í umbúðum
verð frá 99 kr. stk.

Þykkvabæjar
salöt!



30%
afsláttur

TSZZZ

Avúmp

Bestir í kjöti


NÓATÚN

í 40 ár

Úr
Kjötborði
Nóatúns


Úr
Kjötborði
Nóatúns

Úr
Fiskborði
Nóatúns



GRILLSPJÓT
NAUAFILLET
M/ GRÆNMETI

598 kr.
stk.



GRÍSALUNDIR
M/ SÆLKERAFYLLINGU

2.798 kr.
kg.



LÚÐUSPJÓT
M/ BEIKONMARIN.

498 kr.
stk.



**Gimilegt meðlæti
í grillveisluna!**



**Ferskir ávextir
til að grípa með
í helgarferðalagið!**

**ferskjur
plómur
nektarínur**



COCA PUFFS
MORGUNKORN

389 kr.
553 g



KNORR
PÚSUNDEYJA SÓSA

199 kr.
stk.



20%
afsláttur

BERGBYS SINNEP
EÐA TÓMAT SÓSA

238 kr.
stk.



KONFEKT
EPLI


149 kr.
pk.

...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

VIÐ GRILLIÐ Hópurinn fékk afar góðan mat í ferðinni og lagði sér meðal annars krókódíl, strúta og antilópur til munns. Hér stendur Jón Þór við grillið og steikir nautakjöts en hver sneið getur mettað nokkra maga.



Rændir af öpum í Afríku

Nýlega hélt átta manna hópur á vit ævintýranna í Suður-Afríku. Þar á meðal var Jón Þór Þorleifsson, framleiðandi á Skjá einum, sem ferðaðist um á eigin vegum í bílaleigubíl. Jón Þór sagði Snæfríði Ingadóttur frá svaðilförinni en hann komst lifandi heim frá ljónum, fílum og öðrum villidýrum í einum flottasta þjóðgarði heims.

Ég er eiginlega bara búinn með öll lýsingarorð sem ég á til, segir Jón Þór þegar hann er beðinn um að lýsa nýfstöðnu ferðalagi til Suður-Afríku sem hann hélt í ásamt sambýlismanni sínum Guðmundi Birgi Halldórssyni, fjórum vinum og tveimur börnum. Hópurinn flaug frá London til Jóhannesborgar þar sem hann leigði sér bíl og keyrði til Swazilands og þaðan í Kruger-þjóðgarðinn þar sem hópurinn sá óteljandi dýrategundir.

„Það að sjá öll þessi dýr í sínu



FLÓÐHESTUR Á FERÐ Flóðhestar eru hlægilegar skepnur og það er sérlega gaman að sjá þá hlaupa um á þurru landi. Þessi var á vappi í garðinum fyrir utan hótélherbergi þeirra Jóns Þórs og Guðmundar.

náttúrulega umhverfi var ótrúleg upplifun. Garðurinn er álíka stór og Ísrael og ég held þeir hafi ekki einu sinni tölu á því hversu mörg dýr finnast þar.“

Þjófóttir apakettir

Einhverjir hefðu þó snúið strax við bara við það að sjá skilti á flugvellinum í Jóhannesborg sem á stóð: „Enter at your own risk“, en hópurinn lét þá aðvörun sem vind um eyru þjóta.

„Áður en við héldum út á þjóðveginn þá var líka búið að vara okkur við því að stoppa alls ekki bílinn sama hvað á dyndi. Algengt er að misindismenn setji vegatálma á hraðbrautir eða þykist vera slasaðir til að fá bíla til að stoppa. Við sáum hins vegar ekkert slíkt en urðum samt örlítið skelkaðir fyrsta daginn á þjóðvegnum þegar út úr myrkrinu og þokunni lýsti risastórt skilti frá Vegagerðinni „Crime alert, do not stop!“, segir Jón Þór en hópurinn keyrði fyrst til Swazilands þar sem dvalið var í fimm daga áður en haldið var í Kruger-þjóðgarðinn. Ferðalagið gekk alveg eins og í sögu og engir glæpamenn urðu á vegi þeirra ef frá er talinn fingralangur flokkur apa. „Í þjóðgarðinum gistum í húsum þar sem eldhúsið var utan dyra og einn daginn var apahópur á hlaðinu. Áður en nokkur gat rönd við reist voru aparnir búnir að opna ískápin og tæma hann og sáust svo sitja upp í tré skellandi jógúrtinu okkar í sig,“ segir Jón Þór og hlær enda feginn að aparnir tóku ekkert annað en mat með sér. „Við vorum líka varaðir við því að skilja bílinn eftir opin í þjóðgarðinum því það hafði komið fyrir að apar stálu dóti úr opnum bílum.“

Swaziland í uppáhaldi

Jón Þór segir að það hafi verið lítið mál að ferðast um á eigin vegum þarna. Vegirnir voru afar góðir, fólkið vingjarnlegt og flestir kunnu ensku.

„Swaziland er fátækt konungsríki sem er í miklu uppáhaldi hjá mér eftir þessa ferð. Það er allt

afskaplega grænt þarna og mikil trárækt. Við keyrdum um sveitir landsins og komumst í ágætt samband við innfædda en vegakerfi landsins er fátækt gott miðað við hvað þetta er fátækt ríki. Kóngurinn í Swaziland velur sér konu einu sinni á ári. Hann á tólf konur núna og í ágúst velur hann sér nýja konu ef einhver hefur áhuga,“ segir Jón Þór og hlær.

Dvölin í Kruger-þjóðgarðinum stendur þó upp úr ferðalaginu en þar komst hópurinn í tæri við hin ýmsu dýr eins og giraffa, sebrahesta, ljón, fíla, buffalóa og flóðhesta. „Núna er hávetur þarna og þá eru dýrin miklu sprækari en á

sumrin og í raun mun meira að sjá. Miðað við okkar reynslu myndi aldrei hvarfla að mér að fara þarna að sumri til.“ Í þjóðgarðinum er að finna ýmsar búdir þar sem hægt er að gista í og hvetur Jón Þór ferðalanga til að kynna sér vel hvaða dýr þá langar að sjá og velja sér búdir út frá því. Hann minnr ferðalanga líka á það að taka með sér góðan sjónauka og myndavél. „Við vorum ekki fyrr komin inn í garðinn en við sáum fil og þannig gekk þetta í sex daga. Það er mjög mikið af dýrum þarna en maður þarf að hafa augun vel opin því mörg þeirra falla svo vel inn í umhverfið.“

Tignarlegir hrægummar

Gestir þjóðgarðsins geta keyrt um garðinn eins og þeir vilja en ekki er leyfilegt að fara út úr bílnum nema á örfáum merktum stöðum.

„Þú mátt alls ekki fara út úr bílnum nema þú sért búinn að skipuleggja jarðaförina þína. Þetta eru náttúrulega villidýr og við erum ekkert annað en kjötstykki í þeirra augum,“ segir Jón Þór og bætir við að reyndar sé boðið upp á göngutúra með vopnum vörðum um garðinn og fjórir úr hópnum hafi farið í slíka ferð og meðal annars séð hvítan nas-hyrning.





HALLÓ, ER EINHVER HEIMA? Guðmundur bankar upp á gömlu húsi í Swaziland en íbúarnir þar í landi eru afskaplega vinalgir. Þess má geta að kóngurinn þar í landi velur sér nýja konu á hverju ári og sú næsta verður valin í ágúst ef einhverjar hafa áhuga.



FLOTTUR FÍLL Í Kruger-þjóðgarðinum er að finna fjölbreyttan gróður og fjölda dýrategunda. Gestir keyra um garðinn á eigin bílum en bannað er að fara út úr bílnum nema á sérmerktum stöðum vilji menn vera vissir um að komast lifandi aftur út úr garðinum.



SPENNANDI DÝR Jóni Þór fannst tilkomu- mest að sjá giraffana af öllum dýrunum í þjóðgarðinum. Það kom honum líka á óvart hvað ferðalagið var ódýrt en honum reiknast til að fyrir flug, gistingu, bílaleigbíl og aðgangseyri í þjóðgarðinn hafi hver borgað um 165 þúsund krónur.

„Við vorum bara einu sinni virkilega hrædd þarna og það var þegar við héldum að fill myndi traðka á bílnum okkar, en það hefur alveg komið fyrir að dýr hafi ráðist á bíla þó slíkt sé ekki algengt,“ segir Jón Þór. Sjálfum fannst honum skemmtilegast að fylgjast með gíröfnum en minni dýr voru þó ekki síður áhugaverð. „Ég hafði til dæmis engan áhuga á fuglum áður en við fórum af stað og þeir voru síður en svo efst á lista yfir þau dýr sem ég vildi sjá. En þegar við vorum komin á staðinn fannst mér ofboðslega gaman að sjá alla þessa litríku fugla. Við sáum líka hrægama sem voru í hræi og þeir voru mjög tignarlegir.“


Ljóst er að Jón Þór og félagar hans eiga eftir að lifa lengi á minningunum úr ferðalaginu og þeir hafa líka þúsundir mynda til orna sér við og raða inn í fjölskyldualbúmið.

„Veidimannseðlið kemur alveg upp í manni þegar maður situr og rýnir út um bíluggann í leit að dýri, nema í stað byssu notar maður myndavél enda tókum við meira en þúsund myndir í ferðinni.“

Kruger National Park

Þjóðgarðurinn er í um 456 km fjarlægð frá Jóhannesborg og er talinn vera einn sá flottasti í heiminum. Hann var stofnaður árið 1926 og er um 20,000 ferkílómetrar að stærð. Þar má finna afar fjölbreytt dýra-, plöntulíf. Meðal dýra sem þarna má sjá má nefna apa, ljón, giraffa, sebrabesta, úlfa, flóðhesta, nashyrninga, hrægama, strúta, antílopur, eðlur, krókódíla, hýenur og skjaldbökur. Nánari upplýsingar um garðinn má m.a. fá á: www.krugerpark.org og www.sanparks.org/parks

BÍRÆFNIR ÞJÓFAR Það er vissara að vara sig á öpunum en þeir geta verið mjög bíræfnir og snöggir að hrífsa hluti með sér eins og hópurinn varð var við í ferðinni.



Tvö einföld úrræði vegna greiðsluvanda

- Samningar
 - vanskilum dreift í allt að 18 mánuði
- Skuldþreiting lána
 - vanskilin sett á nýtt skuldabréf og lánstíminn lengist um 5-15 ár

Önnur úrræði vegna greiðsluvanda

- Frysting lána
 - engar afborganir í 1-3 ár
- Lenging lánstíma
 - um allt að 15 ár

Láttu ekki vandræðin verða til vandræða

Ráðgjafar þér til aðstoðar

Leitaðu til ráðgjafa Íbúðalánasjóðs. Þeir fara yfir málin með þér og í sameiningu finnið þið þá leið sem hentar þér best.

Hafðu samband við okkur. Við tökum vel á móti þér.

Grænt símanúmer er: 800 6969

Samningar

Þú getur dreift vanskilum í allt að 18 mánuði með samningi. Öll vanskil og nýir gjalddagar greiðast á samningstímanum. Innheimtuaðgerðir stöðvast við gerð samnings.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla


Íbúðalánasjóður

Að heiðnum sið

Ásatrúarmenn komu saman á Þingvöllum á Þórsdag í tíundu viku sumars og vígðu tvo nýja goða auk þess sem tvær nafngiftir – eða knésetningar eins og það hét til forna – fóru

fram. Að blótinu loknu var matast og drukkið og hlustað á tónlist. Heiða Helgadóttir ljósmyndari brá sér á þingblótið og smellti af nokkrum myndum.



ÍSLENSKT SKRAUT Margir komu skryddir að gömlum og þjóðlegum sið eins og þessi þessi næla búin til úr skel ber með sér.



DRUKKIÐ TIL HEILLA Að vígslu lokinni var matast og drukkin heill ásanna. Boðið var upp á reykt hrossakjöt að heiðnum sið og uppstúf með því. Auk þess var boðið upp á kjúklinga-pottrétt enda ásatrúarmenn einnig nútímamenn.



VIÐ LÖGBERG Safnast var saman við Lögberg þar sem allsherjargoði helgaði blótið áður en lögsögumaður las upp lögin.



KRAUKA Dansk-íslenska þjóðlagatríóið Krauka með Guðjón Rúðolf fremstan í flokki kom fram og söng nokkur lög með sínu nefi.




GÍGJAN STROKIN Leikið var á íslenska fiðlu í blótinu.



ORMURINN LANGI Miðgarðsormur hringar sig um heiminn og bítur í halann á sjálfum sér.



KETILL BLÓTAR Ketill Larsen leikari og fjöllistamaður mættir á þingblót ásatrúarmanna.



ALLSHERJARGOÐINN Hilmar Örn Hilmarsson allsherjar-goði vígði tvo nýja goða, þá Baldur Pálsson og Hauk Hall-dórsson. Hefur þá goðum á Íslandi fjölgað úr sex í átta.



DROTTNING ÍSLENSKRA FJALLA

Sumarið hefur farið vel af stað í Herðubreiðarfríðlandi.

FERÐIR 2

SPRÆKUR OG ÞÝÐUR UM LEIÐ

Lexus IS 250 er sannkallaður draumabíll fyrir þá sem hafa gaman af góðum aksturseiginleikum og lúxusbúnaði.

BÍLAR 4



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR]

Vígsluferð Ferðafélags Íslands á Kvígindisfell fer fram í dag en fyrir skemmstu var leiðin stíkuð. Lagt er af stað frá félagsheimilinu í Mörkinni kl. 9 en fararstjóri er Þorsteinn Eiríksson. Ferðin kostar 2.000 krónur.



Veglegur aukahlutapakkur fylgir nú nýjum Pajero Sport og Outlander hjá Heklu. Um 200.000 króna úttekt í Ellingsen er að ræða og munar um minna. Nýr Pajero Sport kostar 3.590.000 krónur en nýr Outlander 2.590.000 krónur.

Hekla er tignarlegt fjall sem gaman er að ganga á. Ferðafélagið Útivist stendur fyrir gönguferð á fjallið á morgun, sunnudag, en lagt er af stað frá BSÍ kl. 9 að morgni. Göngutíminn er 6 til 7 klukkustundir og kostar ferðin 3.700 krónur fyrir félagsmenn en 4.300 krónur fyrir aðra. Fararstjórar eru Tómas Þróstur Rögnvaldsson og María Berglind Þráinsdóttir.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 1. júlí, 182. dagur ársins 2006.



| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|----------------|--------|----------|
| Reykjavík 3.05 | 13.32 | 23.57 |
| Akureyri 1.56 | 13.16 | 24.32 |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Flugvélin var sjö ár í smíðum og er Ragnar stoltur af smíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Smíðaði flugvél í frístundum

Ragnar Eldon Haraldsson flugáhuga- maður hefur síðustu sjö ár dundað sér í frístundum við það að setja saman eins hreyfils flugvél frá grunni. Hann hefur nú lokið við smíðina og fór hún á loft í fyrsta skipti fyrir nokkrum vikum.

Árið 1999 tók Ragnar við smíðinni af Magnúsi Ólafssyni sem hafði þá nýlega flutt inn til landsins allt sem þarf til þess að setja saman litla flugvél. „Áhuginn kviknaði þegar ég var að smíða flugmódel sem gutti. Þetta er búið að taka alveg heil sjö ár, en hefði ekki þurft að taka svona langan tíma,“ segir Ragnar sem er rafiðnaðarmaður og vélfræðingur að mennt. Flugvélin sem Ragnar smíðaði er alveg ný sem þýðir að hún er ekki samsett úr pörtum

úr gömlum vélum. Hún er af gerðinni Kitbox 3 og er eins hreyfils og tveggja sæta. Hann segist ekki hafa stuðst við teikningar heldur hafi skýringarmyndir fylgt pöntuninni og þær hafi dugað honum alveg.

„Ég er búinn að fljúga henni núna tuttugu tíma og hún hefur reynst mér mjög vel. Það hefur afskaplega lítið þurft að gera eftir að hún varð tilbúin til flugs.“

Ragnar flaug vélinni um síðustu helgi, en þá voru haldnir flugdagar á Akureyri á vegum Flugsafnsins og flugmálafélaga. Hann flaug norður yfir heiðar frá Tungubakkaflugvelli þar sem flugvélin er geymd. „Ég er mjög hamingjusamur með flugvélin enda mikil og löng vinna að baki. Nú reynir maður að fljúga eins mikið og veður leyfir og ekki minnkar hamingjan þegar að maður er kominn á loft,“ segir Ragnar að lokum.

valgeir@frettabladid.is



Messugestir undir berum himni á Gásum í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

Messað í kirkjutóftinni

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI STENDUR FYRIR DAGSKRÁ Í MIÐALDAKAUPSTAÐNUM Á GÁSUM Í HÖRGÁRBYGGÐ.

Á morgun, sunnudag, kl. 11 verður messað undir berum himni í kirkjutóftinni í miðaldakaupstaðnum á Gásum. Séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur Möðruvallasprestakalls messar og kór Möðruvallakirkju sér um sönginn. Að messu lokinni stendur minjasafnið á Akureyri fyrir sönggöngu frá Gásum og að Möðruvöllum í Hörgárdal með viðkomu á Hlöðum og Skípalóni. Þetta er fjórða árið í röð sem messað er í kirkjutóftinni en þar áður var síðast sungin kaþólsk messa á Gásum á 14. öld. Gásir eru merkur staður en hvergi á Íslandi eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá miðöldum. Kirkjan á Gásum, sem var innflutt stafkirja frá Noregi, fauk í ofviðri árið 1359 og var ekki endurbyggð.

Heill heimur af skemmtilegu skrauti



Ljós
Veggskraut
Borð og stólar
Dótakassar
Mottur
Gardínur/teppi

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



Ferðalagið þarf ekki að vera langt. Það getur verið gaman að keyra upp í Heiðmörk með bolta og tennisþaða - svo er bara brosa í kampinn þegar vindhviðurnar rífa í boltann.

Komið með til Kanada!



HAUSTFERÐIRNAR TIL ST. JOHN'S Á NÝFUNDNALANDI HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN

Brottfarir 2006: 28. - 31. okt. (lau. - þri.), 31. okt. - 4. nóv. (þri. - lau.) og 4. - 8. nóv. (lau. - mið.)

Áhugaverðar og ljúfar borgar- og verslunarferðir fyrir einstaklinga jafnt sem hópa. Aðeins 3 - 3,5 klst. beint flug og gist á glæsilegum hótélum. Verð með sköttum frá kr. 57.300 m.v. tvo í herbergi á Holiday Inn.



Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni, Hesthálsi 10, s. 587 6000, info@vesttravel.is www.vesttravel.is www.trex.is



Herðubreiðarlindir eru falleg gróðurvin og þar er að finna byrgi Fjalla-Eyvinds. Í baksýn er Herðubreið með skýjahattinn sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Drottning íslenskra fjalla

Sumarið hefur farið vel af stað í Herðubreiðarfríðlandi. Margir útlendingar koma þar við á leið sinni að Öskju, en Íslendingar eru lítið á ferðinni fyrr en í júlí.


Herðubreið í Ódáðahrauni er eitt þekktasta fjall landsins og var kosið Þjóðarfjall Íslendinga árið 2003. Fjallið, sem nær 1682 metra yfir sjávarmál, er móbergstapi sem varð til við eldgos undir jökli fyrir meira en 10.000 árum. Við rætur Herðubreiðar eru Herðubreiðarlindir, gróðurvin þar sem

margar lindir spretta fram undan hraunröndinni og sameinast í Lindaá.

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hefur verið einn af landvörðum Herðubreiðarfríðlands og Öskju síðustu þrjú sumur. Hún segir sumarið fara vel af stað og mikið um bókanir bæði í gistiskála og ferðir um svæðið. „Vegurinn í Herðubreiðarlindir var opnaður 22. júní og það eru flestir sammála um að þó nokkur umferð sé búin að vera miðað við tíma,“ segir Jóhanna.

Meirihluti þeirra sem koma í Herðubreiðarfríðlandið eru útlendingar en Íslendingar hafa ekki enn tekið við sér. „Mér hefur fundist að Íslendingar byrji varla að ferðast fyrr en í júlí, þegar þeir eru almennilega komnir í sumarfrí. Útlendingarnir sækja mikið í Öskju og koma þá hér við í leiðinni. Þeir kikja meðal annars í Eyvindarkofann, þar sem Fjalla-Eyvindur átti vetursetu frá 1774 til 1775, en halda svo áfram í Öskju.“

Fyrst var gengið á Herðubreið árið 1908 en áður var fjallið talið ógengt. Eina færa leiðin er að norðvestanverðu en þegar komið er upp á topp er útsýnið óviðjafnanlegt. „Tveir hafa farið upp á Herðubreið í sumar. Það er enn snjór í fjallinu og einnig er mikið hrun úr bröttum hlíðunum. Þetta er ekki auðveld ganga og mikilvægt að taka með sér staðsetn-



Rauða línan sýnir gönguleiðina frá Herðubreiðarlindum að Herðubreið. Eina leiðin upp á fjallið er að norðvestanverðu og sýnir punkturinn hvar sá staður er.

ingataeki þar sem erfitt getur reynt að finna leiðina til baka.“ Hægt er að gista í skála eða tjalda í Herðubreiðarlindum og þar er bæði salernis- og sturtuaðstaða. Gangan frá skálanum, upp á fjallið og til baka tekur um 12 klukkustundir. „Einnig er hægt að keyra að uppgöngunni við fjallið en einungis á vel búnum og upphækkuðum jeppum. Aksturinn tekur þá um tvo tíma og síðan er gangan upp og niður fjallið um sex tímar.“

Landvarsla verður á svæðinu fram til 5. september og er Jóhanna bjartsýn á sumarið. „Þetta hefur verið virkilega góð byrjun og hér er hlýtt og bjart.“

Þess má að lokum geta að landverðir bjóða öll kvöld í sumar upp á göngufærðir með leiðsögn, bæði í Drekkagili og Herðubreiðarlindum. Hægt er að hafa samband í síma 854-9301. mariathora@frettabladid.is



Gangan upp Herðubreið er erfið en útsýni frá toppnum er óviðjafnanlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúm og eldhús

Farfuglaheimilin á landinu eru tuttugu og sex og dreifast víða. Þau eru góður kostur þegar leitað er að ódýrri gistingu.

Farfuglar eru aðilar að stærstu gistihúsakeðju í heimi og hér á landi eru 26 slík gistiheimili. Miðað er við að ferðamenn komi með rúmfatnað með sér en sængur og koddar eru á staðnum. Einnig er hægt að leigja þar lök og ver. Annars er lögð áhersla sjálfsþjónustu á sem flestum sviðum á farfuglaheimilunum til að halda kostnaði í lágmarki sem aftur skilar sér til ferðalanganna. Þeir sem eru með félagsskírteini farfugla njóta þó bestu kjaranna. Gist er í tveggja til sex manna



Álftaland á Reykhólum á Barðaströnd er eitt af tuttugu og sex farfuglaheimilum á Íslandi. Þar er heitur pottur á pallinum og stórt grill.

herbergjum og á öllum farfuglaheimilum eru eldhús með öllum áhöldum sem gestir geta notað án sérstaks endurgjalds. Gisting kostar frá 2.050 til 4.000 á mann, eftir aðstöðunni. Fólki er ráðlagt að bóka fyrirfram á farfuglaheimilum en það er þó ekki skilyrði.


- 88

Ferðakerti gegn flugum

Verslunin L'Occitane hefur hafið sölu á kertum sem fæla moskítóflugur og aðrar flugur á brott. Kertið er í lítilli áldós með loki á



og hentar því afar vel til ferðalaga. Kjörnið er að taka það með í ferðatöskuna á framandi slóðir þar sem mikið er af skordýrum en einnig má taka það með í húsbilinn, tjaldið eða í sumarbústaðinn. Auk þess að fæla burtu flugur er af því afar hressileg og góð angan því það ildir af ferskum sítrusávöxtum.



Sumar 10

20. - 27. ágúst

Chiemsee - Salzburg - München

Í þessari skemmtilegu vikufærð verður farið að Chiemsee vatninu, sem er með fallegustu stöðum Þýskalands og gist þar í 4 nætur. Þaðan verður farið til tónlistarborgarinnar Salzburg en einmitt á þessu ári er haldið upp á afmæli Mozart. Skoðunarferð í Arnarhreiður Hitlers sem Bormann lét byggja á einstökum stað og færa honum að gjöf. Á leiðinni verður stoppað við Königsee vatnið sem er þekkt fyrir náttúrufegurð. Upplagt er að fara í siglingu á Chiemsee til eyjarinnar Herrenchiemsee en þar er höll Loðvíks II konungs Bæjaralands. Síðustu 3 næturnar er gist í grennd við hina liflegu Regensburg. Farið í siglingu á Dóná, Walhalla safnið skoðað og ekki má gleyma München.

Fararstjóri: Aldís Aðalbjarnardóttir

Verð: 104.940 kr. á mann

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is

s: 570 2790



allt atvinna

Alla sunnudaga

Uppstoppuðu selirnir hljóta mesta athygli gestanna

Selasetur Íslands var stofnað nýlega á Hvammstanga.

Alhliða fræðsla um seli við Ísland, nýtingu þeirra og afurðir, ásamt þjóðsögum um seli er meðal þess sem Selasetur Íslands á Hvammstanga býður upp á. Það er til húsa í sögufrægu húsi Verslunar Sigurðar Pálmasonar í hjarta bæjarins. Húsið hefur verið gert upp í því sem næst upprunalegri mynd undir umsjón Steinþórs Sigurðssonar listmálara en Hrafnhildur Ýr Viglundsdóttir, starfsmaður Selasetursins, hefur séð um uppsetningu

sýningarinnar. „Það er búin að vera töluverð trafíki frá því við opnuðum,“ segir hún og spurð hvað mesta athygli vekir hún uppstoppuðu selina. Hún segir Byggðasafn Húsvetninga og Strandamanna ásamt Selasetri Íslands hafa ráðið starfsmann í sex mánuði til að fara á bæina í kring og safna munum og sögum sem tengjast selnum. Það hafi skilað góðum árangri og enn eigi ýmislegt eftir að bætast við. En hvað skyldi nútímabörnum finnast um veiðar og nýtingu selnsins sem er kynnt á setrinu. „Ég hef ekki heyrt nein athugasemdir.

Við erum hvorki að febra söguna né gera hana blóðuga heldur segjum frá hlutunum eins og þeir voru og styðjumst við texta úr Íslenskum sjávarháttum eftir Lúðvík Kristjánsson. Ég held að sýningin sé þannig sett upp að hún stuði engan. Auðvitað er þetta vandmeðfarið efni en við heiðrum líka sérstaklega sr. Sigurð Norland frá Hindisvík sem var frumkvöðull að friðun sela við Vatnsnes.“ Framundan er að skipuleggja selaskoðunarstað við Illugastaði á Vatnsnesi, með sérstöku húsi búnu sjónaukum að sögn Hrafnhildar.



Kobbi horfir í kringum sig á hlaðinu við selasetrið.

MYND/HRAFNHILDUR ÝR

„Það er undantekning ef ekki sjást selir við Vatnsnes,“ segir hún. „Þó fer það eftir sjávarföllum því á flóði eru þeir úti að veiða og þá eru minni líkur á að þeir séu í auglýsni.“

Spurð hvort boðið sé upp á selkjöt í selasetrinu svarar hún. „Nei, við erum ekki með selkjöt og höfum það ekki sérstaklega á stefnuskránni.“

gun@frettabladid.is

Hátíðir um heim allan

EXIT

Hvar: Petrovaradin Fortress, Novi Sad, Serbía. Hvenær: 6.-9. júlí. Hvað: Tónlistarhátíð með frábærum strandpartíum og tækifæri til að svifa um í loftbelg. Heimasíða: exitfest.org.

FESTIVAL DES VIEILLES CHARRUES

Hvar: Carhaix, Brittany, Frakkland. Hvenær: 20.-23. júlí. Hvað: Róleg hátíð með stærstu nöfnum heims í tónlist ásamt alls kyns listauppkomum. Heimasíða: www.vieillescharrues.asso.fr.

SUMMER CARNIVAL

Hvar: Rotterdam, Hollandí. Hvenær: í lok júlí. Hvað: Þrjú daga hátíð í karabískum stíl, svipuð hátíðum í Río de Janeiro. Um ein milljón gesta frá Evrópu dansar við suðræna tónlist og tekur þátt í skrúðgöngu. Heimasíða: www.zomercarnaval.nl

WACKEN OPEN AIR

Hvar: Wacken, Þýskaland. Hvenær: 3.-5. ágúst. Hvað: Stór rokkónlistarhátíð í smábænum Wacken. Allar tegundir rokks - frá þungarokki til glyskokks. Heimasíða: www.wacken.com.

YAMAGATA HANAGASA MATSURI

Hvar: Norður-Japan. Hvenær: 5.-7. ágúst. Hvað: Tíu þúsund manns í búningum syngja og veifa bambushöttum með pappírblómum. Heimasíða: http://www.jnto.go.jp.

NORTHERN GREEN GATHERING

Hvar: Yorkshire, England. Hvenær: 17.-20. ágúst. Hvað: Friðsæl og fjölskylduvæn hátíð sem hefur það að leiðarljósi að vernda náttúruna. Nóg af skemmtiatriðum fyrir fólk á öllum aldri. Heimasíða: www.nggonline.org.uk.

MALMÖ FESTIVAL

Hvar: Malmö, Svíþjóð. Hvenær: 18.-25. ágúst. Hvað: Skemmtiatriði á sviðum borgarinnar til að kæta íbúa eftir sumarfrí. Byrjar með stóru partí með bjór og fiskmeti á langborði en einnig er nóg af tónlistaratriðum til að skemmta fólk. Heimasíða: www.malmofestivalen.se.

RAKSHA BANDHAN

Hvar: Norður-Indland. Hvenær: Ágúst. Hvað: Systkin í Norður Indlandi sýna hvert öðru ást og umhyggju í ágústmánuði en þessi hefð er rúmlega fimm hundruð ára gömul. Stúlkurnar binda silkiambönd um úlnið bræðra sinna og bræðurnir lofa að vernda systur sínar. Heimasíða: www.raksha-bandhan.com.

LA TOMATINA

Hvar: Bunol, Spánn. Hvenær: 30. ágúst. Hvað: Stærsta matarstríð í heimi. Gott er að taka gömul fót og einnota myndavél með í þennan tveggja tíma langa tómataslag. Heimasíða: www.tomatina.com

TRUNG THU

Hvar: Víetnam. Hvenær: Í byrjun september. Hvað: Máninn er hylltur í lok uppskerutímabils. Börnin eru með litríkar grímur og dansa á götum með lampa. Fólk minnst einnig ættingja sem farnir eru yfir móðuna miklu. Heimasíða: www.familyculture.com/holidays/tettrungthu.htm.

DÍA DE LOS MUERTOS

Hvar: Mexíkó. Hvenær: 2. nóvember. Hvað: Þrjú daga hátíð til að minnast látna ættingja. Sérstakt altari er sett upp á hverju heimili til að minnast hinna látnu. Heimasíða: www.acabtu.com.mx/diademuertos. -lkg



“Tikilluaritsi”

flugfelag.is | 570 3075

Suður Grænland

- paradís útivistarmannsins

Suðvesturströnd Grænlands, Eystribyggð, er heillandi heimur fyrir þá sem vilja njóta stórkostlegrar náttúrufergurðar á sólríkum sumardögum. Parna eru góðar laxveiðiar og kjörlendi til gönguferða.

Leitið nánari upplýsinga um það sem er í boði á Suður-Grænlandi, ferðamöguleika, skipulagðar ferðir, gistingu og aðra ferðapjónustu á www.flugfelag.is

Narsarsuaq við Eiríksfjörð

í beinu flugi tvisvar í viku í sumar (6. júní til 22. sept.), á þriðjudögum og föstudögum.

Sumartilboð á netinu:

Frá aðeins **11.800** kr.*

flugfarið á manninn aðra leiðina þegar bókað er á netinu – takmarkaður sætafjöldi



ARCTIC UMIQAQ LINE

Blue Ice

Upplifðu stórkostlega strandlengjuna frá Narsarsuaq til Nuuk með Arctic Umiaq Line og margbrotna náttúrufergurð með Blue Ice.

Nánari upplýsingar á www.aul.gl og www.blueice.gl

*Innfalið: Flugfar og flugvallarskattar. Tikilluaritsi - Velkomin!

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið





KT jeppa & útvistarverslun
S:466-2111
Pallhús
loftdælur
skriðgírar
lægra lágadrif

www.kliptrom.is

NÝJASTA ÆÐIÐ!
HVELLUR.com
G. Tómasson ehf • 960arvogi 6
Sími: 577 6400 • www.hvellur.com
.. í einum grænum

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep CHRYSLER DODGE

BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 • www.bfo.is

SUBARU HONDA NISSAN
Þjónusta Þjónusta Þjónusta

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlar, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nef-hjól á kerrur. Bílamottur.

G Svarahlutir
Sími 567 6744 • Bildshöfða 14 • 110 Reykjavík

NÝR ISUZU NQR

Burðargeta 3,5 tonn
20 m³ kassa
1500kg Dhollandia lyfta
Práðlaus fjarstýring
3,7m hlíðarhurð
Bakkmyndavél
Spoiler, Útvarp CD

Kr. 4.950.000 án vsk.

Vélheimar ehf
Eirhöfða 14, Reykjavík s. 587 5414

Þjónustuaðili: KÍG Þjónustan



REYNSLUAKSTUR

Lexus IS 250 hefur sportlegt yfirbragð.

Sprækur og þýður um leið

Lexus IS 250 er sannkallaður draumabíll fyrir þá sem hafa gaman að góðum aksturseginnleikum og lúxusbúnaði.

Það er óhætt að segja að Lexus IS 250 sé glæsilegur í útliti. Samt hefur útlit hans yfir sér hógvært yfirbragð. Þegar inn er komið er þó ekki nokkrum blöðum um það að fletta að hér er á ferðinni lúxusbíll. Yfirbragð IS 250 er raunar nokkuð sportlegt, setið er frekar djúpt í bílnum og kassinn milli framsætanna er víðamikill. En alls staðar blasir stílhreinn lúxusinn við, í mælaborðinu, klæðningunni, þægilegum sætum og áfram mætti lengi telja.

Eitt af því sem gerir IS 250 skemmtilegan í umgengni er lykillaust aðgengi. Ekki þarf annað en að hafa lykilin í vasa eða tösku þá nemur skynjari í húninum það. Bílnum er svo læst með því að ýta á lítinn hnapp í húninum. Ræsingin fer fram í starthnappi. Sem sagt einfalt og þægilegt!

Meðal búnaðar sem gera þennan bíl sérstakan má nefna handskiptibúnaðinn í stýrinu (í sport- og luxury-útgáfunni), kjósi bílstjóri að nota handskiptingu. Sömuleiðis er skemmtilegt að í mælaborðinu sést í hvaða gir bíllinn er, hvort sem sjálfskiptingin er notuð eða beinskíptingin. Af öðrum þægindum í stýrinu má nefna fjarstýringu á hljómflytingstækjum, rofa til að skipta milli upplýsinga á upplýsingaskjá og skriðstilli. Þegar kemur að



Hönnunin er stílhrein og falleg í stóru sem smáu. Hér má sjá fallegt brot við þokuljósinn.



Stillingar á sætum eru rafstýrðar.

geymsluhólfum og öðrum slíkum þægindum er bíllinn búinn eins og best verður á kosið og hljómtækinn eru af hæstu gæðum eins og Lexusinn er raunar þekktur fyrir.

Vélin er þýð og um leið gríðarlega spræk sem gerir akstur bílsins að sérstakri skemmtun. Sömuleiðis hin þýða sex þrepa sjálfskipting sem einnig lagar sig að akstursaðstæðum og -lagi hverju sinni. Stöðugleiki bílsins er eftirtektarverður. Óhætt er að segja að hann steinliggi á veginum, jafnvel þótt nokkuð greitt sé ekið og beygjurnar tekur hann með glans, líka á góðri ferð.

Lexus IS 250 er sannkallaður draumabíll. Vitanlega er verðlagið ekki á allra færi en þeir sem hafa tækifæri til að verja nálægt fimm milljónum króna í lúxusökutæki hljóta að renna hýru auga til IS 250.

steinunn@frettabladid.is



Ýmis stjórnæki eru í stýrinu, meðal annars má skipta um gir, sé bíllinn í handskiptivali.



Skottið leynir á sér.



Umhverfi bílstjórans hefur heldur betur lúxusyfirbragð.

| Lexus IS 250 Vél 6 strokka 2,5 l | Verð |
|-------------------------------------|-----------|
| IS250 6 gíra | 4.320.000 |
| IS250 sjálfskiptur | 4.520.000 |
| IS250 Sport sjálfskiptur | 5.350.000 |
| IS250 Luxury sjálfskiptur | 5.350.000 |



Baksvipurinn er stílhreinn og sportlegur.



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Bókakápur og bílvélar

Læknir nokkur kom að máli við konu og sagði að honum litist ekki nógu vel á útliti hvað manninn hennar varðaði. Konan sagðist alveg sammála en bætti við að hann væri bara svo góður við börnin að hún reyndi að horfa framhjá því.

Þessi gamla skrífla gerir góðlátlegt grín að því hvernig okkur hættir til að dæma fólk eftir útliti þess frekar en innri manni. Sem er sannarlega slæmur siður en líklega jafngamall mannkyninu. Það kom mér samt óþægilega á óvart þegar það rann upp fyrir mér að við höfum sömu tilhneigingu þegar kemur að bílum. Flottir bílar hljóta að vera betri en þeir sem eru ljótir, ekki satt? Og þeir komast auðvitað hraðar ef þeir eru með sportrendur?

Einu sinni átti ég gamlan bíl sem var ákaflega ljótur að utan. Yfirbyggingin var illa bætt með trefjaplasi sem stóð út í loftið eins og graftarkýli. Hugtakið „fjarska falletur“ byrjaði fyrst að eiga við í tveimur kílómetrum. En hann var mjög vel farinn að innan og eyddi litlu. Öll ljós og tæki virkuðu eins og þau áttu að gera og mótörinn datt í gang eins og ekkert væri. Fyrir utan eina viftureim þurfti ég aldrei að gera neitt fyrir bílinn. Ég varð því ógurlega sár þegar ég var spurður að því hvort ég ætlaði ekki að fara að henda þessari druslu og fá mér betri bíl.

Viðhorf fólks til útlits virðist eiga jafnt við um bíla og til dæmis í samskiptum kynjanna. Falletur maki hlýtur að vera góður maki og flottur bíll hlýtur að vera góður bíll. Og öfugt? Ég á samt auðveldara með að taka ástfóstri við ljóta bíla sem eru traustir og gaman að keyra en flotta bíla sem eru bilanagjarnir eða leiðinlegir í akstri (ég er of vel upp alinn til að heimfæra þetta yfir á konur).

Flestir bíleigendur í dag vilja sem minnst vita um vélbúnað bíla og tæknihljóða. Þeir eru sáttir ef þeir líta vel út og koma þeim frá A til B. Kannski ekki ósvipað fyrstu kynnum hjá elskendum. Útlitið er það fyrsta sem fólk tekur eftir hjá hvort öðru og fyrir suma getur það dugað eitt og sér. Eins og með bílana. Kosturinn við þá er samt að í einum og sama reynsluakstrinum er hægt að veita og meta útlitið og kraftinn og fá góða tilfinningu fyrir aksturseiginleikum og því hvort bíllinn muni endast manni. Nokkuð sem erfið er að gera á 15 mínútum með manneskju.

Vísindamenn telja að útlit skipti máli í makavali vegna þess að falleg manneskja virðist hraust og heilbrigð og því vænlegur kostur þegar kemur að því að auka kyn okkar. Í ljósi þess leikur mér töluverð forvitni á að vita hvernig þeir útskýra þráhyggju okkar með útlit bíla.



Sterklegar línur einkenna neðri hluta yfirbyggingarinnar.

Antara verður að veruleika á þessu ári

Hugmyndabíllinn Opel Antara fékk góðar viðtökur á síðasta ári og fer fljótleiga í framleiðslu.

Á þessu ári mun Opel setja á markað fimm dýra útfærslu af nýjum Antara í kjölfar mikilla vinsælda Antara GTC hugmyndabílsins á bílasýningunni IAA 2005. Bíllinn er væntanlegur í lok árs og verður búinn tölvustýrðu fjórhjóladrifi og raf-vökvaknúnu mismunadrifi.

Sérstæð hönnun Antara byggist á djörfum leik að andstæðum. Neðri hlutinn er afar sterklegur ásýndum og hönnun yfirbyggingarinnar er byggð á djörfum línunum

og stríðum flötum sem gefa bílnum sportlegt og kraftmikið yfirbragð og stílhreinan glæsileik. Hönnuðirnir sáu fyrir sér fjölnotabíl sem er bæði kraftmikill og þægilegur á löngum ferðum. Hvert smáatriði er úthugað, eins og skorurnar á vélarhlífinni og breiða krómstöngin í grillinu með Opel merkinu fyrir miðju, og undirstrikar þannig mikil gæði og einkenni vörumerkisins.

Mikil hæð frá jörðu, stór dekk og öflugur öryggisbúnaður eru meðal helstu eiginleika Antara. Hann tekur ekki meira pláss en meðalstór fólksbíll en er samt sem áður afar rúmgóður að innan. Meðal véla sem fánlegar verða er 224 hestafla, 3,2 lítra V-6.

fréttir }

Tölvubíll frá Nissan

SPORTBÍLLINN NISSAN URGE KEMUR BRÁTT Á MARKAÐ.

Bíllinn verður búinn þeim skemmtilega eiginleika að XBOX 360 leikjätölva frá Microsoft oft verður innbyggð í bíllinn. Þegar bíllinn er lagt fer XBOX-tölva í gang og því hefur verið komið þannig fyrir að stýrisbúnaður bílsins er notaður til þess að stýra kappakstursleikjum í bílnum. Stýri, bensingjöf, kúpling og hemlar bílsins koma öll við sögu í þessari nýstárlegu tölvuleikjastjórnun. Þeir sem hafa gaman af bílaleikjum en hafa ekki efni á því að kaupa sér sportbíl til þess að stýra leikjunum munu geta keypt tölvuna eina og sér áfram.



Chrysler lofar endurgreiðslu

FORRÁÐAMENN CHRYSLER GROUP Í BANDARÍKJUNUM ERU AÐ IHUGA ÁÆTLUN SEM BÝÐUR VIÐSKIPTAVINUM CHRYSLER UPP Á 30 DAGA SKILAFREST Á CHRYSLER-BIFREIÐUM.

Opinber fréttatilkynning um málið mun ekki berast fyrr en í næstu viku en Chrysler Group hefur sagt öllum viðskiptavinum sínum frá fyrirhugaðri áætlun.

Viðskiptavinir sem kjósa að skila bifreiðum sínum munu fá endurgreitt en þurfa samt sem áður að borga skatt og málugjald.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr 2.690.000 eða
Kr. 28.912 á mánuði*

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bíllinn handa þér

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Turtle WAX

EXTREME NANO-TECH WASH & WAX

EXTREME NANO-TECH POLISHING WAX

EXTREME NANO-TECH TYRE GEL

Bón og hreinsivara NÝ OG ÖFLUGRI VARNARLÍNA FRÁ TURTLEWAX

Söluaðilar um land allt

Esso **Bilanaust**

... á næstu Esso stöð ... bestir fyrir bilinn þinn



Októ við Hummer H-3, nýjasta æðid í jeppakaupum landans.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveggja tonna litli bróðir er vinsæll á Íslandi

Íslendingar sjá ljósið í Hummer H-3.

Á sama tíma og bandaríski herinn er að pakka saman á Keflavíkurlugvelli virðist hann halda innreið sína á götur Reykjavíkur. Hálfgerð sprenging hefur orðið í sölu Hummer-jeppa á síðustu mánuðum. Þeir eiga uppruna sinn í HMMWV-herjeppanum (High Mobility Multipurpose Wheeled Vehicle) sem var kallaður Humvee til styttingar.

Seint á nýfundu áratugnum var borgaraleg útgáfa sett á markað undir nafninu Hummer H-1. Hann var mjög stór og þungur og örlítið minni útgáfa, H-2, var sett á markað 2003. Þrátt fyrir lítillsáttar minnkun þótti hann enn of stór og það var ekki fyrir en um

síðustu áramót sem H-3, tveggja tonna litli bróðir hinna tveggja, kom á markað sem almenningur tók við sér.

„Hann er tonni léttari en dæmigerður Hummer,“ segir Októ Þorgrímsson hjá Íslensk-bandaríska, sem flytur inn Hummer. „H-3 er í sama flokki og Grand Cherokee, Explorer og Durango. Við tókum fyrstu bílana inn í desember þegar þeir voru alveg nýir á markaðnum. Þetta er mjög nothæfur bíll fyrir almenning.“

Það var Arnold Schwarzenegger sem beindi sjónum almennings að H-1 fyrstur manna. Þeir bílar þóttu þó bilanagjarnir og fyrirhugað er að hætta framleiðslu þeirra fyrir almenning á næstunni. H-2 og H-3 verða enn í

boði. „Það sem H-3 hefur fram yfir aðra bíla í sama flokki er að inni í verðinu er breyting sem mundi annars kosta um milljón. Hann kemur með utanvegapakka sem í eru 33“ dekk, 100% raflæsing í afturdrifi, drifhlutföll og hlífðarpönnur undir öllum bílnum. Þetta held ég að sé aðalástæðan fyrir vinsældum bílsins.“

Íslensk-bandaríska hefur flutt inn sextán Hummer-bíla frá því í desember. Til samanburðar má geta þess að nýskráðir Hummer-bílar á öllu síðasta ári voru alls níttján. Hann segir að af þeim bílum sé aðeins einn H-2. „H-3 kostar vel útbúinn um 5,5 milljónir og eyðir frá 11,8 og upp í 14,8 á hundraðið. Maður fær því mikið fyrir peninginn,“ segir hann að lokum.

allt atvinna

Alla sunnudaga

www.velaborg.is

S: 414 8600

DAF XF 95.480



Eigum á lager einn DAF XF 95.480 tveggja öxla dráttarbil búinn öllum hugsanlegum þægindum

Verð kr. 9.638.300 án vsk.

Innifalið í verði:

- Euro 3 vél 480 hö. 2.100 Nm
- ZF tólf gira sjálfskipting
- ALCOA álfelgur
- Loftfjaðrir að aftan, hefðbundnar framan
- Niðurgírun út í hjól
- Þriggja þrepa "Retarder" og mótorbremsa
- 500 lítra olíutankur úr stáli
- Kojuhús með tveimur kojum, ísskáp, olíumiðstöð og fullkomnu hljómkerfi með 8 hátölurum.
- Eyðsla frá 33 - 36 lítra á hundraði.
- Litur „Flake gray“



Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar

Vélaborg ehf.

Reykjavík • Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri • Njardarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

Ný vegahandbók

Endurbætt og endurskoðuð útgáfa komin út.

Vegahandbókin kemur út annað hvert ár og verður sífellt vðameiri og ítarlegri handbók, ætluð þeim sem ferðast um Ísland. Ytra útlit bókarinnar er nokkuð breytt að þessu sinni og er kápa hennar og band allt sérstaklega styrkt svo að hún þoli það vel að velkjast í bílnum eða farangrinum á ferðalaginu um Ísland.

Í þessari nýju útgáfu er mikið af nýju efni sem áhuga-vert er fyrir ferðafólki. Meðal þess má nefna upptalningu á öllum gistiskálum Ferðafélags Íslands og Útivistar og lýsingu á staðsetningu þeirra og staðhættum við þá. Þá er öllum

helstu skógum á Íslandi lýst í máli og myndum og sýnt á kortum hvar þeir eru. Enn fremur er sérstakt kort yfir frídlýst svæði á Íslandi og sérstök opna er helguð Snæfellsnesþjóðgarði.



Öll vegakort í bókinni hafa verið endurskoðuð og uppfærð í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á vegakerfinu frá síðustu útgáfu Vegahandbókarinnar. Jafnframt hafa skrár yfir gisti- staði, sundstaði og hvers konar afþreyingu fyrir ferðafólk verið endurskoðaðar og uppfærðar. Þá er í henni

fjöldi nýrra auglýsinga og upplýsinga frá ferðaþjónustuaðilum um allt land, auk fjölda annarra upplýsinga. (www.fib.is)

Fornbíladagur á morgun

Í ÁRBÆJARSAFNINU.

Árlegur fornbíladagur í Árbæjarsafninu verður haldinn á morgun, sunnudaginn 2. júlí. Almenningsi ætti þá að gefast gott tækifæri til að skoða gamla og sígilda gullmola og fræðast um þá af eiginum. Félagar í Fornbílaklúbbi Íslands mæta á fornbílum sínum í safnið klukkan 13.00 og verða bílarnir hafðir til sýnis til klukkan 17.00.



allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 13.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18 FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19 LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



FORD MUSTANG BLÆJA ÁRGERÐ 2005. Ekinn 12 þ.km. þúsund km. Verð kr. 3890.000. Skipti: Öðryri

Höfðahöllin
Klettháls 2, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



Nýr Dodge Durango Limited. 7 manna, leður, luga, stígbretti, allt rafknúði, 3 litir: svartur, silfur og dökkblár. Km .mælir, 2ja ára ábyrgð þjónustaður af Ræsi. Til sýnis á ataðnum. Fáránlega lágt verð: 4.190 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

Islandus.com

Spurðu Tóta

NYTT! Leitar-Velmenni

GM, Nissan, Audi, VW, etc.

Bílar á lægra verði! Ábyrgð fylgir öllum bílum

Islandus.com

NYTT! Bílaleitar-Velmenni. Finnur blínni á augnarblíki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasólum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í Íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabráði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Islandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuværs 552 2000 og net-spjall við sölumenn er á www.islandus.com



Til sölu Benz 230E '89, ssk., vel m. farinn, toppl., cd, sumar- og vetrard., ekinn 300 þ. Tilboð. S. 866 6766.



Eitt magnaðasta tækid á götunni. Benz C36 AMG árg. '96, ek. 160 þús. Leður, rafmagn í öllu. Einstak eintak, 300 hö. S. 867 8028.



Fiat Stilo 1800 árg. '03, ek. 50 þ., loftkæling, cruise control. Listaverð 1650 þús. fæst gegn yfirtöku á láni á 1.030 þús. Afb. 17 þ. á mán. S. 896 6389.



Mjög vel með farinn VW Golf, 1.4 beinsk. Ek. 90.000, 17" álfelgur á low profile dekkjum + 14" vetrard. á stálfelgum. Dökkur rúður, vindskeld. Ásett verð 650 þús. Uppl. í s. 696 3290, Guðrún



Toyota Avensis S/D VVTI New árg. '04 ek. 51 þ. Ssk, þjónustub. Reyklaus. Flottur bíl. Uppl. 899 1662.



Toyota Land Cruiser VX 90. Árg. '98 dísel, ek. 185 þús. Ssk. 7 manna, dráttarb. ný yfirfarið head. Verð 1750 þús. Góður óbreyttur bíll. Get tekið upp í japanskan bsk. byrjendabíll á verðinu 200-250 þús. Uppl. í s. 825 0652.



Audi A4 (2000). Árg. 2002. Ekinn 70 þús. km. Sjálfskiptur. Leðuráklæði og sólluga. Sumardekk + vetrardekk. Áhvilandi 950 þús. kr. Verð 1.990 þús. kr. Sími 821 6249.



Ford Focus. Árg. 1999. Ekinn 130 þús. km. Beinsk. Sumardekk á álfelgum og vetrardekk á felgum. Nýskoðaður. Verð 590 þús. kr. Sími. 821 6249.



Til sölu Ford Ranger árg. 1992, ekinn 159 þ. Ásamt pallhýsi, Shadow Cruiser, árg. 1995. Skel og 33" vetrardekk fylgja. Ásett verð 700.000 kr. Uppl. í síma 892 6806 eða 464 3535.



Honda Civic 1.4 '98, ekinn 123.000, skoðaður '07. Verð 380 þ. str. Allar nánari uppl. í s. 898 6220.



Til Sölu Subaru Impreza Turbo, árg. 99. vel með farinn bíll, óbreyttur og ekkert búið að fíka í honum. turbotimer toppluga og körfustólar. sími 862 4500.



Til sölu Ford F350 árg. '95. Góður vinnubíll. Uppl. í s. 864 6220.



Nissan Almera 1600 06/99, ekinn 90 þ., sk. '07, v.dekk á felgum, góður bíll, uppl. í s. 846 8200.



Gullmoli til sölu! VU821 Subaru Impreza WRX nýskr. 02/06 bsk., ek. 9 þús. km. Verð 3.290.000. Áhv. 2.5 millj. Ath skipti á öðryri fjölskyldubíll. Óli s. 840 2000 olafur@in.is



Dodge Grand Caravan árg. '98 ek. 70 þús km. V. 770 þús. str. 7 manna. Reyklaus, frábær ferðabíll. Sk. '07. Uppl. í s. 662 1505 & 866 3712 Rafn.



Til sölu MMC Lancer árg. '04 1600 Comfort, 4 dyra, ssk., ek. 30 þús., álf, reyklaus. Glæsilegur bíll! Verð 1450 þ., s. 862 1712.



Toyota Landcruiser VX90 35" 6.2000 til sölu. Þetta er glæsilegt eintak með öllu. Ekinn 112 þ. km. Verð 2790 þ. kr. Uppl. í síma 659 1800.



Til Sölu Renault Kango árg. 11/04, ek. 22 þ. Verð 1.230 þús. Áhv. bílalan. Uppl. í s. 868 8565.



Til sölu Alfa Romeo T-Spark 2.0, árg. '99, ek. 101 þús., Tilboð óskast, timareim farin, álfelgur og Low profile dekk fylgja. Uppl. í síma 661 8902.



Kia Grand Sportage 09/98 ekinn 78 þús. km Mjög góð smurbók og ný timareim Algjör gullmoli uppl. í síma 847 6044 arnoddur@simnet.is



Enginn útborgun Opel Asra árg. 2000 fæst gegn yfirtöku á láni eða 430 þús. uppl. í s. 847 6044 arnoddur@simnet.is



Mercedes Benz
C280 Bens, árg. '95, 190 hö, sjálfskiptur, toppluga, álfelgur, nýleg sumardekk o.fl.
Gott verð!!
S. 693 7585.



Subaru Impreza Sedan GL 4WD einn eigandi, skr. 6/00 ek. 56 þ. km. Verð 850 þús. Uppl. í s. 891 6461.




Til sölu BMW 740IA '95. Yfirtaka á láni + 300 þ. í pening. S. 868 3069.



Til sölu Toyota Avensis '99, verð 490 þ. Honda Accord '90, verð 95 þ. Honda Civic '96, verð 260 þ. S. 868 3069.



Til sölu Toyota Corolla 1,3 '92, sk. '07. Ek. 167 þús. Verð 120 þús. Polo '98 1,4, sk. '07, ek. 120 þús. Smá dældaður. Verð 140 þús. Pajero langur '87 2,4 bensín. Nýupptekin vél ofl. S. 849 0527.



Nissan Sunny árg. '95, þarfnast smá lagfæringa, ek. 115 þús. Verð 50 þús. S. 697 7417.




Benz E55 AMG árg. '98, ek. 82 þ. Bíll með öllum aukahlutum. 356 hö. Topp eintak. Uppl. í s. 893 2428 & 867 1425.



VW Golf 1.6 árg. '04, ek. 40 þús. Verð 1600 þús. Upplýsingar í síma 899 1977.




500 þús+ yfirtaka
1850 þús. kr. lán. Afb. ca. 30 þús. á mán. Subaru Legacy árg. 10.05. Selst v/flutninga. Dráttarbeisli, sumardekk á felgum. Uppl. í s. 895 0543 & 867 0543.




Hyundai Sonata 2,0 '04 ssk., ek. aðeins 17 þ. Álf., rafmagn o.fl. verð 1.640 þ. mög. yfirt. á láni. S. 820 7103.




Til sölu Man 26 463 árg. '96 dráttarbill m.snjómokstursbúnaði s. 892 3559.




Subaru Impreza Sedan GL 4WD einn eigandi, skr. 6/00 ek. 56 þ. km. Verð 850 þús. Uppl. í s. 891 6461.



Til sölu BMW 740IA '95. Yfirtaka á láni + 300 þ. í pening. S. 868 3069.



Til sölu Toyota Avensis '99, verð 490 þ. Honda Accord '90, verð 95 þ. Honda Civic '96, verð 260 þ. S. 868 3069.



Til sölu Toyota Corolla 1,3 '92, sk. '07. Ek. 167 þús. Verð 120 þús. Polo '98 1,4, sk. '07, ek. 120 þús. Smá dældaður. Verð 140 þús. Pajero langur '87 2,4 bensín. Nýupptekin vél ofl. S. 849 0527.



Nissan Sunny árg. '95, þarfnast smá lagfæringa, ek. 115 þús. Verð 50 þús. S. 697 7417.

0-250 þús.

10" 500w tubu box, með magnara TILBOÐ 3990 kr.

www.visir.is

Pyle.is er með fulla búð af græjum í bílinn þinn. Gerðu verðsamanburð. Sendum út á land. Pyle.is S. 893 1994, Pyle@Pyle.is



Audi UrQuattro 200hö. Gangfær en þarfnast uppg. S. 695 4167 / teddin-arfa@hotmail.com



Mjög sparsamur! Daihatsu Sirion, bsk, árg. 1999, ekinn 106.000. Ásett verð 370 þús. Tilboð 250 þús. Sími 848 5960.



Ford Explorer '92, nýskoðaður, fallegur, bsk., 31" breyttur, 185 þús. km, cruise, krókur. kr 230 þús. S. 898 5531.



Opel Astra '9 ek. 140 þús., bsk. Er öku-fær, en þarfnast viðhalds. Vegna þess fæst hún á ótrúlegan 250 þús. kall. S. 694 2042.




Sumartilboð Til sölu Toyota Yaris Sol '99 verð 435.000 ekkert prútt, uppl. 896 0676.



W Vento 1,8 GL árg. '96 ek. 150 þ. 5 gíra, CD, snyrtilegur bíll í góðu lagi. Verð 180 þ. Uppl. í s. 864 8338.



Til sölu mjög vel með farinn Opel Astra 1.6, árg. '97, ek. 102 þús. Ný skoðaður, verð 170 þús. Uppl. í síma 824 4301 og 698 1691.



Til sölu Yamaha 700 árg. '95 í toppstandi. Verð 290 þús. Uppl. í s. 696 7704.



Til sölu Toyota Carina w/g '93 2.0 ssk. sk. '07 verð 180 þ. Uppl. í s. 693 3095.



Til sölu Peugot 206. Árg. '99 Verð 350 þús. Uppl. í s. 557 5985.

Konubíll. Til sölu Opel Astra, árg. '97, ek. 75 þ. Sami eigandi. Ný tímareim, skoðaður '06, vetrardekk fylgja. kr. 270.000. Uppl. í síma 846 7915.

Toyota Carina E '94 2.0 ekinn 180 þús. Verð 290 þús. Uppl. í síma 869 1266 & 695 7350.

Toyota Corolla árg. '98, 5 dyra, ek. 160 þús. Nýskoðaður '07 í mjög góðu standi. Uppl. í s. 897 7861.

Mercedes Benz 409. 14 manna rúta. Árg. '88. Rauð og hvít. Ný sumardekk. Uppl. í s. 869 0515

Susuki Vítara '97 til sölu ek. 146 þ. beinsk., grár, verð 350 þ. skoðaður '07 s. 843 0221.

Musso árg. '97 diesel 2,9 vél, dráttarkrókur, verðtilboð óskast í s. 862 8551.



Rav 4 árg. '96. Ekinn 115 þ. Verð 660 þ. Vantar þig góðan og öruggan bíl í ferðalagið? Þá er þetta tækifærið. S. 861 3344.

Plymouth Voyager árg. '96, 3,0 L. Ekinn 141.000 km. Mjög góður 7 manna fjölskyldubíll. Sjá www.bilasolur.is. Uppl. í s. 844 1181.

Til sölu VW bora 2000 ekinn 110 þús., góð heilsársdekk, verð 750 þús. s. 847 3217.



Til sölu silfurgrár BMW 316 m/1900 vél, árg. '00, ek. 106 þús. Áhv. vaxtalaust lán. Sími 863 5445 & 862 7182.



Til sölu Subaru Legacy '01 ek. 82 þ. km, krókur sumar/vetrard á felgum, beinsk. uppl. í s. 820 1913.



Dodge Sprinter 316 CDI, árg 2005, ekinn 1þkm, ssk, ollímiðstöð, 13+1 manna, tvær miðstöðvar og kælingar, rafm í öllu, driflæsing með spólvörn, verð 4.500 þús uppl í s: 892 1116 og 892 5005



Ford Excursion Limited árg 2001, ekinn 102þ, leður, 8 manna, powerstroke dísel, álfelgur, topp eintak, sk ódyrari, verð 3.400 þús uppl í s: 892 1116 og 892 5005




Jepp Grand Cherokee Laredo, árg 2005, ekinn 30þkm, gullans, ssk, 3.7 V6, rafm í rúðum og central, álfelgur, sk á ódyrari, verð 3.300 þús uppl í s: 892 1116 og 892 5005



M Benz E240 Elegans, árg 2000, ekin 90þkm, einn eigandi, leðurinnrétting, rafm í öllu, minni á sætum, 2 álfelgugangar, topp eintak verð 2750 þús, uppl í s: 892 1116 og 892 5005



Til sölu Gmc Sierra 1500, 6.0l, pick up, stepside skúffa, Leður, rafm í öllu 33" dekk. Verð 850 þús, uppl í s: 892 1116 og 892 5005



Porsche Carrera Cab GT3 '01 Bsk. 6g, PSM, Xenon, CD, sætum, hardtop o.fl. 7.390þ S:897-2779



Bmw M Roadster, árg. 1998, 321 hö., blæja & Hardtop. Bíll í toppstandi. Ásett 2.890 þ. Uppl. Helgi í s. 864 6565.



Ford 250 stóri dísel mótór árg. '04 + fishús, ek. 15 þ. milur. Verð 5 millj. Einnig Hyundai Coup árg. '98. Verð 250 þ. Isuzu Crew Cap árg. '86. Verð 250 þ. Uppl. í s. 699 1374.



2 stk VW transporter Shuttle 12/04 nr 1, 2,5 dísel, 6 gíra,sóllúga, filmur, álfelgur og krókur, 8 farþega, ekinn 125.000, grænn, toppviðhald, sími 840 1540 Sævar, nr 2 dísel, ssk., rafmagnshurð, cruise, 7 farþega, ekinn 180.000, grænn toppviðhald. Sími 898 2200, Baldur.

Mini 2003

Ek. 28 þ. km, 90 hö. Rauður, mjög vel með farinn. Áhvílandi 2.000.000, Sjóvá. Verð 2.100.000. Uppl. í s. 897 4583.

Til sölu Grand Cherokee árg. '95 Triganotjaldvagn árg. '04. Upplýsingar í síma 892 1216.

Til sölu Hyundai Elantra árg. '93, ek. 183 þús. Verð 70 þús. Uppl. í s. 865 7739.

Polo '97, þarfnast lagfæringar, álfelgur, saml., CD, fæst fyrir lítið. Uppl. í síma 692 8873.

Suzuki Vítara árg. '99 dísel, 35" breyttur, þarfnast lagfæringar. Daihatsu applause árg. '91. Verð 50 þ. s. 699 8899.

Til sölu Toyota Corolla '96, ekinn 205 þús. Litur mjög vel út, blár, álfelgur og spoiler. Verð 190 þús. Uppl. í s. 847 4225.

VW Golf ST. Variant 1800. Ekinn 178 þ. Í mjög góðu standi, þarf þó að ríðbletta. Fæst fyrir lítið. Uppl. 824 5054.

Bíll óskast frá kr 0 til 50 þús. Uppl. í síma 820 4640.

Opel Astra 1400. Árg. '96. Ek. 160 þús. km. Ssk. Verð 200 þús. Uppl. í s. 664 7040.

Pajero '91, V6, ssk., langur, sk. '07 í toppstandi. Verð 250 þús. s. 899 9054.

Ofangreind tillaga verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 3. júlí til 31. júlí 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 14. ágúst 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögnum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

FASTEIGNIR

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU



3. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

VERÐ FRÁ KR. 16.450.000*

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa
FASTEIGNAFÉLAG
AUSTURLANDS

567 3400

**FASTEIGNA- OG SKIPASALA
AUSTURLANDS EHF.**

580 7905

domus
FASTEIGNASALA

545 0555



Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

**FASTEIGNASALAN
ÁRBORGIR**

FYRIRTÆKI – HVERAGERÐI



Hið rótgróna þvottahús Hveralín í Hvaragerði er nú til sölu. Fyrirtækið sem hefur marga fasta viðskiptavini er í eignin húsnæði og fylgja því öll tæki til rekstursins. Töluverð sóknarfæri eru fyrir fyrirtækið. Lágur orkukostnaður á staðnum gerir reksturinn afar haghvæman. Hverlín er gott fyrirtæki í góðum rekstri.

Frekari upplýsingar á skrifstofu Árborga í síma 482 4800

Guðjón Sigurjónsson, löggiltur fasteignasali

**FASTEIGNASALAN
ÁRBORGIR**



TIL SÖLU HESTAJÖRÐ

Jörðin Krókur í Ásahreppi, Rangárvallasýslu, stendur á mjög fallegum stað á bökkum Þjórsár. Jörðin er aðeins um 20km fyrir austan Selfoss eða í um einnar klst akstursfjarlægð frá Reykjavík. Jörðin er um 267 ha að stærð og er allt landið gróið. Á jörðinni hefur verið rekin hrossaræktun og er uppbygging á staðnum miðuð við slíkan rekstur. Hesthús eru fyrir um 80 hross, 900m² reiðskemma með góðri lýsingu, loftræstingu og starfsmannaaðstöðu. Þá er einnig 200m reiðvöllur sem nýtanlegur er allt árið um kring. Mjög auðvelt er að skipta jörðinni upp þar sem tvö íbúðarhús eru á jörðinni. Annað húsið er steinsteypt 178m² að stærð með studio-íbúð í kjallara en hitt húsið er 100m² timburhús. Ennfremur er kominn grunnur að þriðja húsinu. Öll bæjarstæðin eru afar glæsileg með ægífögru útsýni. Mögulegt er að kaupa jörðina í heilu lagi eða að hluta.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasalan Árborgir sími: 482 4800, e-mail: arborgir@arborgir.is

Guðjón Sigurjónsson, löggiltur fasteignasali

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



Guðmundur St. Ragnarsson
Löggtur fasteignasali

Öndverðarnesi | lóð 75

Opið hús sunnudaginn 2. júlí 14:00-18:00



Fallegt ca 57 fm sumarhús á frábærum stað. Leiðbeining að sumarbústaðnum: Keyrt er framhjá Prastarlundi og beygt inn um hlið til hægri móts við þingvallarafleggjarann. Því næst er tekin fyrsta beygja til vinstri og svo næst eftir það aftur beygt til hægri. Bústaðurinn er merktur Hákot og er nr. 75

Frekari Upplýsingar gefur Guðbjörg í síma 6982484.

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggtur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17

▲ Sími 588 90 90 ▲

Sverrir Kristinnsson löggtur fasteignasali

Kórsalir – „Penthouse“



Glæsileg 180,7 fm íbúð á 6. hæð í lyfthúsi. Auk þess fylgir bílastæði í bílageymslu. Stórfenglegt útsýni. Íbúðin er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni eru m.a. stórar stofur með suður-svölum útaf, eldhús, þvottahús og tvö herbergi. Á efri hæðinni eru tvö herbergi og sjónvarpshol. Um það bil 40 fm hellulögð verönd er útaf efri hæðinni. Verð 49,5 millj.

Nánari upplýsingar veitir Magna Sverrisdóttir, fasteignasali í síma 861-8511.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

Garðatorg 7 • 210 Garðabæ

545 0800

gardatorg@gardatorg.is

www.gardatorg.is

TJARNARFLÖT Í GARÐABÆ



Glæsilegt um 214 fm einbýli með tvöföldum bílskúr á frábærum stað í Garðabæ. 4 svefnherbergi. Talsverft endurnýjuð eign. Gott tækifæri fyrir vandláta. Sjá nánari upplýsingar og myndir á **www.gardatorg.is** Sölumaður Sigurður síma 898-3708. Pantaðu skoðun

Póroddur S. Skaptason löggtur fasteignasali • Þórhallur Guðjónsson sölumaður • Sigurður Tyrtingsson sölumaður

www.gardatorg.is



EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúli 27
108 Reykjavík
Sími 534 4040
Fax 534 4044
www.eignastyring.is

Erlendur Davíðsson
Löggtur fasteignasali



BÚRFELL Í GRÍMSNESI

BÓKIÐ SKOÐUN UM HELGINA HJÁ ATLA S: 899-1178

Höfum til sölu glæsileg heilsárshús, fullbúin og sérlega vönduð á eignalóðum með frábæru útsýni á þessum vinsæla stað skammt frá Selfossi. Stutt í alla þjónustu og afþreyingu. Gott skipulag, 5 herbergi, hiti í gólfum, flísar og parket.



ATVINNA

Fiskbúðin Hafberg vantar öflugan starfsmann

til að sjá um undirbúning fiskrétta og afgreiðslu í búðinni.

Viðkomandi þarf að vera samvissusamur, góður í mannlegum samskiptum, sjálfstæður og vandvirkur.

Góð laun í boði, allar nánari uppl. veitir Geir s. 820-3413.



Gnóðarvogi 44, sími 588 8686

Industria er framsækið og leiðandi fyrirtæki í ljósleiðaratækni Meðal verkefna okkar er lagning ljósleiðara í Reykjavík.

Við leitum að rafvirkjum, símvirkjum eða öðru laghentum fólki, í lagnavinnu innan-húss, sem vill tileinka sér nýja tækni.

Við bjóðum starf sem gæti hentað báðum kynjum, hjá traustu og framsæknu fyrirtæki

Áhugasamir sendi umsóknir á jobs@industria.com Uppl. um störf veitir Hilmar í síma 822-2561

Industria
Design • Build • Operate

SJÓNARHORN



Fylgst með miðnætursólinni í Reykjavík við Sólfarið sem er eftir listamanninn Jón Gunnar Árnason.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Örugg og ánægð börn í bílnum!



Bílsæðir og
bílsæðir frá
110 Reykjavík
567 2330

RECARO



BORGIN: BRATISLAVA

Bratislava er höfuðborg Slóvakíu sem áður var hluti af Tékkóslóvakíu. Borgin stendur á bökum Dónár við landamæri Austurríkis og búa um 450.000 manns í henni. Bratislava er í rúmlega hálf tíma fjarlægð frá Vínarborg sé farið með lest, en miðað við muninn á borgunum tveimur mætti halda að þær væru í þúsund kílómetra fjarlægð frá hvor annari.

Bratislava var austantjaldsborg og má sjá merki þess mjög augljóslega á byggingum og farartækjum hennar. Að miðbænum undanskildum er lítið sem mætir auganu nema stórar blokkir sem þarfnast flestar viðhalds. Gamli bær Bratislava er af öðrum meiddi, þar

eru engar kommúnistablokkir heldur sögufrægir kastalar og torg hvarvetna. Frægasta kennileiti Bratislava er án efa samnefndur kastali sem gnæfir yfir borginni á 82 metra hárrí hæð en þar hefur staðið kastali eins lengi og elstu heimildir greina frá. Í miðbænum liggja göngugötur í allar áttir þar sem gaman er að röltu um mjóar götur í snyrtilegum miðbænum. Verðlagið í Bratislava er mjög hagstætt og er hægt að versla mat og drykk á flottum veitingastöðum fyrir brot af því sem gerist annars staðar. Bratislava er ágætur viðkomustaður fyrir þá sem eru að ferðast á þessum slóðum, en tæpast er hægt að mæla með því að þar sé lengri tíma.

GRÍMA ER 10 ÁRA

Leggjum skærin frá okkur í dag 1. júlí frá kl. 14-16. Þjóðum öllum viðskiptavinum okkar til rómverskrar veislu, hljómsveit á staðnum, gráfíkjur og epli.



Gríma - hárstofa - Álíheimum 4

Hvaða hlutverki gegnir nálin á gömlum vínplötuspilurum?

Framan af 20. öld var algengast að varðveita hljóðupptökur á vínplötum. Afspilunartækni þeirra byggir á því að plötuspilari snýr hljómplötu með jöfnum hraða á meðan nál hans strýkst við rákir sem liggja í spirallaga ferli umhverfis miðju plötunnar. Við þetta tekur nálin að titra, titringurinn umbreytist í rafmerki sem svo aftur er leitt frá nálinni í gegnum magnara og loks til hátalara.

Spaugilegar athugasemdir skráðar á vínlinn

Við ystu brún vínplata er um 6 mm breiður flötur þar sem breitt er á milli ráka og engin hljóðmerki eru skráð. Þar er nálin látin hefja ferð sína um plötuna til þess að minnka hættu á að nálinni sé sleppt ógætlega á rákir sem bera hljóðmerki og valdi þannig skemmdum. Þegar hljóðupptakan er fullspiluð við innri brún plötunnar tekur við annað bil þar sem rákir verða dreifðari og enda í hring. Sjálfvirkir plötuspilarar treysta á þetta einkenni plötunnar og draga nálararminn upp þegar að því kemur. Á þessu svæði er algengt að hljómplötuframleiðendur skrái spaugilegar athugasemdir á vínlinn, sem lesa má undir sterku ljósi.

Einóma og víðóma hljómplötur

Í upphafi voru rákir hljómplatna einfaldar brautir í láréttu plani sem nálin titraði í. Þannig myndaðist ein hljódrás (einóma, e. monophonic). Til að ná fram tveimur hljódrásum (víðóma, e. stereophonic) þurfti að gera endurbætur á nálum spilara og rákum hljómplatna. Tvær rafrásir, ein fyrir hvora hljódrás, voru nú tengdar nálinni í stað einnar áður. Rákirnar voru líka gæddar þeim eiginleikum að hreyfing í lóðréttu stefnu hafði einnig áhrif á úttakið. Þannig hafði hreyfing nálar til vinstri og niður áhrif á hægri hljódrás en til hægri og niður áhrif á vinstri hljódrás.

Snúningshraði

Nú eru framleiddar hljómplötur með 33 1/3 snúningum á mínútu og 45 snúningum á mínútu. Lengi framan af voru 78 snúninga plötur algengar en það heyrir til und-

antekninga að nútímaplötuspilarar bjóði upp á þann snúningshraða.

Útlit vínplata

Algengasta þvermál hljómplötu er í kringum 300 mm (12 tommur), en einnig er nokkuð algengt að styttri hljóðupptökur séu gefnar út á 250 mm (10 tommu) eða 175 mm (7 tommu) plötum. Plata í fullri lengd (breiðskífa, e. long play, LP) er yfirleitt 300 mm í þvermál og spilst á 33 1/3 snúningum á mínútu. Með því móti má koma allt að 30 mínútum af efni á hvora hlið plötunnar. Vani er að lita vínplötur svartar, en viðhafnarútgáfur einstakra platna eða takmörkuð upplög eru oft höfð í öðrum litum og eru þess konar plötur oft eftirsóttar meðal safnara.

Ókostir vínplata

Ókostir vínplata eru þó nokkrir. Smærri rispur og ryk valda smellum og snarki við afspilun. Verði rispa milli ráka er hætt við að nálin flakki á milli þeirra þannig að hökt komi í hljóðupptökuna. Fylgífiskur þess að rákir plötu eru styttri eftir því sem innar er farið á plötuna er að hraði nalar miðað við rákir verður sífellt minni. Þetta veldur því að hljómur plötunnar getur breyst lítið eitt eftir því sem innar dregur. Vínplötur geta einnig skekkt, til dæmis vegna hita eða framleiðslugalla. Þegar skekktar plötur eru spilaðar geta tónar upptökunnar afbakast þar sem hraðinn á yfirferð nalarinnar verður annar en gert var ráð fyrir við hönnun ráka hljómplötunnar. Svipuð áhrif geta orðið ef gatið í miðju hljómplötunnar er ekki rétt staðsett.

Gæðum hrakar við spilun

Við spilun hrakar gæðum hljómplötu einnig óumflýjanlega. Sé of þung eða ósveigjanleg nál notuð getur platan orðið fyrir skemmdum á stuttum tíma og eiga hærri tíðnir það til að detta út fyrst. Það getur haft varðveislugildi að spila sömu plötuna ekki oft í röð því við spilun hitnar vínlinn og verður auðmótanlegri og hættu á varanlegum skemmdum eykst.

Bjarni Gíslason, verkfræðingur hjá Hönnun hf.



PLÖTUSPILARI Lengi framan af voru 78 snúninga plötur algengar en það heyrir til undantekninga að nútímaplötuspilarar bjóði upp á þann snúningshraða.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fylgiklausa: Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið að undanförunu eru: Hvernig koma konur fyrir í íslenskum þjóðsögum og ævintýrum, hvað eru sakamál, getið þið sagt mér allt um Samójed-sleðahundana, ef maður á jarðarskíka, á maður hann þá alveg niður að kjarna jarðarinnar, hvaða gallar erfast með Y-litningi og hverjir með X-litningi og má taka upp samtöl við lögregluna, til dæmis ef maður er stoppaður? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is

▶ NÝ PLATA!



**Guðrún
Gunnars**

**Friðrik
Ómar**



12
vinsæl lög
Ólafur Gaukur útsetti

1. Óbyggðajferð
2. Sveitaball
3. Ungur þér unni ég
4. Ég vil fara upp í sveit
5. Limbó rokk
6. Marína
7. Það er bara þú
8. Á heimleið
9. Jón er kominn heim
10. Rock calypsó í réttum
11. Æskuást
12. Því ekki (að taka lífið létt?)

góða skemmtun! ▶


sena

Sigurbjörn biskup 95

ára

Nú í vikunni fagnaði Sigurbjörn biskup Einarsson 95 ára afmæli sínu og útgáfu veglegrar bókar sem hefur að geyma þrjú prédikunar- og ræðusöfn hans sem hafa verið ófánleg um árabíl. Sigurbjörn hefur á langri ævi markað djúp spor í huga þjóðar sinnar með kærleika sínum og uppörvun bæði í ræðu og riti. Á ævikvöldi sínu stendur hann uppi sem áhrifamesti boðberi kristinnar á seinni tímum á Íslandi. Þjóðin stendur líka í þakkarskuld við Sigurbjörn fyrir að vera framvörður íslenskrar tungu og íslensks þjóðernis í áratugi.

En hvað mótaði manninn og hvað í lífi Sigurbjörns beindi honum inn á veg kristni, trúarlífs og fræða með svo áþreifanlegum hætti? Hvernig sér hinn aldri kirkjuhöfðingi samfélagið nú á dögum? Sigurbjörn biskup leit til baka með Svavari Hávarðssyni.

Sigurbjörn fæddist inn í veruleika íslenska bændasamfélagsins og kynntist af eigin raun erfiðleikum fátæktar og sárum missi, því móður sinni, Gíslrínu Sigurbergsdóttur, kynntist hann ekki. Það er ekki þar með sagt að hún hafi verið áhrifalaus í lífi sonarins.

Yfir gróf og dauða

„Móðir mín, hún dó frá mér þegar ég var hálf annars árs en ég heyrði alltaf mikið um hana og ég á nokkuð af bréfum frá henni. Ég hef kynnt henni þannig og ég veit að hún var mjög trúuð kona og bæn-rækin. Það hélt henni uppi í síðasta stríði hennar því hún lést af brunasárum eftir miklar þrautir því að aðhlyning var að sjálfsgöðu takmörkuð og engin úrræði til bjargar. Ég á bókakver sem hún hafði alltaf við höfðalagið hjá sér og heitir Daglegt ljós á daglegri för. Sú bók hefur verið mér helgidómur frá því að ég hafði vit á og fór sjálfur að geta lesið. Ég hef trúað því að hennar fyrirbærir hafi haft mikið gildi fyrir mig í lífinu.“


Sigurbjörn ólst upp hjá móðurforeldrum sínum til átta ára aldurs og kynntist þar móðursystkinum sínum mjög náið. Hann ber mikinn hlýhug til allra sem á því heimili bjuggu vegna þeirra góðu kostna og þess hlýleika sem hann naut í bernsku sinni af þeirra hálfu. Sigurbjörn segir að amma sín hafi fyllilega gengið sér í móðurstað ásamt móðursystrum sem þá voru enn heima. Átta ára fluttist hann til föður síns, sem var og einlægur trúmaður og hafði mikil áhrif á drengina sína.

Guð er í nánd

Uppeldi Sigurbjörns markaðist á fleiri en einn hátt af hefðum gamla bændasamfélagsins.

„Húslestrar voru alltaf fastur liður á æskuheimili mínu og máttu aldrei falla niður hvernig sem á stóð. Það datt engum í hug. Bæði kvöldlestur í lok hverrar kvöldvöku frá vetrarnóttum til hvítasunnunni og svo helgidagalestur á sunnudögum og hátíðum þegar ekki var farið í kirkju. Þetta var líka fastur liður í heimilislífinu og áhrifin sem þetta hafði voru vitaskuld ómeðvituð, því ekki skildi ég það sem var verið lesa, en hljóðleikinn og svipurinn á fólkinu, friðurinn sem færðist yfir, afa og ömmu og allt fólkið þegar lesturinn hófst, það hafði djúp áhrif á mig þó ég skildi ekkert annað. Þetta sáði sér í dulvitund mína og hefur örugglega haft óafmáanleg og sterk áhrif. Ég lifði það sem heitir helgi og fannst að Guð væri í nánd. Ég fann allavega að hann skipti máli. Um leið og þetta andrúmsloft færðist inn í baðstofuna; helgin, þá var allt svo öruggt og tryggt, alveg sama hvernig viðraði úti.“

Sigurbjörn segir að hús- og helgidagalestur hafi lagt grunn sem hefur aldrei bilað. Hann varð



„Ég lifði það sem heitir helgi og fannst að Guð væri í nánd. Ég fann allavega að hann skipti máli. Um leið og þetta andrúmsloft færðist inn í baðstofuna; helgin, þá var allt svo öruggt og tryggt.“

þó fráhverfur trúnni á tímabili sem unglingur en þessi grunnur var til staðar og reyndist honum mikilsvert veganesti. Það sem vaknaði í bernsku hans leitaði á hugann seinna þegar hann þurfti á því að halda. Þannig fann hann aftur trú sína á ný og hefur ekki hvíkað frá henni síðan.

Innsýn og útsýn

Þegar frekar er spurt um áhrifa-valda í lífi Sigurbjörns nefnir hann án umhugsunar séra Friðrik

Friðriksson, prest og æskulýðsfulltrúi í KFUM. Honum kynntist Sigurbjörn fljótlega eftir að hann kom til Reykjavíkur, þá fimmtán ára. Sigurbjörn segir Friðrik hafa haft óafmáanleg áhrif á alla sem honum kynntust ef þeir á annað borð gáfu færi á sér. Sigurbjörn nefnir líka séra Bjarna Jónsson, prest og vígslubiskup, sem hann lýsir sem ákaflega mikilhæfri persónu og trúarboðbera. Annar sem Sigurbjörn gleymir aldrei er séra Björn O. Björnsson í Ásum í Skaftártungu sem hvatti Sigurbjörn eindregið til að fara í menntaskóla. Sigurbjörn varð síðar samferða Birni og konu hans til Reykjavíkur, þegar hann, fyrir um réttum áttatíu árum, lagði leið sína á mölina til að komast inn í Menntaskólann.

Eftir útskrift úr Menntaskólanum í Reykjavík hélt Sigurbjörn fljótlega til náms í Uppsölum í Svíþjóð, þá tvítugur að aldri. Hugur hans stefndi í eina átt en forvitni og lærdómsþorsta sínum þurfti hann jafnframt að svala.

„Ég ætlaði alltaf að verða prest-

ur, annað kom aldrei til greina. En mig langaði til að fá víðan og sterkan grunn undir guðfræðinámíð. Ég hafði áhuga á trúarbrögðum almennt, til samanburðar við kristindóminn og mig langaði að komast niður í forn-mál-in betur en hér á Íslandi var hægt að komast. Ég varði miklum tíma í grísku og grískar bókmenntir og trúarbrögð, heimspeki fornaldar og sögu fornaldar. Einnig trúarbrögð mannkyns eins og bók mín um þau efni heitir. Þar hafði ég mestan áhuga á indverskum trúarbrögðum, næst þeim forngrísku. Þetta var ómetanlegt fyrir mig þessi fjögur ár sem ég var í Uppsölum. Þar kynntist ég líka kirkjunni minni í öðrum búningi og annarri mynd en ég var alinn upp við og finnanleg var hér á Íslandi. En það var sama kirkjan að sjálfsgöðu. Það var mjög lærdómsríkt að uppgötva bæði líkindin og mismanninn. Þetta var mikil reynsla sem ég fékk; útsýn og innsýn inn í líf heimskirkjunnar sem ekki hefði verið hægt að fá með því að fara ekki út fyrir landsteinana.“

Átroðningur umhverfisins

Þrátt fyrir háan aldur dvelur Sigurbjörn ekki lengi við hið líðna. Honum er tamara að ræða tengsl fortíðar og nútíðar í víðum skilningi og er mjög gagnrýnn á samtíma sinn. Hvað um breytingar á kirkjunni og trúarlífi þjóðarinnar og samfélaginu öllu í því tilliti? Hann segir kirkjuna ekki hafa verið óumdeilda á hans yngri árum og alls ekki allskostar í friði, eins og hann orðar það, en að hún hafi verið sjálfsgöðari.

„Trúariðkun og trúarlíf var miklu meira sýnilegt, samanber heimilisguðræknin og húslestrarnir sem eru úr sögunni nú. Heimilisguðrækni er þó ekki úr sögunni því það eru ekki svo fáar fjölskyldur sem hafa einhverja trúariðkun í frammi á hverjum degi. Það ber bara minna á þessu því ágengni umhverfisins er svo ósambærilega miklu meiri. Átroðningur umhverfisins er óskaplegur og satt að segja ískuggilega mikill. Það er á allra

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

Frábært verð

Fáanlegt í Hagkaup Smáralind, Kringlu og markaði Hagkaupa Akureyri



VERÐ
12.990 kr

Olympus myndavél 5 megapixel

- 2.8x optical / 4x digital zoom
- Linsa: 6.2 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 106mm)
- 1,5" LCD skjár
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar



VERÐ
24.990 kr

Olympus digital myndavél 7.1 megapixel

- 3.0x optical / 4x digital zoom
- Linsa: 6.5 - 19.5mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- 2,5" LCD skjár
- Frábær við öll birtuskilyrði



VERÐ
34.990 kr

Lenco 8,5" m/ DivX DVD spilari

- Glæsilegur DivX, DVD ferðaspilari
- 8,5" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW
VCD/SVCD, MPEG4 OG DivX



VERÐ
39.990 kr

JVC ferðatæki Vandaður MP3 geislaspilari

- Spilar CD-R/RW
- Útvarp með stöðvaminnum
- Auto Reverse segulband
- Forstilltur tónjafnari
- LCD skjár m/ klukku, svefnrofa og vekjara



VERÐ
24.990 kr

Lenco 7" Fjölkerfa DivX DVD spilari

- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW
VCD/SVCD, MPEG4 OG DivX
- Dolby Digital og DTS



VERÐ
4.990 kr

United ferðatæki

- Ferðatæki með útvarpi, segulbandi og geislaspilara



VERÐ
6.990 kr

Dantax kælir 12 lítra Mini kælir / Hitari

- 1 hilla
- Kælir 20° - 25° neðar umhverfishita
- Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla
- 12V og 220V, 12V kapall fylgir



VERÐ
9.990 kr

Dantax kælir 17 lítra Mini kælir / Hitari

- 1 hilla
- Kælir 20° - 25° neðar umhverfishita
- Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla
- 12V og 220V, 12V kapall fylgir



VERÐ
11.990 kr

Dantax kælir 24 lítra Mini kælir / Hitari

- 1 hilla
- Kælir 20° - 25° neðar umhverfishita
- Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla
- 12V og 220V, 12V kapall fylgir

Gildir til 6. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

vitordi að svonefnd streita fer ískyggilega vaxandi og það sem er furðulegast er að lífsleiði og þunglyndi eykst sífellt. Af hverju er það? Það er staðreynd að lífsgleðin vex ekki í takt við lífsgæði, lífsþægindi, lífsnautnir. Því fer fjarri. Það má vara sig á þeirri þróun sem nú er uppi. Á því leikur enginn vafi.

Við höfum heyrt lækna og heilbrigðisstéttir tala um lífsstílsvandamál, það er að segja geðræn heilsufarsleg vandamál sem beinlínis stafa af lífsstíl. Já, hvaða lífsstíl? Óeðlilegum lífskröfum, óeðlilega frekju gagnvart lífinu og dekur við sjálfan sig, sem aldrei fer vel. Sífelld áhersla á einkaréttindi og kröfur. Maður á heimtingu á þessu og heimtingu á hinu, en hvaða skyldum maður hefur að gegna, það er minna spurt um það og minna um það rætt. Þetta er hvað sem öðru líður ekki leiðin til lífsamingju heldur skapar þetta bara átumein innvortis. Nú er það svo, að þegar eitthvað bjátar á hjá náunganum, þá hafa alltaf verið sterk, jákvæð og gleðileg viðbrögð hjá fólki almennt að koma til hjálpar. Þessu er ekki lokið.


Ég öfunda ekki foreldra nú á dögum, ég viðurkenni það. Ég átti sjálfur mörg börn og þeim farnaðist öllum vel; mér að þakkalasu auðvitað. Ég átti konu sem var afar sterk, hlý og vitur móðir. Núna eru áreitnir og ágengni umhverfisins svo miklu sterkari og svo margt komið upp sem ekki var til þá. Margt felur í sér hættur og jafnvel skelfilegar hættur innan um. Núna þarf virkilega sterk bein til að þola þá góðu daga sem við njótum og heimtum. Það er miklu erfiðara við þetta að fást því lífið var ekki svona flókið. Það var ekki eins margt að gæta þó lífið geti alltaf verið viðsjálf og ekki sama í hvaða kunningskap maður lenti. Það var allt ósambærilegt og maður hafði ekki sjónhring á því að vera óánægður með sitt hlutskipti. Ef allt var eðlilegt þá vissi maður að hverju maður átti að ganga, lífið krafðist vinnu og reglusemi. Ég er sjálfur alinn upp við stritvinnu og það spurði enginn um það hvort þetta ætti að vera svona eða ekki. Þetta var bara tilveran eins og hún var.“

„Núna eru áreitnir og ágengni umhverfisins svo miklu sterkari og svo margt komið upp sem ekki var til þá. Margt felur í sér hættur og jafnvel skelfilegar hættur innan um.“

Hið veraldlega

Sigurbjörn var nokkuð róttækur á sínum yngri árum og telur það hafa markast af því að hann þekkti til fátækta af eigin raun. Hann kynntist lífi og kjörum verkamanna í Reykjavík og segir að þar hafi þurft að taka til hendinni.

„Það var erfitt að horfa upp á lífsbaráttu fólks í þá daga. Þegar verkamenn, meira og minna klæðlitlir hímdu niður á höfn á snöpum eftir vinnu, stóðu þar í hópum, hömuðu sig undir húsveggjum og oft ekki nema lítill hluti sem fékk eitthvað að gera. Þegar skip kom að sem þurfti að afferma, eða að ferma, þá var það yfirleitt ekki nema hluti af stórum hópi sem var að bíða, og mændi upp á verkstjórana, sem fékk vinnu. Hinir hurfu frá, heim í kjallarabolurnar og háloftin hér upp í bæ og það voru ekki líflegar vistarverur sem fólk hafði ist við í. Kjarabaráttu fólks á þeirri tíð brann fljótt á mér. Ég var alinn upp við fátækt, ég leið ekki skort en það var á mörkunum. En það var einhvern veginn öðruvísi umhverfis í sveitinni því þar var þó náttúran, en hér var hún ekki á mölinni. Þessi tilvera og vinnan, eða atvinnuleysi þeirra sem höfðu ekki annað við að vera það var svo átakanlega vonarsnautt einhvern veginn. Það fór svo að við fengum velferðarþjóðfélög eins og nágrannar okkar og því hlutu allir að fagna sem þekktu aðrar hlíðar á tilverunni. Svo vakna ýmsar spurningar. Hvernig fer opinber forsjá með



fólk? Hvaða uppeldisáhrif hefur það? Gætir þess ekki nokkuð að fólk ætlist til alls af öðrum og kannski einiskis af sjálfu sér? Það eru þá fyrst og fremst aðrir sem eiga að sjá fyrir hlutunum. Þetta er ekki gæfuvegur.“

Sigurbjörn er maður jafnaðar en segist aldrei hafa aðhyllt hugmyndafræði kommúnisma. Fyrst og fremst er honum þó annað um Ísland, tungumálið og sjálfstæði þjóðarinnar. Hann hefur því aldrei getað fella sig við erlendan her hér á landi og hefur lengi varað við þeim hættum sem hersetan gæti búið þjóðinni og sérkennum hennar. Það liggur því beint við að spyrja hvort ekki sé ánægjulegt fyrir hann að upplifa þann dag að vita herinn á förum?

„Jú, svo sannarlega. Mig hefur aldrei langað að hafa útlendan her í landi, hvorki fjölmennan né fámennan svo ég fagna nú bara því. Vel getur verið að þau mál hafi farið betur en okkur ýmsa grunadi að myndi verða. Og það sem við óttuðumst var hættan fyrir þjóðerni og tungu af viðurvist útlensks fjölmennis áfram. Við þekktum það frá stríðstímanum og það var auðvitað beygur í mér öll stríðsárin að hugsanlega yrði þetta meira eða minna varanlegt ástand. Ég horfði með hrolli og hryllingi til þess að svo myndi fara. En svo þurfti ekki herinn til þess að útlend áhrif flæða yfir okkur í fossaföllum og í miklu stórkostlegri mæli en nokkur gat séð fyrir.“

En hinsvegar þá hef ég aldrei viljað vera svartstýnn og allhliða bólsýni er náttúrulega útilokað fyrir kristinn trúmann því maður sér alltaf Guð í gegnum allt. Sá Guð þekkir krossinn og eins og við vitum þá boðar krossinn að Guð er þátttakandi í mannlegri þjáningu og sigrar sjálfur með því að þjást. Það sýnir krossinn og upprisan sem ekki gat orðið án krossins. Þetta er það sem maður sér í gegnum allt myrkur og hlýtur að festa hugann við. Það þýðir ekki að maður geti



Á GÓÐRI STUNDU Sigurbjörn og Magnea á góðri stund. Myndin er tekin um 1990.

verið ugglaus og andvaralaus á hverju sem gengur. Höfuðatriðið er að geta falið Guði forsjána fyrir sjálfum sér og þessum auma heimi og treysta honum, það er aðalatriði.“

Meðan þín náð

Í formálsorðum bókarinnar Meðan þín náð, segir Sigurbjörn að það séu engin orð sem geta tjáð betur þann hug sem er á bak við störf hans „á akri íslenskrar kristni.“ Aðspurður um frekari skýringu á þessum orðum svarar Sigurbjörn: „Ég skal fara með versió fyrir þig.“ Og veit að það er meira en fullnægjandi skýring.

Gefðu að móðurmálið mitt, minn Jesú, þess ég beiði, frá allri villu klárt og kvitt krossins orð þitt útbreiði um landið hér til heiðurs þér, helst mun það blessun valda, meðan þín náð lætur vort láð lýði og byggðum halda.

„Þetta er eftirminnilegt bænarsvers. Maður skynjar ákveðið hljóm-

fall í orðum hans því Hallgrímur hefur verið elskhugi íslenskrar tungu flestum meiri og meiri kunnáttumaður á íslenskt mál en flestir ef ekki allir í hans samtíð. Hann hefur haft mikil áhrif á mig því hann hefur verið förunatur minn frá blautu barnsbeini. Fyrstu bæn-arorðin sem ég heyrði næst fadír-vorinu, voru vers eftir hann og ég lærði fjöldann allan af slíkum versum úr Passíusálmunum. Líka langar ljóðabænar, sem ekki eru þar, sem amma mín var handgengin og iðin við að kenna mér, blessuð. Ég skal segja þér það að ég er í eðli mínu ekki svartstýnn og ég á bjarta trú, það er kristindómurinn. En ég vil segja, að ég er hvorki núna bjartstýnn né bólsýnn. Ég vil ekkert reyna að meta hvað er framundan en ég segi bara að Guð minn verður að sjá fyrir því. Mér þýðir ekkert að hafa áhyggjur af mínum niðjum til dæmis. Það gerir þeim ekkert gagn. Eða hafi ég áhyggjur af mínu landi og framtíð minnar blessuðu tungu, það gerir engum neitt gagn. Það bara íþyngir mér á mínum ellidögum, algjörlega að óþörfu því ég hef engin áhrif á þetta allt, nema hugsanlega með mínu hugarfari og mínu bænalfi.“

Líf og starf

■ **1926-1931:** Nám við Menntaskólann í Reykjavík.


■ **1931-1933:** Stundar tímakennslu í Reykjavík.



■ **1933:** Kvænist unnustu sinni, Magneu Porkelsdóttur, 22. ágúst og eignast þau átta börn á árunum 1934 til 1951.

■ **1933-1937:** Nám við Uppsala Háskóla í almennum trúarbragðavísindum, grísku og klassískri fornfræði.

■ **1937-1938:** Nám við heimspékideild Stokkhólmsháskóla og í guðfræðideild Háskóla Íslands (Cand. theol.). Einnig stundakennari við Kennaraskóla Íslands.



■ **1938:** Lauk embættisprófi og vígður til prests 11. september.

■ **1939:** Veitt Breiðabólsprestakall á Skógarströnd.

■ **1939 og 1945:** Framhaldsnám í nýjateamentisfræðum við Uppsala Háskóla og í trúfræði við Cambridge University.

■ **1941-1944:** Veitt Hallgrímsprestakall í Reykjavík.

■ **1943-1944:** Kennari við guðfræðideild Háskóla Íslands og dósent frá 1944.

■ **1947-1948:** Námsför til Sviss, Danmerkur og Svíþjóðar, dvaldist lengstum í Basel og lagði stund á trúfræði, nýjateamentisfræði og almenna trúarbragðasögu.

■ **1949-1959:** Prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands.



■ **1959:** Skipaður biskup Íslands 29. apríl og vígður biskupsvíglu af Ásmundi biskupi Guðmundssyni í Reykjavíkurdómkirkju.

■ **1981:** Lausn frá biskupssembætti 1. október.

■ **1997-1998:** Námskeið um trú og trúarlíf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Sigurbjörn hefur gegnt ótal félags- og trúnaðarstörfum frá því 1941, að hann var skipaður í nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir vegna dvalar setuliðsins hér á landi, og allt til þessa dags. Af þeim vettvangi er vert að nefna að hann var í nefnd um framtíð Skálholtsstaðar, 1948 og formaður Skálholtsfélagsins frá stofnun þess 1949. Forseti guðfræðideildar með hléum, 1951-1959. Í stjórn Hins íslenska Biblíufélags frá 1948, forseti þess 1959-1981. Í varastjórn Prestafélags Íslands 1948-1954 og varaformaður 1954-1960. Forseti Kirkjuráðs og Kirkjubings 1959-1981.

BT • HM útsala á sjónvörpum



40" LCDsjónvarp



40.000 kr verðlækkun
279.988

- MEDION®**
- HD Ready LCD sjónvarp
 - Upplausn 1366 x 768
 - 1000:1 í Skerpu
 - Birta 500cd/m2
 - 8ms viðbragðstími
 - Mynd í Mynd (PIP)
 - Textavarp með 2100 síðna minni
 - Styður PAL/SECAM/NTSC
 - 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
 - HDMI tengi með HDCP stuðning
 - 2x SCART, Composite og S-Video
 - DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
 - Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu
 - 2 Sjónvarps mótakarar



Tengdu við tölvuna
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjstu leikina.



Skýrari mynd
Venjuleg sjónvörp eru með 640x480 upplausn. Medion 32" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

Vertu öruggur með miðlaðri málshöfundun þínar gæður. A Visa og Mastercard skilaférf með 3,5% stamp og lánþingagjafi sem bætist við heildarþakkað og dróttir þjálfur þú samningarnum.

6.999 Tölvu- og tækjalán 48 mán. 19.999 Vaxtalaust 12 mán. 239.988 Staðgreitt

6.999*

KRAFTIMIKIÐ TILBOÐ!

50% AFSLÁTTUR

50% afsláttur með öllum 32" og 40" flatsjónvörpum!

2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.994
STADGREITT
59.988



800 RMS wött



Tilboð sem hljómar vel!

- SONY**
- DAVDZ300
 - SONY HEIMABIÓ DAVDZ300
 - Fjölkerfa
 - S-Master Digital Magnari
 - 800 Wött (5x133W +135W)
 - Útvarp FM/AM RDS
 - Spilar VCD/S-VCD/MP3/JPEG/Divx
 - Dolby Digital, DTS og PLII
 - Pal Progressive Scan
 - Hljóttengi fyrir videótæki
 - Fjarstýring
 - DOLBY DIGITAL

- TOSHIBA**
- Wi-Fi
 - POWERED BY DDR MEMORY
 - ATI
 - DVD
 - PSAA2E-01D02CED
 - TOSHIBA SATELLITE A100-523
 - Intel® Celeron M 380
 - 1024MB DDR Minni (Mest 1GB)
 - 60GB diskur
 - 15.4" TruBrite XGA skjár WideScreen
 - Upplausn: 1280 x 800
 - ATI Radeon® Xpress 200M
 - DVD Super Multi brennari
 - 10/100 Ethernet og V.90 mótald
 - VGA, TV-OUT
 - 4x USB 2.0, hljóð inn/út
 - 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
 - Rafhloðuending allt að 1:30 klst. (Mobile Mark)
 - Þráðlaus netstýring 802.11BG
 - Windows XP Home
 - 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Takmarkað magn



glæsileg hönnun!



15,4"

- 1024MB vinnsluminni
- 60GB harður diskur
- DV Ready
- ATI skjástýring



20th anniversary
Veldu Toshiba!
Toshiba fann upp fartölvuna fyrir meira en 20 árum og hefur verið leiðandi í þróun, hönnun og sölu á þeim alla tíð síðan. Toshiba hefur ávallt verið þekkt fyrir hæstu gæði og bestu þjónustu sem vól er á - spurðu þá sem eiga Toshiba.

24.000 kr afsláttur!
119.988

3.599 Tölvu- og tækjalán 36 mán. 7.999 Vaxtalaust 12 mán. 95.988 Staðgreitt

3.599*

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*

Þú sérð innihaldið!



AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas | **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellíusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

STUÐ MILLI STRÍÐA Ísland, best í heimi

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER BARA MELLÓ



Ég horfði á fréttirnar í vikunni af miklum áhuga og enn einu sinni var mér sagt að ég tilheyrði hamingjusömum þjóð veraldar. Samkvæmt könnuninni er íslenska þjóðin hreinlega að farast úr hamingju.

Ísland er svo sannarlega best í heimi. Hér er allt best. Lambakjöt og pulsur, bjórnir og kvenþjóðin, júrövisjónlögin og handboltaliðið. Allt er þetta best í heimi. Og við erum best í heimi. Af því við erum svo lukkuleg með lífið. Við erum lukkuleg með rándýru íbúðirnar okkar og með

skrifnu ríkisstjórnina okkar. Við elskum lélega gatnakerfið okkar og við hreinlega dýrkum veðrið. Fátt veitir okkur meiri gleði en að safna skuldum sem hækka og hækka eftir því sem verðbólgan bólgnar og bólgnar. Við erum hreint hrikalega hamingjusöm.

Skemmtilegast þótti mér þó að fréttin um hamingjukönnunina kom á eftir frétt um uppsagnir 22 starfsmanna hjá VÍS, frétt um að Vestfirðingar hafi lent í niðurskurði ríkisstjórnarinnar og þurfi að bíða enn lengur eftir að fá malbik heim í hlað, frétt um að stefni í uppsagnir hjá BHM og frétt um lélega starfsaðstöðu á Keflavíkurflugvelli þar sem staffaklósettíð er áfangastaður út af fyrir sig.

Ég veit svosum ekki við hvað er stuðst í hamingjumælingum. Hvað það er nákvæmlega sem Gugga hjá Gallup spyr um. En hvað sem öllu líður, skuldum, atvinnuleysi, verðbólgu, súrri mjólk, rigningu og slæmu gengi í júrövisjón, þá er gott að heyra að íslenska þjóðin geti litið fram hjá því, brosað og skálað í góðra vina hópi. Svo er sagt að Danir séu lígeglad, iss piss, við erum miklu betri og lígeglari en þeir. Enda best og hamingjusömest í heimi. Málið er að ég veit ekki alveg hvort við erum best, með z-u, eða hvort við erum að fljóta zzzofandi af feigðarósi.

Sjálf er ég bara melló. Og líður bara hvorki/né með það. Eigið bestustu helgina.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Michael Jackson kærður á ný

Michael Jackson hefur verið kærður af fyrrum samstarfsmanni sínum fyrir ógreidd laun. Marc Schaffel vann að lagi með söngvaranum sem gert var í góðgerðarskyni en það var aldrei gefið út. Auk þess gerði Schaffel tvær heimildamyndir sem ætlað var að sýna Jackson í góðu ljósi í kjölfar hinnar umdeildu bresku myndar Living with Michael Jackson.

Schaffel heldur því fram að hann hafi ekki fengið greitt fyrir verkin sem hann vann fyrir Jackson og ýmis útgjöld og lán sem þeim fylgdu. Michael Jackson lagði þá fram gagnákæru á hend-

ur Schaffel og sakaði hann um að hirða málverk og skúlptúra að andvirði 250.000 dollarar. Mikil óreiða er á bókhaldi Jacksons og veldur það vandræðum í málinu. Jackson býr nú í furstadæminu Bahrain en upptaka með vitnisburði hans var sýnd í réttarsalnum á fimmtudag. „Ég er viss um að hann fékk peninginn,“ sagði Jackson í samtali við lögmann Schaffel. Aðspurður hvernig hann gæti verið svo viss um þetta, svaraði Jackson: „Af því að hann virtist alltaf svo hamingjusamur.“ Lögmaðurinn svaraði þá hnyttinn: „Maður getur ekki keypt hamingju með peningum.“



MICHAEL JACKSON Jackson hefur búið í Bahrain í nokkur ár enda var fjölmiðla-umfjöllun ekki hlíðholl honum eftir að hann var kærður fyrir kynferðisbrot.

Þórdís ríður á vaðið í nýrri þáttaröð

Þáttaröðin „Á sumarvegi“ hefur göngu sína á Rás 1 á mánudag.

Í þessari nýju þáttaröð munu tuttugu og fimm þáttastjórnendur úr hinum ýmsu geirum samfélagsins stjórna jafnmörgum þáttum og segja hlustendum frá áhrifavöldum í sínu lífi, deila sínum hjartans málum með hlustendum, spila tónlist sem er í uppáhaldi og velja efni úr safnadeild útvarpsins.

Þáttaröðin verður á dagskrá alla virka daga kl. 13.15 í júlí og fyrstu vikuna í ágúst.

Fyrsti þáttastjórnandinn verður Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman en hún vakti mikla athygli fyrir leikrit sitt Hungur sem sett var upp síðasta vetur í Borgarleikhúsinu.



ÞÓRÐÍS ELVA Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman stjórnar fyrsta þættinum í þáttaröðinni Á sumarvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

28 29 30 1 2 3 4

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Sænski organistinn **Per Ahlman** leikur á hádegistónleikum í **Hallgrímskirkju**.
- 16.00 **Ómar og útlendingarnir** troða upp á síðdegis jazztónleikum **Jómfrúarinnar** í **Lækjargötu**. Aðgangur er ókeypis.
- 22.00 **Kvartett Sigurðar Flosasonar** leikur lög af geislaþlötunni **Hvar er tunglið?** ásamt söngkonunni **Kristjönu Stefánsdóttur** í **Gamla bænum** við Mývatn.
- Land og synir** leika í **Höllinni** í Vestmannaeyjum.

OPNANIR

- 14.00 Listasýningin **Akvarell ASÍ** opnar í **Listasafni ASÍ**. Verk eftir **Daða Guðbjörnsson, Eirík Smith, Hafstein Austmann** og **Kristínu Þorkelsdóttur**. Einnig verða verk úr eigu safnsins eftir **Svavar Guðnason** til sýnis. Sýningin stendur til 13. ágúst.
- 14.00 **Guðrún Pálína Guðmundsdóttir** opnar sýningu á **Café Karólínu** í Listagilinu á Akureyri. Sýningin ber titilinn **Hlynur sterkur Hlynur**.
- 15.00 Myndlistarmaðurinn **Franco Marínai** opnar sýningu í galleríinu og skartgripaversluninni **hún og hún** við **Skólavörðustíg**. Marínai sýnir koparstungur unnar á pappír.
- 15.00 Yfirlitssýning á verkum listmálarans **Louisu Matthíasdóttur** opnar í **Listasafni Akureyrar**. Listfræðingurinn **Jón Proppé** heldur erindi um listakonuna í **Deigluinni** kl. 13.
- 15.00 Listsýningin **Alþjóðleg sýn/International View 2006** verður opnuð í **Listasal Mosfellinga**. Sýningin er opin á virkum dögum frá 12-19 og laugardaga frá 12-15 og stendur til 8. júlí.
- 16.00 Listamaðurinn **Árni Már** opnar sýningu í **Gamla bókasafninu** í **Hafnarfirði**. Þetta er fyrsta einkasýning hans en hún stendur til 15. júlí.
- 16.00 **Sumarsýningin 2006** opnar í sýningarsal **Handverks og hönnunar á Akureyri**. Um uppsetningu sýningar sáu **Margrét Jónsdóttir** leirlistakona og **Ragna Fróða** fatahönnuður.
- 16.00 Fyrsta einkasýning myndlistarkonunnar **Jóníar Jónsdóttur** verður opnuð í galleríi **Turpentíne** í **Ingólfsstræti**.
- 18.00 Sýning **Ilmar Stefánsdóttur** og **Steinunnar Knútsdóttur, Out of office**, verður opnuð í **Norræna húsinu**.

FUNDIR

- 11.30 Félagsfundur **Parísar**, félags þeirra sem eru einar/einir á **Kringlukránni**.

SÝNINGAR

- Ljósmyndasýning **Ole. G. Jensen** af daglegu lífi á **Grænlandi** stendur yfir í **Norræna húsinu**. Sýningin stendur til 22. júní.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Tréolíu sprej
0,4 ltr. **934** kr.

Flügger tréolía

Fljótleg og einföld í notkun
www.flugger.is

Flügger litir

| | | | |
|--|--|---|--|
| Stórhöfða 44 110 Reykjavík Sími 567 4400 | Skeifan 4 Snorrabraut 56 Bæjarlind 6 | Dalshraun 13 Hafnargata 90 Austursíða 2 | Austurvegur 69 Hlíðarvegur 2-4 Egilsholt 1 |
|--|--|---|--|



Sölustaðir á Landsbyggðinni

Sundstaðir

Garðabær

Sundlaug Garðabæjar

Hafnarfjörður

Sundhöll Hafnarfjarðar
Suðurbæjarlaug

Hólmavík

Sundlaugin Hólmavík

Mosfellsbær

Íþróttamiðstöð Mosfellsbæjar

Grindavík

Íþróttamiðstöð Grindavíkur

Ólafsfjörður

Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar

Ólafsvík

Íþróttamiðstöð Ólafsvíkur

Reykjavík

Sundhöll Reykjavíkur
Sundlaugin Laugardal
Vesturbæjarlaug
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Íþróttamiðstöðin Kjalarnesi
Grafarvogslaug
Árbæjarlaug

Seyðisfjörður

Sundhöll Seyðisfjarðar

Stokkseyri

Sundlaugin Stokkseyri

Varmahlíð

Sundlaugin Varmahlíð

Vesturbyggð

Sundlaugin Patreksfirði

Vogar

Sundlaugin Vogum

Skagaströnd

Sundlaug Skagastrandar

Garður

Íþróttamiðstöðin Garði

Laugarvatn

Sundlaug KHÍ

Sauðárkrókur

Sundlaug Sauðárkróks

Húsavík

Sundlaug Húsavíkur

Hvolsvöllur

Íþróttamiðstöð Hvolsvallar

Bolungarvík

Sundlaug Bolungarvíkur

Þórshöfn

Íþróttamiðstöðin Ver

Stykkishólmur

Íþróttamiðstöð Stykkishólms

Grenivík

Sundlaug Grenivíkur

Neskaupstaður

Sundlaug Neskaupstaðar

Þorlákshöfn

Sundlaug Þorlákshafnar

Mývatn

Sundlaugin Reykjahlíð

Verðslanir

Akranes

- Verðslun Einars Ólafssonar

Akureyri

- Hagkaup

Borgarnes

- Samkaup

Egilsstaðir

- Hraðbúð Essó

Húsavík

- Shellstöðin

Hveragerði

- Verðslunin Hverakaup

Ísafjörður

- Samkaup

Reyðarfjörður

- Shellstöðin

Reykjanesbær

- 10 - 11

Reykjavík

- Hagkaup Garðatorgi
- Hagkaup Kringlunni
- Hagkaup Skeifunni
- Hagkaup Spönginni
- Hagkaup Eiðistorgi
- Hagkaup Smáralind

Selfoss

- Samkaup

Vestmannaeyjar

- Shellstöðin

Nýtt í Hagkerfinu



RENAULT



Colgate



skyr.is





Hvað er LATÓ hagkerfið?

Hugsunin á bak við Lató hagkerfið er að endurvefja hin gömlu og góðu gildi sem felast í sparnaði. Í leiðinni er tækifærið nýtt til að auka ábyrgð í innkaupum og tilfinningu fyrir hollustu.

Hvernig virkar LATÓ hagkerfið?

Í hvert skipti sem börn **11 ára og yngri** leggja peninga inn á **Framtíðarreikning Glitnis*** fá þau afhent **1000 Lató**. Fyrir Latóseðlana sína geta þau keypt ýmsar vörur og þjónustu sem tengjast hollustu og útiveru.



Þú leggur peningana þína inn...



...á Framtíðarreikning í Glitni...



...og þú færð LATÓ seðla í staðinn

LATÓ seðlana færðu í öllum útibúum Glitnis.

Fyrir LATÓ færð þú...



*að lágmarki 2000 kr.

**gildir aðeins virka daga.

Hagkerfið er opið 1. júlí - 19. ágúst

www.glitnir.is/latibaer



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GLITNIR

Ómar og útlendingarnir



Kl. 15.00

Listasýningin *Alþjóðleg sýn / International View 2006* verður opnuð í Listasal Mosfellinga. Sýningin er opin á virkum dögum frá kl. 12-19 og laugardaga frá kl. 12-15 og stendur til 8. júlí.

Tríóíð Ómar og útlendingarnir leikur á sumartónleikaröð smurbrauðsparadisarinnar í Lækjargötu í dag en veitingastaðurinn Jómfrúin stendur sem fyrr að ókeypis jazztónleikum á laugardögum í sumar. Tríóíð skipa þeir Ómar Guðjónsson gítarleikari, Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari og Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommuleikari. Nafngiftin skýrist af því að hinir tveir síðastnefndu hafa verið við nám erlendis undanfarin ár en þessir ungu tónlistarmenn eru til alls vísir.

Jómfrúartónleikarnir fara jafnan fram utandyra ef vel viðrar og vonast menn því til að hann hangi þurr síðdegis á morgun en tónleikarnir hefjast kl. 16.

Síðar í mánuðinum leikur Kvartett Ásgeirs J. Ágeirssonar og Erik Qvick, Ragnheiður Gröndal ásamt bandinu Black Coffee og Kvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur svo jazzunnendur geta tekið frá laugardagana í júlímánuði.

ÓMAR GUÐJÓNSSON Mundar hljóðfærið á jazztónleikum í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL



> Ekki missa af...

Ljósmyndasýningu **Ole G. Jensen** í **Norræna húsinu**, daglegt líf á Grænlandi í eftirminnilegum svipmyndum.

myndlistarsýningu **Sigtryggs Berg Sigmarssonar** í Gallerí Dvergi á Grundarstíg.

föstudagsflippum **Skapandi sumarhópa Hins hússins** í sumar. Fjölbreyttir listviðburðir, uppákomur og allra handa sprell.

menning

menning@frettabladid.is

Miðasala á netinu!
www.leikhusid.is



Vatnslitað af listfengi

Sumarsýning Listasafns ASÍ er helguð vatnslitamyndum en verk fjögurra listamanna sem spanna þrjár kynslóðir íslenskrar listasögu verða til sýnis. Einnig er fengur í sjaldsæðum vatnslitaverkum listamanns Svavars Guðnasonar sem gestir sýningarinnar fá einnig notið í sumar.

Listamennirnir fjórir eiga það sameiginlegt að hafa fengist við vatnslitamálun um áratugaskeið og náð talsverðum árangri í glímunni við þennan vandmeðfarna miðil. Verk þeirra Eiríks Smith, Hafsteins Austmann, Kristínar Þorkelsdóttur og Daða Guðbjörnssonar eru að sönnu ólík en sýningin í heild veitir innsýn í möguleika miðilsins og þróun hans.

Daði Guðbjörnsson kveðst mjög ánægður með félagsskapinn og áréttar að kollegarnir sem sýna með honum í safninu séu „alveg toppurinn“ meðal vatnslitamálara. „Þegar maður er kominn á miðjan aldur er líka voða gaman að fá að vera litla barnið í hópnunum,“ segir hann kíminn. Verkin eftir Daða eru öll unnin á nýliðnum vetri. „Það sem er óvenjulegt við þessa sýningu er að verkin eru öll af hafinu - þetta eru sjómýndir,“ segir Daði en hafið hefur verið honum hugleikið lengi þótt hann hafi ekki bundið sig sérstaklega við það mótið í list sinni. „Ég hef



Á SUMARSÝNINGU LISTASAFNS ASÍ ERU VATNSLITAMYNDIR Í FYRIRRÚMI Myndlistarmennirnir Hafsteinn Austmann, Kristín Þorkelsdóttir, Daði Guðbjörnsson og Eiríkur Smith.

alltaf málað töluvert af myndum af hafinu og siglandi bátum og þessi stíll minn nýtur sín mjög vel í bylghreyfingum.“

Eiríkur Smith sýnir óhlutbundin verk sem skírskota til náttúrunnar en í þeim eru „eindregnar láréttar og lóðréttar áherslur, kannski ávæningur af lárétrri jarðskorpu eða sjóndeildarhring“ svo vitnað sé til ummæla um sýninguna. Vatnslitamyndir Hafsteins Austmannar eru sagðar gæddar óvenju næmri tilfinningu fyrir núinu þar sem listamaðurinn gerir tilraunir með byggingu, hreyfingu og liti. Í umsögn um verk Kristínar er þess getið að þar megi finna sjaldgæfa virðingu fyrir rými og skilning á því að „þögn eða and-

rúm séu jafn máttug til miðlunar eins og flæði og hljóð“.

Verk Svavars Guðnasonar á sumarsýningunni eru óhlutbundnar, ljóðrænar vatnslitamyndir sem ekkja listamannsins, Ásta Eiríksdóttir, ánafnaði Listasafni ASÍ en þær myndir hafa sjaldan verið sýndar. Svavar var einn helsti brautryðjandi abstraktlistarinnar á Íslandi og segir Daði vatnslitamyndirnar vera mjög flottar og sérstakar og telur mikinn feng í sýningu þeirra nú.

Sýningin verður opnuð kl. 14 í dag og stendur til 13. ágúst en Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17, aðgangur er ókeypis.

kristrun@frettabladid.is

Footloose

29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose



Teiknisamkeppni

RONJA
RÆNINGJADÓTTIR

Í tilefni þess að Ronja ætlar að halda áfram að skemmta okkur á næsta leikári er efnt til teiknisamkeppninnar „Ronja í sumarfríi“.

150 glæsilegir vinningar í boði og mun Ronja sjálf afhenda verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í lok ágúst.

Hægt er að skila inn myndum til 15. ágúst með því að senda þær í Borgarleikhúsið, Listabraut 3, 103 Reykjavík merkt „Ronja í sumarfríi“. Munið að merkja myndirnar með nafni og heimilisfangi.

Notaðu ímyndunaraflíð og teiknaðu mynd af Ronju í sumarfríi!

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.borgarleikhus.is

SAMSKIP

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



TÓNLISTARHÓPURINN KATLA Svava Ingólfssdóttir, Jóhanna Valsdóttir, Magnús Ragnarsson og Bjartur Logi Guðnason.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Músík við Mývatn

Sumartónleikar við Mývatn hefjast nú um helgina og verða fyrstu tónleikarnir haldnir í Reykjavíðarkirkju í kvöld. Tónlistarhópurinn Katla ríður á vaðið og flytur íslensk þjóðlög, einsöngslög og kórtónlist og einnig útsetningar og frumsamda tónlist. Hópurinn skipa söngkonurnar Svava K. Ingólfssdóttir og Jóhanna Valsdóttir og Magnús Ragnarsson og Bjartur Logi Guðnason sem báðir leika á orgel og syngja.

Margrét Bóasdóttir hefur verið listrænn stjórnandi tónleikanna

frá upphafi en þetta er tuttugasta starfsár þeirra. Dagskrá sumarsins er einkar glæsileg en lokatónleikar þess verða þeir hundruðustu á þessum tuttugu árum. Tónlistarflytjendur tengjast allir Mývatnssveiti með einum eða öðrum hætti.

Tónleikarnir eru að jafnaði klukkustundar langir og er aðgangur ókeypis. Þeir verða í Reykjavíðarkirkju öll laugardagskvöld í júlí og einnig verða tvennir tónleikar á sunnudagskvöldum í Skútustaðakirkju.

Hugstæð efni

Forlagið JPV gefur út bókina Hugðarefni - Afmælisakveður til Njarðar P. Njarðvík í tilefni af sjö-tugsafmæli Njarðar í gær, 30. júní. Í ritstjórn bókarnar voru Hjörtur Pálsson, Vesteinn Ólason, Vigdís Finnbogadóttir og Þórunn Helgason en öll eiga þau efni í bókinni.

Njörður P. Njarðvík er doktor í íslenskum bókmenntum og var prófessor við Háskóla Íslands um langt árabil. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir skáldskap sinn og störf að mannúðarmálum.

- khh



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK RITHÖFUNDUR
Afmælisritið Hugðarefni er komið út.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



KAMMERKÓRINN CARMINA Flytur hádramatísk verk á opnunartónleikum Sumartónleika í Skálholtskirkju í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Dauði Absalons í Skálholti

Kammerkórinn Carmina opnar dagskrá Sumartónleika í Skálholti í dag. Gestastjórnandi kórsins er enski söngvarinn og kórstjórinn Andrew Carwood sem nú heimsækir Ísland í annað sinn en hann kom fram með sönghópnum The Tallis Scholars sem söng í Langholtskirkju í vetur.

Kammerkórinn Carmina sérhæfir sig í flutningi á endurreisnartónlist en stofnandi og stjórnandi hans, tónlistarfræðingurinn Árni Heimir Ingólfsson, segir að það sé ótrúlegur heiður að fá Carwood aftur til landsins. „Það er magnað að vinna með svona fólki eins og honum sem hefur helgað líf sitt þessari tónlist. Það er hans fag að syngja og stjórna flutningi á endurreisnartónlist og við erum alveg ótrúlega heppin að fá hann. Hann er að vera sífellt stærra og stærra nafn í tónlistarheiminum.“

Carwood kveðst ferðast mikið vegna vinnu sinnar en segist hafa verulega ánægju af því að heimsækja Ísland og vinna á ný með kammerkórnum en söngvarar Carminu komu fram með The Tallis Scholars á tónleikum þeirra í vetur. „Hér eru frábærir söngvarar, mikið fagfólk og auðvelt að vinna með þeim, ég get einbeitt mér alveg að tónlistinni,“ segir hann. Yfirskrift tónleikanna,

„Absalon, sonur minn!“ er fengin úr Síðari Samúelsbók Biblíunnar og vísar til sonarmissis Davíðs konungs. Fjögur verkanna sem kórinn flytur eru innblásin af þeirri sögu og þar af eru þrjú verkanna samin af því tilefni að konungar endurreisnartímans misstu syni sína fyrir aldur fram.

„Þetta er ótrúlega falleg tónlist, allt mjög dramatískt og harmþrungin stykki,“ útskýrir Árni Heimir og bætir því við að leikarinn Gunnar Eyjólfsson hafi einnig verið fenginn til þess að lesa texta milli verkanna til að fá fólk í ennþá meiri stemningu.

Carwood segir að uppáhaldsverkið sitt á efnisskránni sé „Infelix Ego“ eftir tónskáldið William Byrd en hann hefur rannsakað verk hans töluvert. „Það er mikill helgidómur yfir þessari tónlist. Latneski textinn er eftir kaþólskan prest sem orti hann skömmu fyrir aftöku sína,“ útskýrir Carwood og bætir við að bæði hann og tónskáldið William Byrd hafi verið ofsóttir vegna trúarskoðana sinna. „Dauðinn er svo máttugt afl en í tengslum við hann og sorgina getur stórkostleg tónlist orðið til,“ segir Carwood.

Tónleikarnir fara fram í Skálholtskirkju og hefjast kl. 15 en Andrew Carwood mun halda fyrirlestur um efnisskrána í Skálholtskóla klukkustund fyrir tónleikana. Aðgangur að dagskránni er ókeypis en nánari upplýsingar um hana má finna á heimasíðunni www.sumartónleikar.is.

kristrun@frettabladid.is

KRINGLUNN
Dans á Rósum frá Vestmanneyjum í kvöld
 Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar

Unnur Ösp
 Skapar fantasíuheim á stóra sviðinu

Birta er komin út!

Markaðsstemning í miðbænum Ásta hantar fyrir erlenda markað Krullað og náttúrulegt Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
 MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS

HVAÐ EF PÚ ÆTTIR FJARSTÝRINGU... SEM GÆTI STÝRT LÍFI ÞÍNU?

ADAM SANDLER
CLICK
 FRÁ FRAMLEIÐENDUM "ANGER MANAGEMENT" FRUMSÝND 28. JÚNÍ

Sendu SMS skeytið **JA CKF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

SONY ERICSSON W810i **VARNING TENGÐAN MYNDINI**
DVD MYNDIR **TÖLVULEIKI**
BÍÓMIÐA Á MYNDINA FYRIR TVO ... og margt fleira!

9. hver vinnur!

99 kr. skeytið **BÍÓ.IS**
 MOBILE - all á einum sta

Vinningar verða afhentir hjá **BT Smáralind, Kópavogi**. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ
 - mest lesið

SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN

Tjarnarbíó
 Sími 561 0250

Mán. 3/7 Kl. 20:30
 Otomoto - Danmörk
 History of My Stupidity - Króatía
 Miðaverð 2.500

Sun. 16/7 Kl. 20:30
 This Side Up - Singaporé
 Miðaverð 2.000

www.leikhopar.is

MR SKALLA GRÍMSSON
 Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi Sýningar í júlí

| | | | |
|-----------|----------|--------|-----------|
| Laugardag | 1. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 2. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 7. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 8. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 9. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 14. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 15. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 16. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 21. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 22. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 23. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 28. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 29. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 30. júlí | kl. 20 | laus sæti |

LEIKHÚSTILBOD
 Tvíréttaður matur, miði og fritt í göngin til baka í boði Landnámsseturs
 Frá kr. 4000 - 4800
 MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

gs skór
ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

BRONX ~~6.990~~ **3.990**

TREND ~~8.990~~ **4.990**

GARDINIA ~~6.990~~ **3.990**

GHOST ~~12.990~~ **7.990**

TREND ~~3.990~~ **1.990**

BRONX ~~5.990~~ **3.990**

TREND ~~4.990~~ **2.990**

BRONX ~~6.990~~ **3.990**

BRONX ~~9.990~~ **5.990**

gs skór
 kringlunni laugavegi s.512 1760
 laugavegi s.512 1714

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



PALLAEFNI Á FRÁBÆRU VERÐI

Verð
frá

159 kr/lm

Fura

Fura alheflað A-gagnvarið.

| | | |
|-------------|-----------|------------|
| Vnr.0058324 | 27x95 mm | 159 |
| Vnr.0058504 | 45x95 mm | 185 |
| Vnr.0058506 | 45x145 mm | 275 |

Ævintýraleg SPREN



Vnr.41621529

Markísa

Markísa
3,5x2,5 m,
græn.

12.900

~~19.900~~



Vnr.41621537

Garðstóll

Garðstóll úr áll og
við, 60x54x77 cm.

2.490

~~3.900~~



Vnr.41621517

Garðboró

Garðboró úr álli með
viðarborði 60x71 cm.

3.990

~~4.900~~

Vnr.49602607-10

Fjallahjól

24-26" fjallahjól með
tveimur dempum,
21-gíra, Shimano
gírabúnaði, álfelgum
og V-bremsum. Silfur/
rautt eða blátt/svart.

24-26" FJALLAHJÓL



13.900

~~19.900~~



29.900



Vnr.53323507

Sláttuvél

McCULLOCH sláttuvél
með fjörgengis Briggs
& Stratton Classic Q40
mótor. Vélin er 4 hestöfl.
Sláttubreidd er 53 cm
með 75 ltr. safnkassa.



**GARÐVERKFAERASETT
FYLGIÐ MEÐ ÖLLUM
SLÁTTUVÉLUM**

NGITILBOÐ!

**FRÁBAER
TILBOÐ**
*aðeins þessa
helgi!*

Takmarkað magn!

3.990

~~6.990~~



2.790

5.17%

Vnr. 86363050-350

Pallaolía

KJÖRVARI 12 pallaolía glær, græn, brún, fura, rauðvíður eða rauð fura, 5 ltr.



7.990

11.12%

Vnr. 54831204

Veggtromla

Veggtromla, græn, vatnslanga. 1/2 " 20 m.



18 Volt

Vnr. 74804118

Borvél

EINHELL rafhlöðuborvél 18V, 2 rafhlöður.



6.990

~~8.490~~

Vnr. 74810000

Háprýstidæla

BOSCH háprýstidæla AHR 1000 AS, 100 bar, 1200W, 5 ltr/mín.

BOSCH

Vnr. 7111362

Hamar

HURRICANE hamar fiber 450 g.

690



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



> Mælum með

...Stuttbuxum, þær eru tiskubóla sumarsins og því ekki seinna vænna en að fjárfesta í einum slíkum.

útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN HELEN SVAVA HELGADÓTTIR MARKAÐSFULLTRÚI

Kronkron og Eley Kishimoto-skór

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, ég geri það, það er uppáhaldsá hugamálið mitt. **Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég veit ekki hvort það flokkast undir stíl en mér finnst mjög gaman að vera óviðeigandi. Svo elska ég dýra hluti, því dýrara því betra. Það er svona mottóið mitt. **Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Eley Kishimoto, Peter Jensen, Luella Bartley, Miu Miu, Prada, Marc Jacobs, Balenciaga, Roksanda Ilincic, Camilla Staerk, Stella McCartney, Yves Saint Laurent, Marios Schwab, Jessica Odgen og ég gæti lengi talið áfram. **Flottustu litirnir?** Mér líkar við flesta liti. **Hverju ertu veikust fyrir?** Þegar kemur að fötum hugsa ég að veikleikarnir séu fleiri en styrkleikarnir. En mér finnst

samt erfiðast að standast fallega kjóla og Eley Kishimoto-skó. **Hvaða flik keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér gullfallega skó og peysu eftir Eley Kishimoto í Kronkron. **Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna?** Mér finnst stuttbuxur flottar, þykkbottna skór, hlébarðamunstur og leður. Já, kannski smá svona trashy stemning hjá mér í sumar. Annars kaupi ég mér yfirleitt bara það sem mér þykir fallett burtséð frá því hvað er í gangi akkúrat núna. **Hvað ætlaðu að kaupa þér í sumar?** Hef ekki neitt ákveðið í huga, læt það bara ráðast. Er reyndar með netta þráhyggju fyrir einum kjól, en ég þarf að fara til Danmerkur til þess að kaupa hann.

Uppáhaldsverslun? Kronkron er besta, skemmtilegasta og fallegasta verslun sem ég hef komið í. **Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði?** Örugglega svona á bilinu 50 til 100 þúsund á mánuði. Reyni að spá sem minnst í því. **Hvaða flikur gætir þú ekki verið án?** Ætli ég gæti ekki verið án þeirra allra. Ég myndi samt gráta nokkra hluti. **Uppáhaldsflik?** Ég á mér alveg nokkrar uppáhaldsflikur. Ef ég þyrfti að velja eitthvað eitt held ég að KTZ keðjupeysan mín sem ég fékk í Kronkron síðasta haust yrði fyrir valinu, fæ bara ekki leið á henni.



Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Ég myndi helst vilja fara til Danmerkur eða London.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Úff... er frekar fljótfaer þannig ég á alveg nokkur svona „tiskuslys“ að baki. En svona svartar niðþröngar glansleður-buxur sem ég keypti þegar ég var ellefu ára standa upp úr. Ég myndi reyndar vilja eiga þær í dag, en það er e-ó mikið bogið við ellefu ára stelpu í svoleiðis múnderingu.



MÓÐUR VIKUNNAR

> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

Þurrkutími

Jæja, þá er útsölutímabilið að ganga í garð. Það eru mjög skiptar skoðanir um þetta tímabil. Sumir hreinlega lifa fyrir útsöurnar og finnst ekkert skemmtilegra en að róta og tæta í búðum og kaupa sér flikur á niðursettu verði. Aðrir hata þetta tímabil og fara helst ekki í búðir á meðan þessi ósköp standa yfir. Það virðist allt um koll ætla að keyra í búðum á útsölutímum, endalausar raðir og fatnaður liggur á víð og dreif um búðirnar eins og á vígvelli. Fólk virðist aldrei nöldra eins mikið og á meðan á útsölum stendur. Aldrei er nógu mikill afsláttur eða að það eru bara ljót fót á afslætti.

Persónulega er ég ekki mikið fyrir útsölur. Kýs frekar árs-tíðaskiptin, á haustin og vorin, þegar verslanir fyllast af nýjum vörum. Það er eins og vítamínsprautu að finna allar nýjustu tiskubólurnar og uppgeötva nýja liti. Útsölur eru eins konar þurrkutímabil tiskunnar, það er ekkert nýtt að gerast.

Kannski er ég of neikvæð á þetta allt saman. Ætli ég að gefa þessu séns, missa mig í hringiðu verslunarmiðstöðvanna og feta í fótspor landsmanna sem hlaupa milli búða með sjóðheitt kreditkort í leit að bestu kaupum ársins. Nei vitiði það, ég held að ég sleppi því. Þess í stað ætla ég að fullnýta alltof stóran fataskáp. Það reynir alltaf á þegar þurrkutímar standa yfir, maður þarf að leyfa ímyndunaraflinu og frjórri hugsun að leika lausum hala. Búa sér til skemmtun í stað þess að láta mata sig af henni. Mitt fyrsta verk er að fara vopnuð skærum, nál og tvinna inn í skápinn og búa mér sjálf til ný fót fyrst ekki er hægt að nálgast þau úti í búð.



„SIXTIES“ Stuttu kápu með stórum svörtum tölum var að finna í sumarlinu Burberry's.



BURBERRY Kate Moss sést hér strunsa niður tiskupallinn í flottum stuttermu og víðum jakka sem passar vel yfir kjólinn.



TÍSKUBÓLA Stuttur og víður jakki frá Diane Von Furstenberg. Þessi tegund af jakka virðist vera ein af tiskubólum sumarsins.

FLOTT SNÍÐ Þessi hermanna-græni jakki er frá Retro. Hann hentar vel bæði í rigningu og sól.

Jakkafár sumarsins

Á Íslandi er ekki hægt að skilgreina sumarið sem þá árstíð þar sem fötum er fækkað, nánar tiltekið er ekki hægt að skottast um á hlýraból og í opnum sandólum. Á íslensku sumri verða fötin einungis aðeins litaglaðari, efnin léttari og val á skótauvi verður öðruvísi enda eru líkurnar á slabbi yfir sumartímann sem betur fer ekki miklar. Yfirhafnir eru bráðnaðsynlegar í íslensku veðráttu. Þó að ullarkápan og flísjakkinn séu fullgild í fimm stiga hita og rigningsudda þá er skemmtilegra að lyfta sér upp með munstruðum og litríkum jakka eða kápu. Margir detta í þá gryfju að klæðast svörtu frá toppi til táar vegna þess að það er einfaldlega öruggast, en með því að klæðast síðan litríkum jakka eða

kápu er kominn litur á heildarútlitið, sem er alltaf upplifgandi. Mjög auðveld lausn og jakkar eru flikur sem sjaldnast fara úr tisku.

Þetta sumarið er hermanna-grænt, dökkblátt, margir tónar af rauðu og röndótt helstu litirnir í yfirhöfnum. Með tilkomu niðurmjórta gallabuxna eru víð jakkasnið að koma aftur, bæði með stuttum og síðum ermum. Einnig eru tvíhneptir jakkar, kvenlegar kápur með belti í mittið og stuttermu jakkar yfir kjóla vinsælt um þessar mundir.

Njótum sumarsins kappklædd en í litríkum og glaðlegum jökkum eða kápum.

alfrun@frettabladid.is

RÖNDÓTTUR Þessi jakki er með hinu svokallaða jakkafatasniði og passar vel við gallabuxur. Fæst í Retro.

HERMANNASTÍLL Þessi töffaralegi jakki er frá merkinu Diesel og fæst í Retro.

DÖMULEGT Ljósbleik kápa með belti frá Topshop.

DÖKKBLÁTT Sportlegur jakki úr versluninni VILA. Hentugur við flest öll tækifæri.

RAUDA HÆTTAN Fallegur jakki með hettu frá Retro. Gott í fjallgönguna eða á Austurvelli.

„SAILOR“ JAKKI Hrikalega flottur jakki úr Topshop. Sumarlegur litur og milli-síðar ermar.

PÖNK Svartur og grár munstraður jakki með stuttum ermum sem er flott við svartar niðurmjórta buxur. Fæst í Topshop.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Rein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Spegilmyndir tískunnar

Fyrirsætur lifa og hrærast í hinum valta heimi tískunnar og komast því ekki upp með annað en að klæðast nýjustu tísku. Þær eru ákveðnar fyrirmyndir fyrir stúlkur í heiminum enda prýða þær milljónir mynda í blöðum daglega. Sumar eru einnig andlit snyrtivörufyrirtækja og fatamerkja út á við og því er það mikið kappsmál fyrir þau að fyrirsæturnar líti vel út, bak við linsuna sem og fyrir framan hana. Stúlkurnar eru tíðir gestir á rauða dreglinum og þurfa því að vera með puttana á púlsinum hvað tísku varðar.

Ofurfyrirsætan Kate Moss er gott dæmi um mikinn tískumógúl, smekkleg og töffaraleg í bland, og getur hún verið í hverju sem er. Við tókum saman lista yfir nokkrar fyrirsætur sem frægar eru fyrir flottan smekk og fallett andlit.

- áþ

DROTTNINGIN

Ekkert virðist fara Kate Moss illa og hér er hún í stuttbuxum, síðerma bol og vestu yfir. Hún veit svo sannarlega hvað hún syngur í þessum efnum.



DÖNSK FEGURÐ Helena Christensen er ávallt smekklega klædd og þess má geta að hún rekur sína eigin tískuvöruslun í New York þar sem seld er dönsk hönnun.



UNG OG SÆT Fyrirsætan unglega Gemma Ward hefur skotist snögg upp á stjörnuhimininn og hefur setið fyrir helstu tískuhús í heiminum. Hér er hún á rauða dreglinum klædd í vel sniðinn dökkbláan kjól, kremenlit-aða skó og með basttösku.



AMERÍSK FEGURÐ Fyrirsætan Erin Wasson er tíður gestur í opinberum partíum og sést sjaldan illa til fara. Hér er hún í hýralausum kjól sem er með svokölluðu „túlpanasniði“.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



FLOTT SNIÐ Þessi fállega skyrtu er úr smíðju söngkonunnar og með þessari hönnun sýnir hún og sannar að hún á vel heima í þessum bransa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Litríkt lamb

Gwen Stefani er þekkt sem söngkonan í hljómsveitinni No Doubt og hefur verið að gera það gott í tónlistarheiminum undanfarið á eigin vegum. Í fyrrahaust þreytti hún frumraun sína sem fatahönnuður og ber línar hennar nafnið L.A.M.B.



Þetta er önnur línar hennar og er slagorð hennar „love, music, angel, baby“ sem einnig er nafnið á nýjstu plötu söngkonunnar. Nafn merkisins dregur Gwen til orða-

GWEN STEFANI Flestum kunnug sem söngkona en henni er margt til lista lagt og hefur verið að gera góða hluti með fatamerki sitt.

tiltækisins „úlfur í sauðagæru“ og segir að ef fólk noti fatnaðinn hennar þá verði það fallett að utan sem innan.

Stefani hefur ávallt verið þekkt fyrir litaglaðan og glysgjarnan klæðaburð og skín karakter hennar í gegnum línuna. Kynþokkafull snið, fallett efni og frábærir litir eru nokkur góð atriði til að lýsa línunni.

- áþ



KYNÞOKKAFULLT Svartur kjóll úr hálf gegnsæju efni ásamt fallettu höfuðskrauti.

HELGARTILBOÐ!

Nýtt
1.799kr.

Sveitasæla
Frábær kántrí safnplata sem kemur öllum í gott skap!

1.799kr.

Keane – Under the Iron Sea
Önnur plata þessar frábæru bresku sveitar

1.999kr.

Bubbi – Lögin mín
Uppáhalds lög Bubba í nýjum fallegum útsetningum

Nýtt
1.799kr.

Fríðrik Ómar og Guðrún Gunnars - Ég skemmti mér í sumar
Pau eru komin aftur með þennan frábæra sumardisk!

1.799kr.

Íslensk Ástarlög
Fimm glæsilegar söngkonur fara á kostum

5CD
2.799kr.

100 Íslenskir sumarsmellir
Fimm stúttullir diskir af tónlist á ótrúlegu verði

1.999kr.

Producers

3CD
3.799kr.

Prison Break

1.999kr.

Underworld

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér :)



STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU

Gamla góða hlandfýla á Hróarskeldu

Eftir hina miðlungsgóðu Southside í Þýskalandi er maður loksins kominn í alvöruna og uppáhald Íslendinga, hina goðsagnakenndu Hróarskeldu. Eftir að hafa tekið sóðalest frá sjálfum bænum þá veit maður hvert maður er kominn um leið og maður stígur niður úr lestinni. Þegar maður síðan labbar um svæðið í leit að tjaldstæði tekur á móti manni gríðarlega sterk hlandfýla og þeir sem dirfast nálægt girðingunum (þar sem allir kasta af sér vatni) verða að vera búnir að fá sér allavega nokkra öllara. Veðrið á svæðinu var ekkert neitt til þess að hrópa húrra fyrir þegar ég mætti á svæðið á miðvikudaginn en

þegar þetta er skrifað er ekkert nema bongóblíða. Sem er reyndar til lengdar frekar truflandi því ég get ekki sagt að ég hafi beint gaman af því að vakna klukkan níu á morgnana vegna þess að ég get vart dregið andann út af hita. Þá hendir maður bara dýnni út og leggst þar, ágætt að ná sér í smá tan í leiðinni. Veðrið hefur reyndar verið til fyrirmyndar frá því að ég brá mér til Evrópu og því get ég ekki kvartað, afar höfðinglega gert af veðurguðunum. Sjálf hátíðin hefur byrjað einstaklega vel. Í gær (fimmtudag) voru tvær hljómsveitir sem komu mér á óvart og það sem meira er, þær voru báðar danskar! Whomadewho og Barra Head

héttu þær og voru báðar í góðu stuði. Sá líka íslensku álfapiltana í Sigur Rós í troðfullri Arena (næststærsta sviðið). Ég sá þá reyndar líka fyrir akkúrat viku síðan og tóku þeir nákvæmlega sama prógrammið, plús mínus eitt lag. Voru samt mun betri en fyrir viku síðan enda fengu þeir fimm af sex mögulegum fyrir frammistöðu sína í Hróarskeldublaðinu. En jæja, ég læt þetta nægja í bili frá sveitasælunni í Hróarskeldu, Morrissey og Bob Dylan eru ekki menn sem láta bíða eftir sér.

SIGUR RÓS
Fékk góða umsögn gesta á Hróarskeldu-hátíðinni.



Fyrsta lag Bigga

Fyrsta lagið af væntanlegri sólóplötu Bigga úr Maus er komið í spilun í útvarpi. Platan hefur hlotið nafnið „id“ og kemur út í september á vegum 12 Tóna.

Lagið heitir The Hard Way og er popplag sem ætti að vera ágætis vísbending um þá stefnubreytingu sem Biggi hefur tekið frá þeirri tónlist sem Maus er þekkt fyrir.

Biggi hefur verið að prufa sig áfram með eigið efni í nokkur ár en það var ekki fyrr en í lok árs 2004,



BIGGI Birgir Örn Steinarrson gefur út sína fyrstu sólóplötu í september.

eftir að það varð ljóst að Maus væri á leiðinni í áralangt frí, að hann ákvað að klára plötu einn síns liðs. Hann sá samstarfsslitin líka sem gott tækifæri til þess að skipta um umhverfi og fluttist til London til að einbeita sér að tónlistarsköpun sinni.

Platan er unnin með breskum raftónlistargúru að nafni Tim Simenon sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir störf sín með Depeche Mode, Neneh Cherry, Sinead O'Connor, Björk og sinni eigin hljómsveit Bomb The Bass.

Biggi býr og starfar enn í London þar sem hann kemur reglulega fram með sex manna sveit sem er mönnuð djass- og klassískmenntuðum hljóðfæraleikum. Sveitina kallar hann The Bigital Orchestra og er von á einhverju tónleikahaldi á Íslandi á komandi mánuðum.

Lagið The Hard Way og önnur hljóddæmi eftir Bigga er að finna á síðu hans, myspace.com/bigital.



EIÐUR OG HERMANN Landsliðshetjurnar og atvinnumennirnir í fótbolta Eiður Smári Guðjohnsen og Hermann Hreiðarsson mættu á Footloose ásamt eiginkonum sínum.

Fótafiminn hittir í mark

Söngleikurinn Footloose var frumsýndur í Borgarleikhúsinu í fyrra-kvöld með pomp og prakt. Söngleikurinn, sem skartar Þorvaldi Davíð Kristjánssyni og Höllu Vilhjálmstöddur í aðalhlutverkum, er byggður á samnefndri kvikmynd frá niunda áratugnum sem naut mikilla vinsælda. Sló þar ungur maður að nafni Kevin Bacon ræki-lega í gegn með ágætum leik og flottum danssporunum.

Fjöldmörg þekkt andlit mættu til frumsýningarinnar og skemmtu menn sér vafalítið prýðilega, enda heppnaðist sýningin með eindæmum vel. Áhorfendur stóðu upp í lok sýningar og klöppuðu bæði leikarana og leikstjóran Unni Ösp Stefánsdóttur ítrekað upp.



BORGARSTJÓRNIRINN SÁTTUR Borgarstjórnirinn Vilhjálmur Vilhjálmsson var afar ánægður með Footloose og lýsti yfir miklum áhuga á að sjá sýninguna aftur. Hér sést hann ásamt sambyliskonu sinni, Guðrúnu Kristjánstöddur, og Guðjóni Pedersen leikhússtjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



LOVISA OG ÞÓRUNN Lovisa Gunnarsdóttir, sem leikur í Footloose, ásamt Þórunni Clausen.



NYLON Á FOOTLOOSE Steinunn úr Nylon var mætt á frumsýninguna ásamt kærasta sínum Sigurði Kaiser.



ÁNÆGDAR MÆÐGUR Leikstjórnirinn Unnur Ösp og móðir hennar Þórunn Sigurðardóttir voru vitaskuld ánægðar á frumsýningunni.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Landsbankinn




8 LIÐA ÚRSLITIN

Í DAG KL. 15:00

ENGLAND - PORTÚGAL

Í DAG KL. 19:00

BRASILÍA - FRAKKLAND



SYN
besta sætið

Alltaf hlýtt - alltaf fjör



Taktu nú mömmu og pabba með í bíltúr austur fyrir fjall, gefðu þeim góðan ís og róaðu þau aðeins niður á meðan þú skemmtir þér í eigin ævintýrum.

**EDEN**
HVERAGERÐI

Nýtt í bíó
VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG!

CLICK
Adam Sandler
Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.
ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í FYNÐUSTU GAMANMYND ÁRSINS

Just My Luck
Lindsay Lohan, Chris Pine
Hún var heppnasta stelpa í barnum þangað til draumaprinsinn eyðilagði allt!
Frábær unglinga gamanmynd með Lindsay Lohan í fantaformi!

R.V.
Komdu í fyndnasta ferðalag sumarsins.
För beint á toppinn í USA
1 FJÖLSKYLDA, 8 HJÓL, ENGAR BREMSUR

THE OMEN
48.000 MANN
2000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR XY FERDAGA

THE DA VINCI CODE
48.000 MANN

THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT
EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15-POWER kl. 12

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000
CLICK kl. 3, 5, 30, 8 og 10:30 B.L. 10 ÁRA
CLICK SÝND Í LÚXUS kl. 3, 5, 30, 8 og 10:30
JUST MY LUCK kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:20
R.V. kl. 1.30, 3.40, 5.50 og 8
X-MEN 3 kl. 10, 10 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI CODE kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M / ISL. TAL kl. 1.30 og 4
ISÓLD M / ISL. TAL kl. 1.30

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
CLICK kl. 3, 5, 30, 8 og 10:30 B.L. 10 ÁRA
JUST MY LUCK kl. 3, 5, 40, 8 og 10:20
R.V. kl. 3 og 5, 50
THE OMEN kl. 10, 30 B.L. 16 ÁRA
DA VINCI CODE kl. 3, 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
TAKE THE LEAD kl. 8

Borgarbíó SÍMI 462 3500
CLICK kl. 2, 4, 8 og 10.10 B.L. 10 ÁRA
FAST AND THE FURIOUS: TD kl. 4, 6, 8, 10.10 B.L. 12 ÁRA
JUST MY LUCK kl. 2
R.V. kl. 6

400 kr. í bíó!
Gættu á allar sýningar í borgarbíó og smárárá. Þegar þú kaupir myndir með 400 kr. í bíó.

Dolby Digital, SDDS, THX, BÍÓ.IS - allt á einum stað

LAUGARÁS BÍÓ bara lúxus
Sími 553 2075
KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS

THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT
EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15-POWER kl. 12

CLICK
Adam Sandler
Ef þú ættir fjarstýringu...
...sem gæti stýrt lífi þínu?
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10:15 kl. 10

STAY ALIVE
Sýnd kl. 8 og 10 kl. 14

16 BLOCKS
Sýnd kl. 6 kl. 14

400 KR. Í BÍÓ Gættu á allar sýningar í borgarbíó og smárárá. Þegar þú kaupir myndir með 400 kr. í bíó.

4 ISL. TAL, 3 ISL. TAL, 2 ISL. TAL

Föðurhlutverkið

Nú hefur leikarinn og hjartaknúsarinn Brad Pitt tjáð sig um föðurhlutverkið. Eins og kunnugt er eignaðist hann nýverið dóttur með kærustu sinni Angelinu Jolie og gekk ættleiddu börnunum hennar í föðurstað.

Pitt segir við blaðið Newsweek að hann elski öll börnin jafn mikið og að hann líti á þau öll sem sín eigin. Jolie og Pitt seldu myndir af Zahöru, eins árs gamalli dóttur þeirra frá Eþíópíu, til blaða og létu allan ágóðann renna til góðgerðamála. „Hugsunin um að að fólk elti okkur á röndum og taki myndir til græða formúgu finnst mér fáránleg. Þess vegna ákváðum við að selja þessar myndir sjálf,“ segir Pitt en ofangreint blað kaus hann í hóp fimmtán manna sem gera Bandaríkin skemmtileg.



BRAD PITT OG ZAHARA
Leikarinn segist elska öll börnin sín jafn mikið en hann er nú þriggja barna faðir.



HELGI RAFN Sendir frá sér smáskífu af væntanlegri breiðskífu sem kemur út í september. Helgi Rafn lenti í sjötta sæti í Idolinu 2004.

Helgi Rafn gefur út Angelu

Helgi Rafn Ingvarsson, sem lenti í sjötta sæti í fyrstu Idol-keppninni árið 2004, sendir frá sér nýtt lag á mánuðaginn. Nefnist það Angela og er að finna á fyrstu plötu hans sem er væntanleg í september.

„Þetta er ástarlag, eins og svo mörg önnur. Sögumaðurinn er drengur sem er að syngja til stúlku. Hann skilur ekki af hverju hann er ástfanginn af henni. Henni hefur tekist að vinna hann og hann reynir að átta sig á því hvort hann

er sáttur eða ekki. Ástin hefur nefnilega sínar dökku hliðar,“ segir Helgi Rafn.

Upptökur á nýju plötunni standa nú yfir. Helgi semur lögin á henni ásamt þeim Pétri Benediktssyni, sem hefur m.a. unnið með Mugison, og Karli Olgeirssyni, sem er jafnframt upptökustjóri plötunnar. Sigtryggur Baldursson, fyrrum trommari Sykurmólanna, sér um allan trommuleik á plötunni.

„Ég er með einvala lið með mér,“ segir Helgi Rafn. „Þetta verður mjög fjölbreytt plata. Við erum að reyna að skapa heildarsvip en þarna munu koma alls konar stefnur saman.“

Hann játar að reynslan í Idol hafi nýst sér í tónlistinni en þó aðallega við að koma fram. „Ég hef spilað í böndum síðan í tíunda bekk. Það er rosaleg reynsla og allt önnur en í Idolinu, þó að það hafi gert sitt,“ segir hann.

Nýtt í bíó
KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS
ON THE STREETS OF TOKYO
SPEED NEEDS NO TRANSLATION

THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT
EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA

LAUGARÁS BÍÓ, ALTAARNA, Borgarbíó, ego X

TILBOÐS BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ **ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400**

CLICK ATH. SÝND KL. 2
Hvað ef þú ættir fjarstýringu...
...sem gæti stýrt lífi þínu?
400 kr. ISLENSKT TAL

RAUÐHETTA ATH. SÝND KL. 2
400 kr. ISLENSKT TAL

Skrolla og Skemja Á SALTKRÁKU ATH. SÝND KL. 4
400 kr. ISLENSKT TAL

ISÓLD ATH. SÝND KL. 2
400 kr. ISLENSKT TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNGAR DAGSINS - ADEINS 400 KR -



SPEARS Ætlar að flytja heim til móður sinnar áður en hún eignast barnið. Er komin með leið á Malibu.

Flutt heim

Popprinsessan Britney Spears hefur nú ákveðið að yfirgefa heimili sitt í Malibu og ætlar að flytjast aftur heim til móður sinnar í Louisiana. Spears á von á sínu öðru barni í september og ætlar að flytja fyrir þann tíma.

Miklar sögusagnir hafa verið um meintan skilnað hennar og Kevins Federline. Hann ætlar þó að flytja með henni en með því skilyrði að hann fái íbúð í Hollywood svo að hann geti hitt vini sína.

KRAFTMESTA HJASARMYND ÁRSINS
EINA LEIDIN TIL
AD VINNA
ER AD MISSA
STJÖRNINA

**THE FAST AND THE FURIOUS
TOKYO DRIFT**

SAMBÍÓIN
FRA FRAMLEIÐENDUM
"THE INCREDIBLES" & "LEITIN AD NEMO"

BÍLAR

Keanu Reeves
Sandra Bullock

THE LAKE HOUSE

Hvernig heldurðu í
einhverjum þú hefur
aldrei hitt?

KEEPING MUM

SLITHER

SHE'S THE MAN

POSEIDON

ÁLFABAKKA

| | | |
|--------------------------------|----------------------------|---------|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 THE | KL. 3-5:30-8-10:20 | B.I. 12 |
| FAST AND THE FURIOUS 3 VIP | KL. 1:30-4:15-8-10:20 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 12:15-1:30-3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 12:15-3-5:30-8-10:30 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 | |
| SLITHER | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| SHE'S THE MAN | KL. 5:45-8 | |
| POSEIDON | KL. 10:30 | B.I. 14 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 1:30 | |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|----------------------------|----------------------|---------|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1-2:15-3:30-5:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 1-3:30-6-8-10:30 | |
| *POSEIDON | KL. 8:30 | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:30 | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|-------------------------|-------------------------|---------|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1-3:15 | |
| THE FAST AND THE FUR. 3 | KL. 5:45-8-10:10 | B.I. 12 |
| THE CLICK | KL. 1-3:15-5:45-8-10:10 | B.I. 10 |

AKUREYRI

| | | |
|----------------|----------|---------|
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 2-5 | |
| CARS enskt tal | KL. 2-5 | |
| KEEPING MUM | KL. 8-10 | B.I. 12 |

HÁSKÓLABÍÓ S

| | | |
|----------------|------------------|---------|
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 6:10-8:20 | B.I. 14 |
| SLITHER | KL. 11 | B.I. 16 |
| MI:3 | KL. 10:30 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919



FORINGINN SJÁLFUR Sigurjón Kjartansson fór fyrir sínum mönnum í Ham.

Ham þéttir á Nasa

Það var troðfullt hús á Nasa á fimmtudagskvöldið þegar rokk-sveitin Ham hélt langþráða tónleika fyrir aðdáendur sína. Stemmningin var í sveittari kantinum eins og við var að búast og Ham sveik ekki aðdáendur sína þetta kvöldið. Ham-arar léku í 50 mínútur og voru svo klappaðir upp við mikinn fögnuð. Athygli vakti að sveitin lék nýtt lag sem eflaust mun heyrast mikið á íslenskum útvarpsstöðvum á næstunni.



FLUGFERÐ Ófáir áhorfendur létu bera sig um í áhorfendaskaranum í mestu nostalgíunni.



ALVÖRU ROKK Óttarr Proppé og Sigurjón hófu engu gleymt.



GÓÐ KEYRSLA Björn Blöndal bassaleikari var fluttur á sviðinu.

Corrinne á tónleikaferð

Breska tónlistarkonan Corinne Bailey Rae hefur sína fyrstu stóru tónleikaferð um Bandaríkin þann 24. júlí næstkomandi.

Corrinne er að fylgja eftir sinni fyrstu plötu sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur. Nýjasta smáskífulag hennar, Put Your Records On, hefur einnig fengið mikla útvarps-spilun.

Corrinne mun koma fram í hinum ýmsu sjónvarpsþáttum í Bandaríkjunum til að hita upp fyrir tónleikaferðina, þar á meðal í kvöldþætti Jay Leno og þættinum Good Morning America.



CORINNE BAILEY RAE Corrinne er á leiðinni í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kærustur og eiginkonur enska landsliðsins fá eitthvað fyrir sinn snúð í Þýskalandi þó að karlamir þeirra þurfi að einbeita sér að fótbolthanum. Þær skelltu sér í þýskan skemmtigarð þar sem þær prófuðu öll tækin og skemmtu sér vel en um kvöldið tók við villt parti. Victoria Beckham var ekki með hópnum, en hún ku hafa



þurft að skreppa til Bretlands í klippingu.

Maður sem beitti Jenni-fer Lopez og Marc Anthony eiginmann hennar fjárkúgun hefur nú verið dæmdur í þriggja ára fangelsi



í New York. Maðurinn stal bíl Anthony árið 2004 sem í var ferðatölva með myndbandi úr brúðkaupi hans og Lopez. Bíllinn fannst stuttu síðar en án ferðatölvunnar og reyndi sá dæmdi í samstarfi við annan mann að krefja fé út úr hjónunum með því að hóta að leka myndbandinu til fjölmiðla.

FERÐA FRELSI

Taktu Frelsið með í ferðina.
Ferðafrelsið virkar alveg eins og Frelsið þitt hér heima!

Símtölín eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna. Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum. Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.

Góða ferð.

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.

og
vodafone

Heyrumst!



Færður vegna Millwall

Leik KR og Stjórnunnar í Landsbankadeild kvenna, sem átti að fara fram 11. júlí á KR-vellinum, hefur verið færður um einn dag þar sem karlalíð KR leikur æfingaleik við Millwall þennan dag. Þann 9. júlí leika þeir ensku gegn Próturum. Kvinnalíð KR mætir Stjórnunni þann 10. júlí.

sport
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON: TEKUR EKKI VIÐ SKAGAMÖNNUM EINS OG FLESTIR HÖFÐU GERT RÁÐ FYRIR

Ég vona að Arnari og Bjarka farnist vel

Guðjón Þórðarson er kominn heim til Íslands en hann lenti í Keflavík seint í gærkvöldi. Guðjón var líklega þegar farinn að huga að því hvað hann ættri að gera á sinni fyrstu æfingu með ÍA þegar knattspyrnudeild félagsins hafði samband við hann í gær. Guðjón sagði við stjórnina að hann gæti hugsað sér að koma heim og taka við ÍA út sumaríð, á kostakjörum. Stjórn ÍA ákvað aftur á móti að ráða Guðjón ekki til starfa, þrátt fyrir glæsilegan þjálfaraferil hans um ævina, bæði hjá ÍA sem og erlendis. „Ég vona að þeim gangi vel og að þeir nái að bjarga Skagaliðinu. Aðalmálið í þessu er að liðinu sé bjargað úr þeirri stöðu sem það er í og ég vona svo sannarlega að þeim gangi vel,“ sagði Guðjón.

„Ég sagði það fyrir tímabilið að ég hefði ekki áhuga á því að koma heim um mitt sumar. En manni sýndu að sjá hvernig Skaginn hefur farið út úr þessu sumri. Ef þeir hefðu falast eftir minni aðstoð hefði ég fúslega veitt hana en svo fór ekki að þessu sinni,“ sagði knattspyrnustjórninn sem þekkir mjög vel til á Akranesi. „Ég veit að stuðningsmenn liðsins gera miklar vonir og væntingar og þeir eru sársvektir yfir stöðunni sem liðið er í. Fótboltinn á Skaganum skiptir fólkið miklu máli,“ sagði Guðjón sem

hyggst draga fram gólfkylfurnar hér á Íslandi. Guðjón hefur ávallt mörg járn í eldinum en hann hefur verið að skoða lið í Englandi. „Ég talaði við tvo klúbba í Englandi en það gekk ekki upp. Það sem ég vildi fékk ég ekki og það sem ég gat fengið vildi ég ekki. Það er alltaf eitthvað í gangi en ég vildi ekki taka við starfi eins og síðasta vetur sem var bara orðin tóm,“ sagði Guðjón. Þá er einnig ljóst að hann mun ekki taka við Helsingborg og hefur sænska félagið ráðið mann í starfið.



> Í pels á hliðarlínunni?

Mikið er rætt um nýráðna þjálfara ÍA, Arnar og Bjarka Gunnlaugsson, og hverju þeir munu klæðast verði þeir á hliðarlínunni en ekki inni á vellinum í sumar. Tvíburarnir eru tiskugárungar miklir og hafa ósjaldan sést skarta hvítum jakkafötum og pelsum í miðbæ Reykjavíkur. „Mér finnst líklegt að það verði boðið upp á jakkaföt. Pelsinn gæti líka komið sterkur inn, það væri kannski lag að glæða lífi í þetta í stað þess að vera alltaf í gamla æfingagallanum,“ sagði Bjarki Gunnlaugsson í gær en mjög spennandi verður að fylgjast með tvíburunum á hliðarlínunni í sumar.



ÓLAFUR ÞÓRÐARSON Stígur af stóli að vel íhuguðu máli.

Ólafur Þórðarson:

Veit að meira býr í liðinu

FÓTBOLTI Ólafur Þórðarson, fráfari þjálfari ÍA, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði starfi sínu lausu. Yfirlýsinguna má lesa í heild sinni hér fyrir neðan.

„Að vel íhuguðu máli hef ég tekið ákvörðun um að segja starfi mínu lausu sem þjálfari meistara-flokks ÍA og er hún gerð í fullu samráði og sátt við stjórn félagsins. Þetta geri ég með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og vil ég með þessari ákvörðun axla mína ábyrgð á gengi liðsins í sumar. Jafnframt skora ég á leikmenn liðsins að axla sína ábyrgð og rífa sig upp úr þeirri deyfð sem hvílt hefur á liðinu í sumar, því ég veit að í liðinu býr miklu meiri geta en það hefur náð að sýna. Einnig hvet ég alla stuðningsmenn liðsins til að flykkjast á bak við liðið og styrkja það í þeirri erfiðu baráttu sem framundan er.

Ég vil þakka leikmönnum, stjórn og öllum þeim sem hafa komið að liðinu á undanförunum árum fyrir gott samstarf og síðast en ekki síst öllum þeim fjölmörgu stuðningsmönnum sem hafa stutt dyggilega við bakið á liðinu fyrir þeirra framlag.

Að lokum vil ég óska Knattspyrnufélgi ÍA alls hins besta í framtíðinni og vonast til þess að þessar breytingar verði til þess að félagið haldi áfram að vera stórveldi í íslenskri knattspyrnu.“



EKKI MEÐ Í HAUST Úr leik Víkinga og Hauka síðastliðinn vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvannahandboltinn:

Víkingur ekki með í haust

HANDBOLTI Stjórn handknattleiksdeildar Víkinga sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kemur að Víkingar munu ekki tepla fram liði í efstu deild kvenna í haust. Engu að síður munu vera áform uppi um að styrkja unglingsstarf félagsins til muna og stefnt er að því að Víkingar verði með á nýjan leik eftir tvö ár. Enn er ekkert komið á fast með þátttöku karlalíðsins en liðið sameinast Fjölni síðastliðinn vetur. Síðan þá hafa tveir lykilmenn liðsins yfirgefið félagið.

- esá

ÍA tók tvíburana fram yfir Guðjón

Knattspyrnudeild ÍA missti af gullnu tækifæri til að fá Guðjón Þórðarson til að bjarga liðinu frá raunum þess í sumar. Guðjón var tilbúinn að taka við liðinu en ÍA ákvað að taka Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni, sem hafa enga reynslu af þjálfun, fram yfir Guðjón sem hefði komið heim á lágum kjörum.

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild ÍA ákvað í fyrradag að leysa Ólaf Þórðarson frá störfum eftir hörmulegt gengi Skagaliðsins í sumar. ÍA er langneðst í deildinni með aðeins sex stig eftir nú leiki. Margir spáðu Skagamönnum Íslandsmeistaratalinnum eftir að hafa endurheimt Arnar Gunnlaugsson auk Þórðar Guðjónssonar og bróður hans, Bjarna, sem sneru heim úr atvinnumennskunni til að spila á heimahögum.

Skagamenn höfðu samband við Guðjón Þórðarson í gær, eins og fram kemur í viðtali við Guðjón hér ofar á síðunni. Skagamenn buðu Guðjóni að taka við liðinu og svar Guðjóns var einfalt: Já takk. Guðjón kvaðst vera tilbúinn til að koma heim og stýra liðinu í sumar til að bjarga því úr afletri stöðu þess þegar Íslandsmeistarið er hálfnað, og án þess að vera á fullum samningi.

Stjórn ÍA kom saman eftir að Guðjón gaf vilyrði sitt fyrir því að koma heim en þá hljóp snurða á þráðinn. Stjórnin var ekki samála um að Guðjón ætti að taka við og úr varð að tilkynna Guðjóni að honum yrði ekki boðin staðan eftir allt saman. Eiríkur Guðmundsson, formaður meistara-flokksráðs ÍA, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær.

Í stað þess að ráða farsælasta þjálfara Íslands frá upphafi, og það á kostakjörum, ákvað Knattspyrnudeild ÍA að fá frekar tvíburana Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni til að taka við liðinu. Pétur Pétursson átti að aðstoða tvíburana sem aldrei hafa þjálfað



STJÓRARNIR Tvíburarnir Bjarki og Arnar Gunnlaugssynir eru teknir við þjálfun ÍA og þeirra hlutverk verður að rífa liðið upp úr þeirri lægð sem það hefur verið í það sem af er sumri. Tvíburarnir voru teknir fram yfir Guðjón Þórðarson. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR

Bjarki og Arnar Gunnlaugssynir, nýráðnir þjálfarar ÍA:

Við erum tilbúnir í verkefnið

FÓTBOLTI „Þetta er fótoltinn og lífið í hnotskurn, það er skammt stórra högga á milli í þessu,“ sagði Bjarki Gunnlaugsson sem var ekki lítið hress í Þýskalandi þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Bjarki var kominn af torgi, þar sem hann var að fylgjast með leik Þjóðverja og Argentínumanna, og inn á hótélherbergi til að geta talað í símann enda mikið að gera hjá nýráðnum þjálfara.

„Ég vissi þetta bara um leið og ég lenti klukkan ellefu um morguninn, þetta gerðist því mjög hratt. Þetta er leiðinleg staða fyrir alla, sér í lagi Óla sem hefur gefið sig allan í þetta. Svona er þetta, það er líklega auðveldara að skipta um einn þjálfara en 22 leikmenn, þó svo að það sé ekki alltaf sanngjarnt,“ sagði Bjarki.

„Okkar hlutverk verður að gera betur en liðið hefur gert og dæla smá sjálfstrausti í leikmenn. Getan og hæfileikarnir eru svo sannarlega til staðar en við þurfum að minna menn á af



GULLALDARÁRIN Arnar og Bjarki voru ekki orðnir tvítugir þegar þessi mynd var tekin, þegar Guðjón Þórðarson stýrði ÍA til sigurs á Íslandsmeistinu.

hverju þeir eru í fótbolta og það er tí að hafa gaman af honum,“ sagði Bjarki sem getur ekki beðið eftir því að byrja að þjálf.

„Ég elska ábyrgðina sem leik-

maður og hún gerist ekki meiri en þetta. Þetta er ný áskorun fyrir okkur og maður hefur nú verið ansi lengi í boltanum og bara þurft að hugsa um okkur sjálfa en nú berum við ábyrgð á heilu liði. Þetta verður eitthvað nýtt en vissulega mjög spennandi. Við teljum okkur vera stakk búna í verkefnið, við hlökkum til og ég vona að strákarnir hlakki til að fá okkur til starfa,“ sagði Bjarki en fyrsti leikurinn undir stjórn tvíburanna verður í VISA bikarnum gegn Fram á morgun.

Bjarki kemur til landsins um miðjan sunnudaginn og kemst því á leikinn en hann býst við einhverjum breytingum á liðinu það sem eftir er af sumri. „Það eru alltaf áherslubreytingar með nýjum mönnum en hópurinn verður sá sami, við erum mjög ánægðir með hann. Það þarf að koma ákveðnum hlutum í lag hjá þessu liði,“ sagði nýráðinn þjálfari Skagamanna, Bjarki Gunnlaugsson.

- hþh



ALFRED GÍSLASON Saknar þýsku úrvalsdeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Alfred Gíslason:

Hefur saknað deildarinnar

HANDBOLTI Alfred Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, segir í viðtali við þýska netmiðilinn Sport 1 að hann hafi saknað þýsku úrvalsdeildarinnar síðan hann var látinn fara frá Magdeburg um áramótin síðastliðin. „Ég er mjög ánægður með að vera aftur mættur til leiks,“ sagði Alfred sem tekur við stjórnun Gummertsbach, ári fyrr en áætlað var. Fráfari þjálfari, Velimir Kljaic, mun hafa haft frumkvæðið að hætta að sögn Alfreds sem mun stýra íslenska landsliðinu samhliða starfinu í vetur. „Þetta er stórt verkefni en árið verður skemmtilegt.“

- esá

STELPUDEILDIN ER Á STÖÐ 2!



ÞÚ NÆRÐ Í FLESTAR STELPURNAR Á STÖÐ 2

Heildaráhorf í mínútum allar konur á aldrinum 12-39 ára.*

ÞETTA ER ÁSTÆÐAN:

10 VINSÆLUSTU STELPURÆTTIRNIR HJÁ ÁSKRIFENDUM STÖÐVAR 2



1. Grey's Anatomy
2. Stelpurnar
3. Prison Break
4. Strong Medicine
5. Medium
6. Neighbours
7. Oprah Winfrey
8. Twenty Four
9. Aðþrengdar eiginkonur
10. America's Next Top Model

Konur 12-39 ára í áskrift að Stöð 2.*

AUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

*Skv. áhorfskönnun Gallup dagana 28. maí til 3. júní.

GOTT FOLK MCCANN



SKÖMMUSTULEGUR Ullrich er hér frekar skömmustulegur á svip eftir að upp komst um lyfjahneykslið. NORDICPHOTOS/AFP

Tour de France:

Skandall fyrir fyrsta daginn

HJÓLREIÐAR Þýski hjólréiðakappinn Jan Ullrich var í gær rekinn frá T-Mobile liði sínu, daginn fyrir Tour de France-hjólréiðakeppnina sem hefst í dag. Oscar Sevilla, liðsfélagi hans, og liðsstjórinn Rudy Pevnage voru einnig sendir heim vegna lyfjamáls á Spáni en sýni frá Ullrich reyndist jákvætt.

„Ef við fáum sönnunargögn í hendurnar sem sýna að menn í liðinu okkar gætu verið viðriðir lyfjaskandal þá verðum við að bregðast strax við,“ sagði talsmaður T-Mobile en Ullrich var talinn vera með sigurstranglegari mönnum keppninnar. Allir liðsmenn T-Mobile voru látnir skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir væru ekki á ólöglegum lyfjum.

Lance Armstrong mun ekki verja titil sinn en hann hefur unnið keppnina sjö ár í röð. Þessi magnaði íþróttamaður er hættur keppnishjólréiðum en mikil eftirsjá verður af honum í Frakklandi. - hph



HRESSIR Alonso sést hér spóka sig með Michelin-manninum. NORDICPHOTOS/AFP

Fernando Alonso:

Ég ætla ekkert að slaka á

FORMÚLA-1 Spænski heimsmeistariinn Fernando Alonso segir að hann ætli sér ekkert að slaka á klónni en hann hefur borið höfuð og herðar yfir aðra keppendur í Formúlu-1 ári. Um helgina verður keppt á Indianapolis-brautinni í Bandaríkjunum en Alonso hefur unnið sex mót á árinu og hefur 25 stiga forskot á Michael Schumacher.

„Ég veit að ég get ekki leyft mér að slaka á. Ég mun halda áfram að leggja hart að mér en það er alveg ljóst að allt getur gerst. Það hefur gengið vel hjá mér hingað til en núna verð ég að halda þessu áfram, ég ætla mér svo sannarlega að gera það,“ sagði Alonso.

Alonso hefur unnið fjórar síðustu keppnir eftir að hafa verið á ráspól og er nú aðeins tveimur sigum frá því að jafna met Michaels Schumacher sem hann setti árið 2001. - hph

Leiðrétting:

Einkunnir víxluðust

FÓTBOLTI Þau mistök urðu við tæknivinnslu blaðsins í gær að einkunnir víxluðust hjá varnarmönnum og Kr-ingunum Gunnlaugi Jónssyni og Dalbor Pauletic fyrir leik liðsins gegn Val í fyrrkvöld. Hið rétta er að Pauletic fékk einkunnina 5 og Gunnlaugur 7 en ekki öfugt eins og stóð á síðum Fréttablaðsins í gær.

Eiður sagði nei við Real Madrid

Spænska íþróttablaðið Sport sendi blaðamann og ljósmyndara hingað til lands til að hitta landsliðsfyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen að máli. Í viðtalinu kemur fram að Eiður hafi neitað Real Madrid.

FÓTBOLTI Eins og margir vita er Eiður Smári Guðjohnsen staddur hér á landi þessa dagana í sumarfrí en æfingur með Barcelona, hans nýja félagi, hefjast eftir um hálfan mánuð. Blaðamenn spænska íþróttablaðsins Sport höfðu þó ekki meiri þolinmæði en svo að þeir sendu bæði blaðamann og ljósmyndara hingað til lands til að taka Eið Smára tali og birtist fyrsti hluti viðtalsins í gær. Eiður Smári er á forsíðu blaðsins undir fyrirsögninni: „Sagði nei við Madrid.“

Eiður segir að forráðamenn Chelsea hafi vakið máls á því í vetur, áður en Barcelona kom til sögunnar, að það gæti verið möguleiki fyrir hann að ganga til liðs við Real Madrid. „Ég sagði nei við því,“ sagði Eiður. Hann segir að Barcelona hafi verið sinn fyrsti kostur enda þekki hann liðið vel eftir fjórar viðureignir á tveimur árum.

Eiður Smári fer um víðan völl í viðtalinu og segir meðal annars að þó svo að hann og Claudio Ranieri, fyrrum þjálfari Chelsea, séu góðir félagar hafi þeir ekki alltaf verið sammála um knattspyrnuna. Því hafi hann oft setið á bekknum. En hann segir einnig að með Chelsea hafi draumur ræst þegar liðið varð enskur meistari.

„Nú dreymir mig um sigur í Meistaradeildinni. Og af hverju ekki? Fyrsti draumurinn rættist. Mér finnst að maður eigi að leyfa sér slíka drauma.“



SÁTTUR Eiði Smára var stillt upp fyrir framan ráðhúsið þegar ljósmyndari Sport á Spáni smelti af honum forsíðumyndina.

Óli Stefán Flóventsson verður frá næstu vikunna eftir að hafa kinnbeinsbrotnað:

Sama og gerðist fyrir Sigurbjörn

FÓTBOLTI Óli Stefán Flóventsson, leikmaður Grindavíkur, verður frá knattspyrnuvæðun næstu fjórar til sex vikunnar en hann kinnbeinsbrotnaði snemma í seinni hálfleik í leiknum gegn FH. „Mér var tjáð á sjúkrahúsinu að þetta væri nánast það sama og gerðist fyrir Sigurbjörn Hreiðarsson hjá Val. Þetta væri þó verra ef eitt-hvað væri því kinninn kýldist lengra inn,“ sagði Óli Stefán.

„Ég lenti í einhverju klafsi við Ásgeir Ásgeirsson, varnarmann FH, og datt einhvern veginn undir hann. Eftir það veit ég eiginlega ekkert hvað gerðist. Strákarnir vilja meina það að hællinn á honum hafi farið eitthvað í andlitið á mér, þetta var algjört slys. Ég ætlaði að halda áfram en sá allt tvöfalt þannig að það gekk

ekki. Um kvöldið var síðan nánast lokað fyrir augað og ég var kominn með svo mikinn hausverk að ég varð að láta líta á þetta.“

Óli Stefán mun missa af athlyglisverðum leik Grindvíkinga gegn ÍA eftir tæpa viku, einum bikarleik og leik gegn Fylki þann 18. júlí. Hann gæti þó verið kominn aftur í leikmannahópinn fyrir nágrannaslag gegn Keflavík undir lok júlí. „Ég var meiddur alveg fram að tímabili en var farinn að finna gamla formið þegar þetta gerðist. Maður verður að halda þessu við. Ég verð að vera hreyfingarlaus í viku en eftir það má ég hlaupa og sparka í bolta og svo fer maður með Magna í Sporthúsið,“ sagði Óli. - egm



KINNBEINSBROTINN Óli Stefán verður frá í fjórar til sex vikur.

Dwight Yorke finnst sú umræða um að setja Beckham á bekkinn skrítn:

Beckham á að eiga fast sæti

FÓTBOLTI David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins, hefur legið undir töluverðri gagnrýni og sumum knattspyrnuspekingum á Englandi finnst að hann eigi ekki skilið sæti í liðinu. Vilja þeir frekar sjá hinn spræka Aaron Lennon á kantinum. Dwight Yorke, sem var með Beckham hjá Manchester United á sínum tíma, hefur nú stigið fram honum til varnar og segir að Beckham ætti aldrei að vera skilinn eftir fyrir utan byrjunarlið enska landsliðsins.

„Becks er stórkostlegur leikmaður í mínum huga og hann ætti að eiga fast sæti í byrjunarliðinu. Mér finnst þessi umræða um að taka hann út úr liðinu í meira lagi skrítn. Að mínu mati er spyrnutækni hans helsta vopn Englands enda hafa flest mörk liðsins á mótinu til þessa komið eftir spyrnur frá honum,“ sagði Yorke.

Drátt fyrir að Beckham skoraði sigurmarkið í 1-0 sigri á Ekvador í sextán liða úrslitum hefur Beckham ekki sýnt sínar bestu hliðar á heimsmeistaramótinu til þessa. Yorke á fleiri fyrrum félagi á enska liðinu en bakvörðurinn Gary



VINIR Dwight Yorke er fyrirliði landsliðs Trínídad og Tóbago og hér heilsar hann David Beckham fyrir landsleikinn gegn Englandi á HM. NORDICPHOTOS/AFP

Neville lék einnig með honum hjá United á sínum tíma. Neville kemur aftur inn í byrjunarliðið gegn Portúgal í dag eftir meiddi.

„Gary hefur mikla reynslu og þekkir þessa stöðu vel. Hann kannast við sigurtilfinninguna, og hefur mikil og góð áhrif á liðsfé-

lagana. Ég er handviss um að það sé mikil ánægja innan liðsins með að fá hann aftur,“ sagði Yorke sem vonast eftir sigri Englands í dag. „Þetta verður tæpt og erfitt að spá fyrir um úrslit en ég held að það lið sem skori á undan nái að landa sigri,“ sagði Yorke. - egm



Á LEIÐ FRÁ HEARTS Hjálmar Þórarinnsson, fyrrum leikmaður Þróttar.

Hjálmar Þórarinnsson:

Til reynslu hjá AIK í Svíþjóð

FÓTBOLTI Þróttarinn Hjálmar Þórarinnsson er á leið frá Hearts sem hann gekk til liðs við fyrir átján mánuðum. Hjálmar, sem er tvítugur, hefur fengið aðeins fimm tækifæri í liði Hearts á þessum tíma en mikill styr hefur verið í kringum liðið sem vann sér þátttökurétt í Meistaradeildinni í vor. Hann hefur verið að æfa hjá AIK í Stokkhólmi síðustu daga.

„Ég væri spenntur fyrir sænsku deildinni en það er þó ekkert klárt eins og er,“ sagði Hjálmar. Líklegt er að Hearts væri til að sleppa Hjálmar á greiðslu sem gæti greitt götu hans. „Mig langar að prófa eitthvað nýtt enda mikið búið að breytast hjá Hearts á mínum tíma þar, bæði margir nýir leikmenn og nýr þjálfari.“ - esá

Sam Allardyce:

Vill halda í Ivan Campo

FÓTBOLTI Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton, vill ólmur halda Spánverjanum Ivan Campo í sínum röðum í að minnsta kosti tvö ár til viðbótar og gerir hann nú allt sem í sínu valdi stendur til að sannfæra Campo um að skrifa undir nýjan samning. Hinn 32 ára gamli Campo hefur spilað yfir 100 leiki fyrir Bolton og er einn vinsælasti leikmaður liðsins á meðal stuðningsmanna þess.

„Campo er mjög mikilvægur hluti af þessu liði og á mörg góð ár eftir í boltanum. Ég er mjög vongóður um að halda honum,“ sagði Allardyce. - vig



THEO WALCOTT Hefur tekið viðtöl við samherja sína í enska liðinu.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Theo Walcott:

Sáttur þótt hann spili ekki

FÓTBOLTI Hinn 17 ára gamli Theo Walcott, sóknarmaður enska landsliðsins í knattspyrnu, segir að reynsla sín á HM muni gera hann að betri leikmanni, hvort sem hann fái að spila eða ekki. Walcott hefur enn ekki fengið tækifæri hjá þjálfaranum Sven-Göran Eriksson og er ólíklegt að hann fái tækifæri þegar átta liða úrslitin eru hafin. Walcott er þó fjarri því að vera bitur og kveðst hafa notið hvernar einustu mínútu það sem af er.

„Mitt markmið er ennþá að spila í þessari keppni. Ég legg hart að mér á æfingum og reyni að sýna hvað í mér býr. Ég get ekki gert neitt meira,“ segir Walcott sem sjálfur er að gera einskonar heimildarmynd um upplifun sína. „Ég tek upp á myndavélina mína og segi frá liðan minni. Ég hef meira að segja tekið nokkur viðtöl við samherja mína,“ segir táníngurinn.

- vig



JERMAINE PENNANT Á leið frá Birmingham til Liverpool?
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Leikmannamál Liverpool:

Pennant í stað Alves?

FÓTBOLTI Rafael Benitez, stjóri Liverpool, beinir nú spjótum sínum að enska vængmanninum Jermaine Pennant í stað hins brasilíska Daniel Alves, að því er enskir fjölmiðlar sögðu frá í gær. Sagt er að Benitez sé búinn að fá sig fullsaddann af forráðamönnum Seville sem hafa sett allt of háan verðmiða á Alves.

Talið er að Pennant sé falur fyrir ekki meira en 500 milljónir króna en hann er á mála hjá Birmingham eftir að hafa verið lengst af sínum ferli hjá Arsenal, án þess að hafa náð að festa sig í sessi hjá Arsene Wenger.

- vig

Liverpool selur loks Cheyrou:

Cheyrou semur við Rennes

FÓTBOLTI Frakkinn Bruno Cheyrou er genginn til liðs við Rennes í heimalandinu fyrir óuppgafna upphæð. Þessi 28 ára leikmaður gengur til liðs við Rennes frá Liverpool en hann var keyptur til enska félagsins á 4,5 milljónir punda frá Lille þegar Gerard Houllier var þar við stjórnvölinn.

Miklar vonir voru bundnar við hann en hann náði sér aldrei á strik. Tvö síðustu tímabil hefur hann verið á lánsamningum hjá Marseille og Bordeaux en hefur nú loks losnað alfarið frá Liverpool. Hann spilaði 48 leiki fyrir Liverpool og skoraði fimm mörk.

- egm

Keflavík tekur á móti Lilleström í Intertoto-keppninni ytra í dag:

Prófsteinninn á íslenska knattspyrnu

FÓTBOLTI Klukkan 16.00 í dag mætast Keflavík og Lilleström á Åråsen Stadion í Noregi en hann tekur 12.250 manns í sæti. Leikurinn er fyrri viðureign liðanna í Intertoto keppninni. Gamla kempan Jan Åge Fjørtoft stýrir nú liði Lilleström sem er í öðru sæti norsku úrvalsdeildarinnar. Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, fer þó óragur inn í leikinn.

„Við erum með tvo leiki með þeim sem við erum að fara yfir auk þess sem við höfum fengið upplýsingar frá aðilum hér í Noregi. Við skoðuðum þá þó ekkert fyrir en eftir Blíkaleikinn en þeir spila 4-4-2 leikkerfið og við vitum

hvernig þeir leggja sinn leik upp. Þetta er hörkulið en við erum að greina núna hvernig þeir spila og slíkt,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, en hann var í óða önn að skoða myndbandsupptökur af norska liðinu þegar Fréttablaðið truflaði hann í gærmorgun.

„Ég lít svo á að þetta sé ákveðinn prófsteinninn á íslenska knattspyrnu. Að spila tvo leiki við topplið í Noregi gefur okkur innsýn í hvernig íslenski boltinn stendur miðað við liðin á Norðurlöndunum. Þetta er feikisterkt lið en þeir spila öðruvísi bolta en við. Þeir kyla boltann mikið fram og nota hávaxna leikmenn. Þá eru þeir

sterkir í föstum leikatriðum,“ sagði Kristján.

Hitinn í Noregi er víst mikill um þessar mundir og því verða aðstæður kannski ekki hinar bestu í 30 stiga hita í dag. „Það er glampanði sól og það er hreinlega erfitt að vera utandyra. Við munum bjóða upp á vatn í þúsundum lítra held ég og við erum þegar byrjaðir að setja í okkur nóg af vatni til að vera tilbúnir,“ sagði Kristján.

- vig

KRISTJÁN GUÐMUNDSSON Þjálfari Keflavíkur segir að leikirnir gegn Lilleström séu frábært tækifæri til að sjá hvar íslensk knattspyrna stendur.



SONY

48 tíma tilboð

KDL-32S2000K
32" Sony LCD sjónvarp

Verð
16.662 krónur

vaxtalaust* í 12 mán. eða
199.950 krónur staðgreitt

40.000
króna verðlækkun

KDL-40S2000K
40" Sony LCD sjónvarp

Verð
24.995 krónur

vaxtalaust* í 12 mán. eða
299.950 krónur staðgreitt

80.000
króna verðlækkun

Skerpa 1300:1
Betri svartur falletgri mynd

Svartími 8ms
Tryggir skarpar hreyfingar án draugs

Panill S-PVA
Litirnir haldast þó að horft sé á tækið frá hlið



50% afsláttur
ef keypt með nýju Sony LCD sjónvörpunum



RDR-HX710
Sony upptökutæki

Verð með HM tilboði
34.975 krónur

Verð áður 69.950,-

160GB
269 klst af fótbolta

FireWire
Ekkert mál að færa efni af tökuvel yfir á DVD

Pause live TV
Pásaðu lífandi leik ef sínn hringir

like.no.other™

Sony Center Krínglunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center



„PESSOTTO ER Í HJARTA OKKAR“ Ítalir í Tórinó eru harmi slegnir eftir slysið fyrr í vikunni og keppast við að senda Pessotto batakveðjur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Gianluca Pessotto:

Lífið hangir á blápræði

FÓTBOLTI Gianluca Pessotto, fyrrum leikmaður Juventus sem féll úr glugga í 15 metra hæð fyrr í vikunni, fór í sínu þriðju aðgerð í gær og segja læknar að líf hans hangi á blápræði. Pessotto hafði áður farið í aðgerð vegna skaða á mjaðmagrind en líkur eru á að Pessotto verði lamaður fyrir lífs-tíð, komist hann lífs af.

Hægri fóttur Pessotto er einnig afar illa farinn og margbrotinn og hafa læknar í Tórinó ekki ennþá útilokað að taka hann af. „Ástand hans er það sama og áður, stöðugt, en það má lítið út af bregða. Það er góðs viti að hann skuli ennþá tóra með okkur því að með hverjum deginum sem hann er stöðugur aukast líkurnar á að hann hafi þetta af,“ sagði Pierpaolo Donadio, yfirlæknir Molinette-spítalans í Tórinó. Talið er fullvíst að Pessotto hafi stökkið sjálfur út um gluggann. - vig



FABIO CAPELLO Vill hann vera með Juventus í Serie B eða Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni? NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Forráðamenn Juventus:

Vilja að Capello haldi áfram

FÓTBOLTI Nýr forseti Juventus, Cobolli Gigli, segir að félagið ætli að gera allt sem í sínu valdi stendur til að Fabio Capello haldi áfram sem knattspyrnustjóri liðsins, jafnvel þó að það verði dæmt niður í Serie B fyrir að hafa lagt á ráðin um úrslit leikja á síðustu árum, eins og fyrrum stjórnarmenn félagsins eru sakaðir um.

Capello hefur lengi verið oröður við endurkomu til Real Madrid en Gigli segir að forráðamenn Juventus vilji að Capello verði í forystu í uppstokkun félagsins á næstu árum. „Auðvitað fer þetta allt eftir því hvað hann sjálfur vill, en við viljum ólmir halda honum,“ sagði Gigli. - vig

Wimbledon-mótið í tennis:

Federer hafði fyrir sigrinum

TENNIS Besti tennisleikari heims, Roger Federer, þurfti að hafa fyrir því að leggja Frakkann Nicolas Mahut að velli á Wimbledon-mótinu í gær. Federer tapaði að vísu ekki setti en vann 6-3, 7-6 og 6-4. Til þessa hafði Federer ekki þurft að leggja sig mikið fram á mótinu en Mahut, sem er í 77. sæti á heimslistanum, veitti honum verögu samkeppni.

Annars vakti það athygli að Argentínumaðurinn David Nalbandian, fjórði sterkasti leikmaður mótsins, tapaði fyrir Spánverjanum Fernando Verdasco í gær, 7-6, 7-6 og 6-2. - esá

Gestgjafarnir ráku Argentínu heim

Það var mikil dramatík í Berlín í gær þegar Þýskaland vann Argentínu eftir vítaspyrnukeppni í 8-liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar. Markvörðurinn Jens Lehmann var hetjan í vítaspyrnukeppninni.

FÓTBOLTI Þýska landsliðið er komið í undanúrslit heimsmeistararamótsins en gestgjafarnir unnu sigur á Argentínunómnum í Berlín í átta liða úrslitum í Berlín í gær. Staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma og framlengingu og úrslitin réðust ekki fyrr en í vítaspyrnukeppni þar sem Jens Lehmann, markvörður Arsenal, reyndist hetjan en hann varði tvær spyrnur frá Argentínunómnum.

Fyrri hálfleikurinn í leiknum var hreint út sagt leiðinlegur áhorfs, þessi tvö lið höfðu spilað frábæran sóknarleik fyrr í keppninni en fóru í þennan leik af mikilli varkárni. Aðeins eitt teljandi færi leit dagsins ljós í fyrri hálfleiknum en þá skallaði Michael Ballack yfir úr góðu færi eftir fyrirgjöf Berndts Schneider.

Snemma í seinni hálfleik fékk Argentína hornsþyrnu og var það Juan Riquelme sem tók hana og hitti beint á kallinn á Roberto Ayala. Fyrsta markið var komið og færði það miklu lífi í leiknum, sem betur fer hugsuðu líklega margir. Argentína fékk færi til að bæta við marki, það besta þegar Maxi Rodriguez átti skot í hliðar-netið.

En þýska seiglan stóð undir nafni og á 80. mínútu kom jöfnunarmarkið en þá átti Ballack fyrirgjöf, Tim Borowski náði að breyta stefnu boltans og markahrókurinn Miroslav Klose skallaði hann í netið. Fallett mark hjá þýska liðinu en Klose var búinn að hafa



GRÍÐARLEGR FÖGNUMUR Liðsmenn þýska landsliðsins hlaupa hér í átt að Jens Lehmann eftir að sigurinn gegn Argentínu var tryggður með því að Lehmann varði vítaspyrnu Cambiasso. Á minni myndinni sjást Lehmann og Oliver Kahn fallast í faðma eftir leikinn, og svo virðist sem þeir séu orðnir mestu mátar. NORDICPHOTOS/AFP

hægt um sig fyrir þetta mark. Fleira markvert gerðist ekki í venjulegum leiktíma og við tók tíðindalítil framlenging. Bæði lið virtust bara vera að bíða eftir vítaspyrnukeppninni og þegar að henni kom voru það heimamenn sem höfðu heppnina með sér.

Þjóðverjinn Jens Lehmann, markvörður Arsenal, valdi rétt horn í öllum spyrnum Argentínu og náði að verja tvær þeirra. Ayala og varamaðurinn Esteban Cambiasso misnotuðu spyrnur sínar á meðan Þjóðverjar skoruðu af miklu öryggi úr sínum spyrnum. Lehmann var hetja Þýskalands en aðrir í liðinu sýndu frábæra frammistöðu og má þar sérstak-

lega nefna varnarmanninn unga Per Mertesacker sem leikur með Hannover en hann var gríðarlega sterkur í öftustu línu.

„Það var erfitt að lenda undir en við höfðum trú á því að við gætum komið til baka og það gerðum við,“ sagði Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Þýskalands.

„Það reyndi á taugarnar að



SLAGSMÁL Mikill hiti var í leikmönnum Argentínu eftir leikinn og brutust út slagsmál á vellinum eftir að Tim Borowski, sá er skoraði úr síðustu spyrnu Þjóðverja, ögraði Argentínunómnum með því setja fingurinn fyrir munn sinn. Oliver Bierhoff, fyrrum landsliðsmaður Þjóðverja, blandaði sér í slaginn og var heppinn að sleppa með hnefahögginn frá leikmönnum Argentínu. Ljótur blettur á leiknum sem á klárlega eftir að draga dilk á eftir sér. NORDICPHOTOS/AFP

8-liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar lýkur í dag:

Eriksson lofar sigri enskra gegn Portúgal

FÓTBOLTI Það verður nóg um að vera í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu í dag en á dagskrá eru tveir stórleikir í fjórðungsúrslitum. Annars vegar mætast lið Englands og Portúgals og svo liðin sem mættust í úrslitum HM árið 1998, Brasilía og Frakkland.

Öll liðin gera sér vitanlega vonir um sigur og segja að ekkert annað komi til greina. Eins og við var að búast fara enskir fjömiðlar hamförum í umfjöllun sinni um landslið sitt og hefur Sven-Göran Eriksson gengið svo langt að lofa sigri í leiknum. Portúgalar eru reyndar heldur lemstraðir eftir viðureign sína gegn Hollandi þar sem tveir leikmenn, Deco og Costinha verða í banni og þá er óvíst hvort Cristiano Ronaldo geti verið

með vegna meiðsla. Missti hann af æfingu með liði sínu í gær.

Líklegt þykir að Gary Neville verði orðinn klár í slaginn í dag og mun taka stöðu hægri bakvarðar. Owen Hargraves, sem lék í þeirri stöðu gegn Ekvador, heldur sæti sínu í byrjunarliðinu en á kostnað Michaels Carrick.

„Ég tel að það verði stund og staður þar sem leikmenn munu standa fyrir sínu og sá tími verður í dag,“ sagði Gary Neville.

Luis Felipe Scolari, þjálfari Portúgala, segist búast við jöfnum og miklum baráttuleik. Ég sagði leikmönnum að aðalatriðið væri að njóta leiksins. Njóta þess að vera komnir svo langt í keppninni og fá ánægju af því að spila.“

Brasilíumenn eru á ótrúlegri



SVONA Á AÐ GERA ÞETTA Luis Felipe Scolari sýnir sínum mönnum flotta takta á æfingu portúgalska landsliðsins í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

sigurgöngu í heimsmeistarakeppninni – hafa unnið ellefu leiki í röð en mæta nú liðinu sem vann þá síðast. Það var í úrslitaleiknum í HM 1998 er Frakkar fóru með sigur af hólmi. Og þó svo að Brasilíumenn séu af mörgum taldir


sigurstranglegr gefur Raymond Domenech, þjálfari Frakka, lítið fyrir það.

„Ég skil ekki þá umræðu. Í okkar augum er eina ásættanlega niðurstaðan sú að vinna úrslitaleikinn þann 9. júlí.“ - esá

HM í knattspyrnu 2006




8-liða úrslit



HM í knattspyrnu 2006



8-liða úrslit





VONBRIGÐI Esteban Cambiasso, skúrur Argentínnumanna í leiknum gegn Þýskalandi í gær, hágrét eftir að hafa látið Jens Lehmann verja frá sér í síðustu vítaspurnu leiksins. Liðsfélagar hans hugreystu hann og minntu hann á að það kemur önnur keppni eftir þessa. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



HÆTTUR Pekerman sagði af sér eftir leikinn. NORDICPHOTOS/AFP

Þjálfarinn Jose Pekerman:

Hætti í kjölfar tappsins í gær

FÓTBOLTI Jose Pekerman, þjálfari Argentínu, tilkynnti eftir leikinn í gær að hann væri hættur þjálfun argentínska landsliðsins. „Ég tel að ég komist ekki lengra með liðið og ætla því að hætta. Það er kominn tími fyrir Argentínu að fá nýjan þjálfara. Þetta lið er frábært og hefði átt að ná lengra í keppninni en mér tókst ekki að koma því þangað,“ sagði Pekerman en hann er 56 ára.

„Ég er stoltur af leikmönnum. Þeir gerðu sitt besta og spiluðu vel en þegar kemur að vítaspurnukeppni getur þetta farið hvoru megin sem er. Það er leiðinlegt að við komumst ekki lengra,“ sagði Pekerman en hann tók við þjálfun Argentínu í september 2004 eftir að hafa náð frábærum árangri með ungmennalandslið þjóðarinnar. - egm



FRÁBÆR Á HM Zokora er hér í baráttunni í leik gegn Argentínu. NORDICPHOTOS/AFP

Tottenham fær liðsstyrk:

Zokora búinn að skrifa undir

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarliðið Tottenham hefur tryggt sér miðjumanninn Didier Zokora, landsliðsmann Fílabeinsstrandarinnar. Þessi 25 ára leikmaður St. Etienne í Frakklandi spilaði hverja einustu mínútu með Fílabeinsströndinni á HM og hjálpaði þjóðinni einnig að ná öðru sæti í Afríkumóti landsliða. Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, er hæstánægður og segir leikmanninn eina skærustu stjörnu HM.

„Það voru mörg lið sem vildu fá hann, þetta eru frábær kaup,“ sagði Jol. Þessi kaup ýta stóðum undir þær sögusagnir að enski landsliðsmaðurinn Michael Carrick sé á leið frá White Hart Lane. Þar er Manchester United helst nefnt til sögunnar þó að forráðamenn Tottenham hafi neitað öllum fréttum hingað til. - egm

Þjóðverjar taka á móti Ítölum í undanúrslitum HM á þriðjudaginn:

Ítalir of sterkir fyrir Úkraínu

FÓTBOLTI Ítalir sýndu styrk sinn gegn Úkraínu í síðari leik 8-liða úrslita HM í gærkvöldi og unnu öruggan 3-0 sigur. Sigurinn var helst til stór miðað við gang leiksins en ítalska liðið nýtti sín færi mjög vel og er til alls líklegt í keppninni.

Svo virtist sem reynslulitir Úkraínnum hafi ekki alveg verið tilbúnir í slaginn þegar flautað var til leiks í Hamborg í gær því Ítalir byrjuðu með látum og komust yfir strax á 5. mínútu leiksins. Þar var að verki bakvörðurinn Gianluca Zambrotta með finu skoti fyrir utan teig. Eftir leikinn tileinkaði hann markið vini sínum Gianluca Pessotto, en hann liggur milli steins og sleggju á sjúkrahúsi í Tórrínó. Mörkin hefðu getað orðið fleiri í fyrri hálfleik en heppnin var með Úkraínnum.

Andriy Shevchenko og félagar í Úkraínu komu mjög vel stemmdir til leiks í síðari hálfleik og gerðu oft harða atlögu að marki Ítala á fyrsta stundarfjórðungi hans. Markvörðurinn Gianluca Buffon var hins vegar hindrunin sem þeir komust ekki fram hjá en hann varði í þriggja meistaralega. Til að fullkomna lánleysi Úkraínu



KOMINN Í GANG Luca Toni, markahæsti leikmaður ítölsku úrvalsdeildarinnar í vetur, skoraði tvö mörk í gær og virðist vera búinn að finna markaskóna. Hér sést hann fagna síðara marki sínu ásamt Simone Perotta. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

náðu Ítalir að auka forskotið, algjörlega gegn gangi leiksins, en þá skoraði Luca Toni með skalla á 58. mínútu. Þremur mínútum síðar bætti Toni síðan við öðru marki sínu og þriðja marki Ítala þegar hann batt endahnúttinn á fína sókn og segja má að þar með hafi úrslitin verið ráðin.

Ítalir spiluðu mjög vel lengst af, sérstaklega í fyrri hálfleik, og eru heldur betur búnir að af hrista af sér það orðspor að landslið

Ítalíu spili leiðinlegan fótbolta. Ljóst er að þjálfarinn Marcelo Lippi er að gera mjög góða hluti með liðið og er hann bjartsýnn á framhaldið. „Við erum komnir í undanúrslit sem var okkar markmið fyrir keppnina. En að sjálf-sögðu erum við ekkert hættir núna. Við erum einum leik frá úrslitaleiknum og ég tel okkur eiga helmings möguleika gegn Þýskalandi á þriðjudag,“ sagði Lippi eftir leikinn. - víg



8-liða úrslit:

| | |
|--|-----|
| ÞÝSKALAND-ARGENTÍNA | 1-1 |
| 0-1 Roberto Ayala (49.), 1-1 Miroslav Klose (80.). | |
| Þýskaland vann í vítaspurnukeppni, 4-2. | |
| ÍTALÍA-ÚKRAÍNA | 3-0 |
| 1-0 Gianluca Zambrotta (6.), 2-0 Luca Toni (59.), 3-0 Luca Toni (69.). | |

Þýskaland og Ítalía mætast í undanúrslitum HM á þriðjudaginn.

Francesco Totti:

Hafnaði tilboði frá Chelsea

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Francesco Totti segist hafa neitað boði frá ensku meisturunum í Chelsea um að ganga til liðs við félagið. Totti er fyrirliði Roma á Ítalíu og hefur oft sagst ekki ætla að spila fyrir neitt annað ítalskt lið.

„Chelsea bauð mér fullt af peningum en ég sagði nei. Ég er ekki mikill aðdáandi fótboltans í Englandi og ætla aldrei að spila þar, sama hve há upphæð er í boði,“ sagði Totti.

Þrátt fyrir að Totti hafi neitað tilboði Chelsea hefur félaginu nýverið tekist að klófesta aðra stjörnu úr ítalska boltanum, Andriy Shevchenko frá AC Milan. - egm

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö

Kr 2.690.000 eða


Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispuði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

LÝSING



Með bílinn handa þér



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarleg greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Don't stand in the way of my actualization as a man.“

Svar: Lotte Schwartz úr kvikmyndinni Being John Malkovich árið 1999.

dagskrá



Í TÆKINU: BRAD PITT LEIKUR Í THE DEVIL'S OWN Í SJÓNVARPINU KLUKKAN 22.00

Má ekki fara til Kína

William Bradley Pitt fæddist í Oklahoma 18. desember árið 1963 og eru foreldrar hans enskættaðir baptistar. Í miðskóla var Brad virkur þátttakandi í íþróttum, rökræðukeppnum, nemendastjórnnum og skólasöngleikjum. Eftir útskrift fór hann í blaðamannanám í háskóla í Kólumbíu og átti aðeins hálf ár eftir þegar hann flutti til Hollywood í leit að stóra tækifærinu. Á meðan Brad þreifaði fyrir sér í leiklistinni starfaði hann meðal annars sem bílstjóri, húsgagnaflutningamaður og lukkudýr fyrir veitingahúsa-keðjuna El Pollo Loco. Í lok níunda áratugarins var Brad farinn að leika í þáttum svo sem Dallas, Thirtysomething og 21 Jump Street og árið 1988 var honum boðið fyrsta kvikmyndahlutverkið í myndinni The Dark Side of the Sun. Árið 1991 lék Brad í myndinni Thelma & Louise, sem varð vinsælasta mynd þess árs og eftir hlutverk sitt í Interview With a Vampire var hann orðinn viðurkenndur sem ein af Hollywood-stjörnumum. Árið 1995 var Brad valinn í hóp 25 kynþokkafyllstu stjarna kvikmyndasög-

unnar af Empire-tímaritinu. Hann hefur einn-tvisvar verið valinn kynþokkafyllsti maður heims af People-tímaritinu. Árið 1997 lék Brad í myndinni Seven Years in Tibet sem fjallaði um innrás Kína í Tibet og fyrir vikið má hann aldrei stíga fæti aftur inn í Kína. Á níunda áratuginum var Brad langtímasambandi með Gwyneth Paltrow en árið 2000 giftist hann Jennifer Aniston. Þau skildu fimm árum síðar og tók þá Brad saman við Angelinu Jolie. Í lok má eignuðust þau dótturina Shiloh Nouvel Jolie-Pitt sem fæddist í Namibíu. Brad hefur barist fyrir ýmsum málefnum svo sem aðstoð við Afrikuríkin einkum við að uppræta eyðnisjúkdóminn. Ólíkt mörgum stjörnum er hann óflokksbundinn og hefur starfað með báðum flokkum í baráttunni gegn fátækt, sjúkdómum og umhverfisvandamálum.



Þrjár bestu myndir Brads: Snatch (2000) - Fight Club (1999) - Se7en (1995)

▶ 22.00
Spenna
THE DEVIL'S OWN

▶ 23.05
Spenna
AFTER THE SUNSET

▶ 22.40
Gaman
JAKE IN PROGRESS

▶ 20.30
Gaman
KELSEY GRAMMER SKETCH SHOW

▶ 10.10
Umræða
ÓÞEKKT

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára 8.06 Bú! 8.17 Lubbi læknir 8.30 Bitte nú! 8.54 Sigga lígga lá 9.07 Sögurnar okkar 9.17 Matta fósra og imynduðu vinir hennar 9.40 Gló magnaða 10.02 Spæjarar 10.25 Latibær 10.50 Kastljós 11.20 Hlé

14.30 Landsmót hestamanna 15.45 Fót-boltaæði 16.10 Íþróttakvöld 16.25 Formúlu-kvöld 16.50 Formúla 1 18.15 Táknmálsfréttir

18.30 **Hope og Faith (55:73)** Bandarísk gamanþáttaröð.
18.54 **Lottó**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.40 **Fjölskylda mín (12:13)**
20.15 **Heimflugid (Fly Away Home)** Bandarísk fjölskyldumynd frá 1996 um feðgin í Kanada sem taka að sér yfirgefna gæsarunga og hjálpa þeim suður á bóginn þegar vetur gengur í garð.
▶ 22.00 **Undir fölsku flaggi (The Devil's Own)** Bandarísk spennumynd frá 1997. Lög-reglumaður kemst að því að maður sem er gestur á heimili hans er hryðjuverkamaður úr írsku lýðveldis-hernum. Meðal leikenda eru Harrison Ford, Brad Pitt, Margaret Colin, Rubén Blades, Natascha McElhone og Julia Stiles. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

23.50 Öll nótt úti 1.30 Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

7.00 Pingi 7.05 Andy Pandy 7.10 Yoko Yakamoto Toto 7.15 Engie Benjy 7.25 Ruff's Patch 7.35 Töfravagninn 8.00 Barney 8.25 Kær-leiksbirnir 8.40 Gordon the Garden Gnome 9.10 Animaniacs 9.35 Leðurblókumaðurinn 9.55 Kalli kanina og félagar 10.20 George and the Dragon

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Bold and the Beautiful 13.40 Bold and the Beautiful 14.05 Idol – Stjómuleit 15.00 Idol – Stjómuleit 15.25 William and Mary 16.10 Monk 16.55 Ólagadagurinn 17.25 Martha 18.12 Íþróttaféttir

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.00 **Íþróttir og veður**
19.05 **Lottó**
19.10 **My Hero (Hetjan mín)** Breskir gamanþættir fyrir alla fjölskylduna.
19.40 **Oliver Beene (10:14)**
20.05 **Það var lagið**
21.15 **Hope Floats (Vonarneisti)** Birdee Pruitt kemst að því í beinni útsendingu í sjónvarpsþætti Tonis Posts að eiginmaður hennar og besta vinkona hafa átt í ástarsambandi. Hún flýr á heimaslóðir sínar í Texas með dóttur sína og leitar huggunar hjá móður sinni. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Sandra Bullock, Harry Connick Jr. Leikstjóri: Forest Whitaker. Leyfð öllum aldurshópum.

▶ 23.05 **After the Sunset (Bönnuð börnum)** 0.40 **Silver Streak (Bönnuð börnum)** 2.30 **Sex and Bullets 3.55 Threshold (Stranglega bönnuð börnum)** 5.20 **Oliver Beene (10:14) (e)** 5.45 **Fréttir Stöðvar 2** 6.30 **Tónlistar-myndbönd frá Popp TÍVÍ**

SIRKUS TV

18.30 **Fréttir NFS**
19.00 **Friends (4:17) (e)**
19.30 **Friends (5:17) (e)**
20.00 **Þrándur blogger (3:5) (e)**
20.30 **Sirkus RVK (e)**
21.00 **Sailesh á Íslandi (e)** Dávaldurinn Sailesh hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi. Bönnuð börnum.
21.50 **Killer Instinct (5:13) (e)** Bönnuð börnum.
▶ 22.40 **Jake in Progress (6:13)** (Loose Thread) Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkid rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málinum. Vandamálín eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinanna.

23.05 **Sushi TV (3:10) (e)** 23.30 **Stacked (3:13) (e)** 23.55 **Bootmen (e)**

SKJÁREINN

12.45 **Dr. Phil (e)** 15.00 **Point Pleasant (e)** 15.45 **One Tree Hill (e)** 16.45 **Courting Alex (e)** 17.15 **Everybody Hates Chris (e)** 17.45 **Everybody loves Raymond (e)** 18.15 **South Beach (e)**

19.00 **Beverly Hills 90210** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
19.45 **Melrose Place**
▶ 20.30 **Kelsey Grammer Sketch Show** Bráð-fyndin sketsaþáttur þar sem Kelsey Grammer fer á kostum.
21.00 **Run of the House** Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum. Það mætti halda að þetta væri draumastaða fimmán ára unglingsstelpu, en svo er þó ekki. Eldri systkini hennar ráða öllu á heimilinu, og hafa öll mismunandi hugmyndir um hvað sé Brooke fyrir bestu.
21.30 **Obsessed** Dramatísk spennumynd um unga konu sem reynir að fá sig lausa úr fangelsi.

23.00 **The Bachelorette III (e)** 23.50 **Law & Order: Criminal Intent (e)** 0.40 **Wanted (e)** 1.30 **Beverly Hills 90210 (e)** 2.15 **Melrose Place (e)** 3.00 **Tvöfaldur Jay Leno (e)**

NFS

10.00 Fréttir
▶ 10.10 Óþekkt 11.00 Fréttavikan

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Skaftahlíð 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes 13.10 Óþekkt 14.00 Fréttir 14.10 Fréttavikan 15.10 Skaftahlíð 15.45 Hádegisviðtalið 16.00 Fréttir 16.10 Víkuskammturinn 17.10 Óþekkt 18.00 Veðurféttir

18.30 **Kvöldfréttir**
19.10 **Fréttavikan**
20.10 **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir viðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Emir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
21.00 **Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
21.35 **Víkuskammturinn** Samantekt með áhugaverasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
22.30 **Kvöldfréttir**

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin í h

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 **Big Fish** 8.00 **Vatel** 10.00 **The Commitments (e)** 12.00 **Cat in the Hat, The** 14.00 **Big Fish** 16.00 **Vatel** 18.00 **The Commitments (e)** 20.00 **Cat in the Hat, The** (Kötturinn með höttinn) Litrík og skemmtileg kvikmyndagerð á sigildri sögu eftir Dr. Seuss um Köttinn með höttinn. Aðalhlutverk: Mike Myers, Kelly Preston, Alec Baldwin. Leikstjóri: Bo Welch. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
22.00 **Ladder 49** (Barist við elda) Dramatísk og spennandi stórmynd með John Travolta og Golden Globe-verðlaunahafanum Joaquin

Phoenix í hlutverki slökkviliðsmanna sem helgað hafa líf sitt báraðunni gegn eldnum. Phoenix leikur ungan slökkviliðsmann sem kemst undir verndarvæng gamalreyns slökkviliðsmanns, leikinn af Travolta. Aðalhlutverk: John Travolta, Joaquin Phoenix, Jacinda Barrett. Leikstjóri: Jay Russell. 2004. Bönnuð börnum. 0.00 **Harley Davidson and the Marlboro Man (Stranglega bönnuð börnum)** 2.00 **Antwone Fisher (Bönnuð börnum)** 4.00 **Ladder 49 (Bönnuð börnum)**

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 **E! News** 12.30 **The Daily 10** 13.00 **Child Star Confidential** 13.30 **10 Ways** 14.00 **THS Simon Cowell** 15.00 **THS American Idol: Girls Rule** 16.00 **THS That '70s Show** 17.00 **Child Star Confidential** 17.30 **10 Ways** 18.00 **E! News Weekend** 19.00 **THS Tara Reid** 20.00 **THS Tori Spelling** 21.00 **Sexiest** 22.00 **Girls of the Playboy Mansion** 22.30 **Girls of the Playboy Mansion** 23.00 **Wild On Tara** 23.30 **Wild On Tara** 0.00 **THS Tara Reid** 1.00 **THS Tori Spelling** 2.00 **Wild On Tara**

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

RÉTTUR FYRIR PIÐ. Kjörís

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Formúlukvöld

Sjónvarpið kl. 16.25

Þrautseigur formúlumaður

Í þættinum Formúlukvöld ræðir Gunnlaugur Rögnvaldsson við Frank Williams, eiganda Formúluliðsins Williams, um líf hans og starf í Formúlu 1. Hann þótti sýna mikið þrekvirki að halda áfram sem framkvæmdastjóri keppnislíðs síns eftir að hafa lamast í bílslysi 1986. Williams-liðið hefur unnið 9 meistaratitla bílasmiða og 7 titla öikumanna. Liðið mun keppa á Indianapolis-brautinni í Bandaríkjunum um helgina og verða tímatökur í dag en kappaksturinn sjálfur á morgun.



Í þættinum verður einnig rætt við Sverri Þóroddsson sem er góður vinur Frank Williams, en þeir kepptu á árum áður saman í Formúlu 3.

HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS



Hilmar Björnsson


8 liða úrslit

■ SÝN kl. 15.00 England - Portúgal 3-1 (e. framlengingu)

David Beckham kemur Englandi til bjargar enn og aftur á ögurstundu og jafnar metin á lokamínútu venjulegs leiktíma, þegar staðan verður 1-1. Wayne Rooney fer á kostum í framlengingunni og tryggir Englandi sigur með tveimur mörkum. Lokastaða 3-1 í sögulegum leik.

■ SÝN kl. 19.00 Brasilía - Frakkland 2-1

Eitt besta sóknarliði allra tíma (Brassarnir) mætir frábæru varnarliði (Frökkum). Brassarnir eru við það að detta út eftir að Henry kemur Frökkunum yfir. Ronaldo jafnar metin þegar 10 mínútur eru til leiksloka og Ronaldinho gaddrar fram sigurmark í uppbótartíma. Lokatölur 2-1 fyrir heimsmeistarana.



ENGLAND - PORTÚGAL

SÝN

8.30 Motorworld 9.00 KB banka mótaröðin í golfi 200 10.00 HM 2006 11.45 HM 2006

13.30 4 4 2 14.30 HM stúdíó ► 15.00 HM 2006. England - Portúgal. Bein útsending. 17.00 HM stúdíó 17.30 US PGA í nærmynd 18.00 Stjörnugolf 2006

18.30 HM stúdíó Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.

19.00 Brasilía - Frakkland (Winner 55 - Winner 56) Bein útsending frá síðasta leiknum í átta liða úrslitum á HM í Þýskalandi.

21.00 4 4 2 (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspymulistinni.

22.00 HM 2006 (England - Portúgal) Útsending frá þriðja leik í átta liða úrslitum á HM í Þýskalandi.

23.45 HM 2006

RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 8.05 Músík að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.05 Veðurfreginir 10.15 Landbúnaður á krossgötum 11.00 Vikulokin 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Teygjan 14.40 Sjó dagar sælir 15.30 Með laugardagskaffinu 16.10 Leikkonan Anna Borg 17.05 Til allra átta 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Parisardraumar 19.00

Kringum kvöldið 19.30 Stefnuþing 20.15 Jónsmessa 21.05 Bassajöfur Norðursins: Land, þjóð og tónar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Uppá teningnum 23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntonar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

16.08 Geymt en ekki gleymt 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9



9.00 Gullí Helga

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ivar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

VARNARLIÐSSALA

GEYMSLUSVÆÐISINS

OPNAR Í DAG

laugardaginn 1. júlí

Í Blómavalshúsinu að Sigtúni 40

Herinn er að fara og nú þarf að selja allt sem eftir verður.
Opnum sölu á eignum Varnarliðsins í gamla Blómavali að Sigtúni 40 í Reykjavík.
Verslunin verður opin alla daga vikunnar fram á haust
- eða þar til allt hefur selst.

Úrvalið er ótrúlegt:

sófar - varahlutir - skrifstofustólar - rúm - ljósmyndir
tölvur - borðstofuboð - flugvélapartar - leikskólastólar
skrifborð - eldhúsborð - lazyboy stólar - bílar - landslagsmyndir
húsgögn fyrir veitingastaði - skápar - náttborð - eldhússtólar
stólar fyrir samkomusali - stálskápar - leðursófar - verkfæri
sjónvarpsskápar - húsbúnaður - varahlutir - prentarar - skannar
hermannaskór - eldhúsborð - geymsluskápar - dekk - tússtöflur
hermannaaxlabönd - skjávarpar - töskur - kómmóður - dýnur
rúmgaflar - speglar - verkfærakassar - staflanlegir stólar
og fleira og fleira...

Komið og gerið góð kaup

Opið: Laugardaga: 10:00 - 18:00
Sunnudaga: 12:00 - 18:00
Virka daga: 10:00 - 18:00



HRÓSIÐ

...fjá eigendur Hótel Rangár sem hefur verið valið sem sögusvið í vinsælum breskum sjónvarpsþætti.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT 2 báru að 6 guð 8 frostskemmdir 9 fiskur 11 tveir eins 12 skrefa 14 vinna 16 í röð 17 snúningshraði 18 þrónavarningur 20 skyldir 21 einsöngur í óperu.

LÓÐRÉTT 1 fituskán 3 klafi 4 mýralkalda 5 hár 7 nakinn 10 hlé 13 starfsgrein 15 fimur 16 árkvíslir 19 ætíð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 komu, 6 ra, 8 kal, 9 áll, 11 áll, 12 klöfa, 14 starf, 16 áb, 17 gr, 18 les, 20 að, 21 arfa.
LÓÐRÉTT: 1 brak, 3 ok, 4 malara, 5 ull, 7 allsbær, 10 lof, 13 fag, 15 frá, 16

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Ingimundur Friðriksson.
- 2 Kúveit.
- 3 Vestmannaeyjum.

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

NÚNA

Ökklastígvél Stígvél sem ná upp að ökkla eru góður kostur þegar opnir hælaskór eru of kaldir en hærri stígvél eru of vetrarleg. Ökklastígvélir eru flott við niðurmjóar gallabuxur sem eru svo vinsælar í dag.



Hnésokkar Hnésokkar eru kynþokkafullir og passa vel við pils og kjóla sumarsins. Hnésokkarnir eru til í ýmsum litum og það er um að gera að nota þá yfir svartar sokkabuxur til að lífga upp á útlitið.



Svart Svart er alltaf klassískt en nú er svo komið að sum arbrúðkaupin eru stúfúll af svartklæddum konum. Áður fyrr þótti það við hæfi að klæðast ljósu á slíkum hamingjudögum og því er svart aldeilis í sókn þessa dagana.



Palliettubelti Breiðu palliuttubeltin voru vinsæl um jólin en nú eru þau orðin verulega þreytt. Í dag má helst sjá þau á unglingsstúlkum í svo stuttum gallapilsu að beltin ná yfir helminginn af þeim.



Keane Hljómsveitin sló í gegn með fyrstu plötu sinni en nýja plata Keane fellur í grýttan jarðveg hjá flestum. Hljómsveitin gæti hlotið sömu örlög og aðrar hljómsveitir sem standa ekki undir væntingum eftir fyrstu plötuna.



Langar neglur Hvort sem um er að ræða gervineglur eða náttúrulegar neglur er málið að hafa þær kassalaga og ekki of langar. Mjög rúnnaðar og langar neglur eru bara fyrir norri.



SVEPPI Sjónvarpsmaðurinn góðkunnur mun hafa umsjón með barnaefni Stöðvar 2 næsta vetur. Auk þess leikur hann líka í Búbbunum, nýjum brúðupáttum.

SVEPPI: LEIKUR Í BÚBBUNUM OG SÉR UM BARNAEFNIÐ Á STÖÐ 2

Erfitt að feta í fótspor Afa

Sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, stendur á tímamótum. Í vikunni var síðasti þáttur Strákanna á dagskrá og í haust fer hann í ný verkefni á vegum Stöðvar 2. Sveppi verður í Búbbunum, nýjum brúðupáttum, og svo er honum ætlað að taka við umsjón barnaefnis Stöðvar 2 af Afa sem Örn Arnason hefur sinnt frá því stöðin fór í loftið.

„Þetta er í raun allt á frumstigi. Afi er að hætta og það er stefnt að því að ég taki við af honum,“ sagði Sveppi þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Þá var sjónvarpsmaðurinn staddur á sundlaugarbakka á hóteli á Ítalíu, í fríi með fjölskyldunni. Hann segir að farið verði í að móta betur hugmyndir um þetta þegar hann snýr aftur úr sumarfríi. „Afi hefur verið á dagskrá í um 20 ár og það verður því

erfitt að feta í fótspor hans,“ segir Sveppi.

Sveppi er mjög spenntur fyrir Búbbunum, nýjum brúðupáttum sem verða sýndir í haust. Þar vinnur hann bæði að handritsgerð og kemur fram í þáttunum. „Þetta er mjög spennandi verkefni og á hug minn allan eins og staðan er núna. Margt frábært fólk kemur að þáttunum eins og Jói G úr Stundinni okkar, Björgvin Franz, Villi Goði, Gísli Rúnar og Bragi Þór í Hreyfimyndasmiðjunni sem framleiðir þættina,“ segir Sveppi sem vonast til þess að fá að stjórna einhverjum brúðum sjálfur. „Það er samt mjög erfitt að stjórna þessum brúðum, það hafa allir verið að þjálf handleggina á sér því það er ekkert grín að halda höndunum á lofti í langan tíma.“

Aðspurður segir Sveppi að til standi að gera um 20 þætti af Búbb-

unum ef allt gengur að óskum. Tökur á þáttunum eru hafnar og sýningar hefjast í haust. „Þetta er mjög stórt verkefni þó að brúðurnar séu litlar,“ segir Sveppi og hlær. Sveppi sló í gegn í Kalla á þakinu í vetur og virðist það hafa hjálpað til við að honum er falið þetta verkefni. „Það felst mikil áskorun í því að sinna börnum því þau eru hörðustu gagnrýndurnir. Ef þeim líkar eitthvað illa þá slökkva þau bara á sjónvarpinu og fara.“

Sjálfur er Sveppi orðinn faðir og hann útilokar ekki að hann hafi mýkst nokkuð í kjölfar þess. „Það hefur ábyggilega eitthvað að segja. Ég verð líka að viðurkenna að ég er orðinn mýkri með aldrinum. En svo finnst mér líka bara svo gaman að skemmta börnum. Þess vegna hlakka ég mikið til næsta vetrar.“

hdm@frettabladid.is

FÓLK Í FRÉTTUM

Það verður líf og fjör í náminu Fræði og framkvæmd sem kennt er í leiklistardeild Listaháskóla Íslands en meðal nýnema þar verður Hafnfirðingurinn **Simon Örn Birgisson**, fyrrverandi blaðamaður á DV og núverandi starfsmaður NFS. Simon Örn er þó ekki eini Hafnfirðingurinn sem leggur stund

á Fræði og framkvæmd því um áramót munu **Laufey Elíasdóttir** og **Gunnar Björn Guðmundsson** koma inn í bekkinn en þau eru nú í árs námsleyfi. Laufey tók sér frí frá námi og hefur meðal annars verið að leika í nokkrum auglýsingum og leikriti eftir kærasta sinn Jón Atla Jónsson en Gunnar Björn

ætlar að nýta leyfið í tökur á kvikmyndinni Astróþía. Laufey á ekki langt að sækja leiklistarhæfileikana en hún er systir Sóleyjar Elíasdóttur leikkonu. Laufey var þar að auki eitt sinn söngkona í pönkhljómsveitinni PPPönk sem lagði upp laupana fyrir nokkrum árum.

Tónleikar Ham á Nasa á fimmtudagskvöldi voru afar vel sóttir. Margir gestanna var fólk úr tónlistarbransanum. Þarna mátti til að mynda sjá þau Einar „sonic“ Kristjánsson og **Ester „Bíbi“ Ásgeirsdóttir** úr Singapore Sling og Þorgeir Guðmundsson, fyrrum bassaleikara þeirrar sveitar. Auk þess mátti sjá Ottó Tynes, Árna Þór Jónsson auglýsingaleikstjóra og **Brynhildi Guðjónsdóttur**

leikkonu. Eins mættu Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, nýir þjálfarar knattspyrnu ÍA, í félagi við veitingamennina Kor-mák Geirharðsson og Skjöld Sigurjónsson.

- kh / hdm



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, VILLTUR LAX, SKÖTUSELUR og KEILA



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

Nær bestu helgum sumarsins

„Ég kom á miðvikudagskvöldið og brunaði þá bara beint á Landsmót hestamanna. Þetta er stutt stopp fram á sunnudag þannig að ég verð fyrir norðan allan tímann,“ segir Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, Ungfrú heimur.

Unnur hefur verið á flakki um heiminn en var síðast hér á landi í byrjun júní. Hún hefur meðal annars farið til Wales, Póllands og Þýskalands þar sem hún horfði á fótboltaleik í boði Hyundai-bíla-umboðsins. „Það var alveg geggj að fara á leikinn enda stemningin ólýsanleg.“ Þaðan lá leiðin til Zürich í Sviss þar sem Unnur Birna var beðin um að kynna tískusýninguna Avant Garde fyrir fatahönnuðinn Valentino. Hann heldur svona sýningu árlega þar sem



UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR Er stödd hér á landi fram á sunnudag og verður allan þann tíma í faðmi fjölskyldunnar á Landsmóti hestamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

hann býður til sín fatahönnuðum og hárgreiðslufólki víðs vegar að í heiminum. „Ég hélt að þetta yrði auðvelt verkefni en svo reyndist ekki vera. Ég var alein að kynna fyrir framan tvö þúsund manns og

þetta var tekið upp og verður sýnt um alla Evrópu.“

Unnur fær lítið frí í sumar en svo heppilega vill til að hún fékk að koma heim sömu helgina og Landsmótið var haldið. Næst kemur hún um verslunarmannahelgina þar sem hugmyndin er að fara í langa hestaferð. „Ég er alveg ótrúlega ánægð með að ná þessum aðalhelgum sumarsins á Íslandi vegna þess að ég ræð engu um það hvenær ég fer í frí.“ Unnur er fyrir norðan í faðmi fjölskyldunnar enda öll mikið hestaáhugafólk. Hún hefur sjálf keppt á Landsmótinu síðan hún var lítil en getur ekki tekið þátt í ár enda ekkert búin að þjálf í vetur. „Ég er bara svo ánægð að vera hér núna og ætla að njóta mín í botn,“ segir Unnu Birna hlæjandi.

- áþ

STÓRÚTSALA

REGATTA 
GREAT OUTDOORS™

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 10 - 18
sunnud. 13-17

50-80%
afsl.

  **ÚTIVIST & SPORT**

verslanir / hópa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Súpermann

Fyrir ári heyrði ég af manni sem var að gera sér glaðan dag 17. júní og ákvað af einhverjum orsökum að vera í Súpermannbúningi. Sem hann stóð í búningnum við Bæjarins bestu tók hann eftir því að maður með sólgleraugu, borgaralega klæddur, var farinn að líta ótæpilega til hans. Þegar þessi skuggalegi maður byrjaði að tala inn í úlniðinn á sér, eins og menn í erlendum hasarmyndum gera, var enginn vafi lengur í huga Súpermanns: Hér var á ferðinni leyniþjónustumaður og hann var að fylgjast með honum.

LÖGGAN var einmitt að fara á límingunum á þessum tíma út af náttúruverndarsinum. Kannski var Súpermann talinn náttúruverndarsinni? Önnur manneskja, kunnug málum, sagði mér eitt sinn að eftir 11. september 2001 væru öryggisverðir og lögregluþjónar margir farnir að pressa búninga sína og herða bindishnúttana meira en góðu hófi gegndi í friðsælu lýðræðisríki. Allt ber þetta tal að sama brunni: Í fimm ár samfleytt hafa öfgamenn reynt að hræða þjóðina í átt til æ meiri ráðstjórnar, leynimakks og fasisma í skjóli hræðsluáróðurs um hryðjuverk. Tilgangur slíks áróðurs er að mylja undir þá sjálfa völd.

EINU sinni vildi tiltekinn hægri-öfgamaður í ráðherrastétt stofna hér her. Væntanlega hafa hetjudáðir Víkingasveitarinnar við að afvopna fulla karla með hárpurrkur sannfært hann um nauðsyn herliðs. Nú berast fregnir af því að þessi maður vilji stofna leyniþjónustu. Gott og vel, segi ég. Kannski þurfum við njósnara. Ég sé nefnilega hætturarnar við lýðræðið og þjóðaröryggi hvarvetna.

MUN leyniþjónustan komast að því hvert raforkuverðið er til stór-íðju á Íslandi, sem fyrirtæki í opinberri eigu hafa samið um? Mun hún grennslast fyrir um það hvort ólögleg fangaflug hafi farið gegnum íslenska lofthelgi? Mun hún grafa upp bókhald stjórnmalaflokkanna? Mun hún hlera símtöl ráðherra til þess að komast að því hvort það sé virkileg rétt að þeir skipti sér ítrek að af störfum sjálfstæðra eftirlitsstofnana og ritstjórnnum fjölmiðla? Mun hún grennslast fyrir um það hvort rétt sé að tilteknir stjórnmalamenn hafi hagnast ótæpilega á lagasetningum og einkavæðingu sem þeir voru sjálfir hvatamenn að? Mun hún skoða hvort almennir borgarar gjaldi fyrir skoðanir sínar með duldu hefnaaðgerðum af hálfu ráðamanna og opinberra fyrirtækja?

ÉG held að þjóðaröryggisdeildin muni ekki stuðla að öryggi þjóðarinnar heldur verður henni fyrst og fremst ætlað að stuðla að öryggi valdamanna frá þjóðinni. Þetta er einmitt munurinn á Súpermann og leyniþjónustumanni. Þarna stóðu þeir tveir við Bæjarins bestu þann 17. júní. Sá fyrri hjálpar fólkinu og vinnur í þágu almennings. Hin fylgist með fólkinu og passar að það ógni ekki valdamönnum. Og það er sama hvað dómsmálaráðherrann segir um að nú eigi að vernda borgarana með njósna-deild og stuðla að öryggi. Eftir stendur að hann er enginn Súpermann og verður aldrei.

Sumarið er hér!

295,-
VINBÄR blómapottur
Ø14 x H13 cm 295,-

1.490,-
BEUCARNEA planta 100 cm

FÅGELÖ skreyting/fugl
54 cm 50,-

SOMMAR blómapottur
22x22x17 cm 350,-

195,-
ODLA bakki og þrjár pottar
30x10x7 cm

MYNTA blómapottur
Ø37xH30 cm 550,-
MYNTA undirskál
Ø28 cm 250,-

SOMMAR blómakassi
56x24x18 cm 390,-

195,-
VILDBÄR úðabrúsi
ýmsir litir 0,5 l

ÖRT glerskápur/gróðurhús
80x185x30 cm 9.900,-

BJURÖN blómapottur
16x16x13 cm 390,-

AGEN baststóll 2.790,-

490,-
Sumarréttur
Kjúklingalæri með kúskús,
steiktu grænmeti og
BBQ jógurtsósu
IKEA Restaurant

DREKATRÉ 1.690,-
SALT blómapottur
Ø28xH27 cm 790,-

IKEA/PS VÄLLÖ
garðkanna 1,2l 165,-